

**RANNSÓKNARLÖGREGLA RÍKISINS**

**Mál nr. 2875/79**

**Kæruefni :**

**Rannsókn á ætluðu harðræði**

**Kærandi :**

**Sævar Marinó Ciesielski**

**RANNSÓKNARLÖGREGLA RÍKISINS**

**Mál nr. 2875/79**

**Kæruefni :**

**Rannsókn á ætluðu harðræði**

**Kærandi :**

**Sævar Marinó Ciesielski**

Mál nr. 2875/79

## SKJALASKRÁ

Kærandi:

Sævar Marinó Ciesielski, f. 6. júlí 1955

í Árnessýslu, nnr. 8834-8869.

Kæruefni:

Rannsókn á ætluðu harðræði.

1	Bréf ríkissaksóknara dags. 23.8. 1979 ásamt fskj.
2	Skipunarbréf dóms- og kirkjumálaráðuneytisins dags. 30.5. 1979 ásamt ljósriti.
3	Bréf skip. rannsóknarlöggreglustjóra til ríkissaksóknara dags. 9.8. 1979.
4	Bréf Jóns Oddssonar, hrl. til ríkissaksóknara dags. 6.3. 1979 ásamt skýrslu RLR af ákærða Sævari Ciesielski dags. 6.4. 1979.
5	Bréf Jóns Oddssonar, hrl. dags. 7.5. 1979 til vararannsóknarlöggreglustjóra ásamt greinargerð Sævars M. Ciesielski.
6	Skýrsla RLR dags. 19.9. 1979 og áfram.
7	Bréf Sævars M. Ciesielski dags. 17.5. 1979 til Þóris Odds-sonar.
8	Greinargerð Sævars M. Ciesielski, ódagsett.
9	Skýrsla RLR dags. 26.9. 1979 og áfram.
10	Bréf Sævars M. Ciesielski ásamt greinargerð.
11	Skýrsla RLR dags. 29.9. 1979 og áfram svo og gögn frá borgar-

lækni um könnun á aðbúnaði í Síðumúlafangelsi. 2

12 Bréf séra Jóns Bjarman til domsmálaráðherra dags. 30.5.

1978 og greinargerð Sævars M. Ciesielski dags. 22.4.1979.

13 Skýrsla RLR dags. 5.9.1979 og áfram svo og ljósrit úr Dagblaðinu 27.7. 1979.

14 Uppdrættir af staðsetningu viðstaddir við samprófun í Síðumúlafangelsinu 5.5. 1976.

15 Bréf Jóns Oddssonar hrl. til ríkissaksóknara dags. 15.6. 1979 ásamt ljósriti af brefi Hinriks Jóns Þórissonar.

16 Skýrsla RLR dags. 5.10.1979.

17 Bréf Jóns Bjarman til Jóns Oddssonar, hrl. ásamt ódagsettri greinargerð Sævars M. Ciesielski.

18 Skýrsla RLR dags. 19.9. 1979 og áfram.

19 Greinargerð Sævars M. Ciesielski, ódagsett.

20 Skýrsla RLR dags. 5.10. 1979.

21 Ódagsett greinargerð Sævars M. Ciesielski ásamt fskj.

22 Skýrsla RLR dags. 5.10. 1979.

23 Bréf Jóns Oddssonar hrl. til vararannsóknarlöggreglustjóra dags. 28.8. 1979.

24 Skýrsla RLR dags. 21.9. 1979 og áfram.

25 Bréf Jóns Oddssonar hrl. dags. 4.1. 1978.

26 Bréf Jóns Oddssonar hrl. dags. 4.1. 1978.

27 Bréf skip.rannsóknarlöggreglustjóra til borgarverkfræðings dags. 8.10. 1979 ásamt grunnteikningu af Síðumúlafangelsi.

28 Bréf rannsóknarlöggreglustjóra til fangelsisstjórnar Síðumúlafangelsis dags. 3.9. 1979.

29 Skýrsla dags. 8.10. 1979.

30 Bréf rannsóknarlöggreglustjóra til Jóns Oddssonar hrl. dags. 10.10. 1979.

Kópavogi, 11. október 1979  
ÞO/þs

RLR mál nr. 2875/79

Með bréfi dagsettu 23. ágúst s.l. endursenduð þér, herra ríkissaksóknari gögn, sem yður bárust með bréfi skipaðs rannsóknarlöggreglustjóra ríkisins þann 9. s.m. vegna beiðni ákærða Sævars Marinó Ciesielski um að honum yrði gefinn kostur á að gefa frekari skýrslur um sakarefni hæstaréttarmáls nr. 214/1978, svo og að leggja fram kærur og skýrslur vegna harðræðis, er hann telur sig hafa verið beittan í fangelsinu í Síðumúla í Reykjavík og af hendi rannsóknaraðila málsins.

Var í bréfinu beiðst nánari ákvörðunar um það, að hvaða kæruefnum löggreglurannsókn málsins skuli beinast.

Rannsókn sú, sem þér mæltuð fyrir um í áðurnefndu bréfi yðar hefur farið fram og sendast yður hér með gögn málsins.

Póir Oddsson

Póir Oddsson  
skipaður rannsóknarlöggreglustjóri ríkisins.

Ríkissaksóknari  
Hverfisgötu 6  
Reykjavík.

# RÍKISSAKSÓKNARI

Skjal nr.	Bls. nr.
1	1 <sup>a</sup>

4

PB/SJ

Reykjavík, 23. ágúst 1979.

ÓSKAST TILGREINT I SVARI

Efni: Hæstaréttarmálið nr. 214/1978.

Með bréfi dags. 9. þ.m. senduð þér, hr. vararannsóknarlöggreglustjóri, ríkissaksóknara gögn, sem yður hafa borist í tilefni af rannsókn, sem yður hefur verið falið vegna beiðni ákærða Sævars Marinó Ciesielski um að honum værði gefinn kostur á að gefa frekari skýrslur um sakarefni ofangreinds máls svo og að leggja fram kærur og skýrslur vegna harðræðis, er hann telur sig hafa verið beittan í fangelsinu í Síðumúla í Reykjavík og af hendi rannsóknar- aðila málsins.

Gögnin eru send ríkissaksóknara til athugunar og er jafnframt "beiðst nánari ákvörðunar ..... um það að hvaða kæruefnum löggreglurannsókn máls þessa skuli beinast."

Af þessu tilefni skal tekið fram eftirfarandi:

I.

1. Á bls. 1 í skýrslu, sem fylgir bréfi 17. maí 1979, nefnir ákærði Sævar Marinó atvik, sem á að hafa gerst 4. janúar 1976 og varðar Eggert Bjarnason og Sigurbjörn V. Eggertsson.

2. Á bls. 2 í sömu skýrslu, sem fylgir bréfi 17. maí 1979, nefnir ákærði Sævar Marinó atvik, sem á að hafa gerst 11. janúar 1976 og varðar Órn Höskuldsson.

3. Í lið 1 í bréfi 22. apríl 1979 nefnir ákærði Sævar Marinó atvik, sem á að hafa gerst í lok apríl eða byrjun maí 1976 og varðar aðallega Gunnar Guðmundsson.

4. Í lið 2 í bréfi 22. apríl 1979 nefnir ákærði Sævar Marinó atvik, sem á að hafa gerst fyrstu daga í maí

Skjal nr.	Bls. nr.
1	2

1976 og varðar aðallega Eggert Bjarnason.

5

I bréfi 30. maí 1978 nefnir Jón Bjarnason atvik, sem á að hafa gerst að kvöldi 4. eða 5. maí 1976 og varðar aðallega Eggert Bjarnason og Gunnar Guðmundsson.

Ætla má að hér sé átt við eitt og hið sama atvik.

Vakin er athygli á því að framangreind fjögur atvik sýnast þegar hafa verið rannsökuð eftir útgáfu ákæru í fjölskipuðum sakadómi í tilefni og framhaldi af bókun ákærða Sævars Marinó í þinghaldi 29. mars 1977, sbr. dómsgerðir bls. 76 - 78.

Skulu nefndir sérstaklega eftirgreindir framburðir:

1. Framburður Eggerts Norðals Bjarnasonar 31. mars 1977, sbr. dómsgerðir bls. 90 - 92.

2. Framburður Sigurbjörns Víðis Eggertssonar 31. mars 1977, sbr. dómsgerðir bls. 93 - 94.

3. Framburður Högna Ófeigs Einarssonar 1. apríl 1977, sbr. dómsgerðir bls. 98.

4. Framburður Gunnars Marinós Marinóssonar 1. apríl 1977, sbr. dómsgerðir bls. 98.

5. Framburður Skúla Ávárs Steinssonar 1. apríl 1977, sbr. dómsgerðir bls. 99 - 100.

6. Framburður ákærðu Erlu Bolladóttur 1. apríl 1977, sbr. dómsgerðir bls. 101 - 102.

7. Framburður Kjartans Kjartanssonar 15. apríl 1977, sbr. dómsgerðir bls. 106 - 108.

8. Framburður Ara Ingimundarsonar 15. apríl 1977, sbr. dómsgerðir bls. 108 - 109.

9. Framburður Jóhanns Gunnars Friðjónssonar 15. apríl 1977, sbr. dómsgerðir bls. 109 - 110.

10. Framburður Gunnars Guðmundssonar 6. júlí 1977, sbr. dómsgerðir bls. 178 - 179.

Skjal nr.	Bis. nr.
1	3

6

ll. Ennfremur skal nefnd skýrsla Arnar Höskuldssonar, dags. 22. ágúst 1977, á domskjali B nr. XIII, sem lagt var fram í sakadómi 13. september 1977. Var skýrslan gerð að ósk sakadóms í bréfi, dags. 16. ágúst 1977, á domskjali B nr. XII.

Skjöl þessi og framburðir fylgja hjálagt í ljósriti.

## II.

I ódagsettri skýrslu, sem fylgir bréfi Jóns Oddssonar, hrl., dags. 7. maí 1979, og ódagsettri skýrslu, sem framsend var vararannsóknarlöggreglustjóra, lýsir ákærði Sævar Marinó ástandi og aðbúnaði í fangelsinu í Siðumúla.

Eðlilegt er að skýrslur þessar séu bornar undir fangaverði og fangelsisstjórn og að þessir aðilar tjái sig um þau atriði, sem þar er vikið að.

## III.

Bréf Hinriks Jóns Þórissonar frá 18. júní 1979, sem fylgir korti Jóns Oddssonar, hrl., sama dag, gefur ákæruvaldinu ekki tilefni til að æskja þess sérstaklega að hann verði kvaddur fyrir á ný en sé þess beiðst af öðrum er ekki haft á móti því.

## IV.

Önnur efnisatriði gagna þeirra, sem þér hafið sent, sýnast vera hrein málflutningsatriði, svo sem tvö bréf Sigurbjargar Ólafar Guðjónsdóttur, dags. 31. maí og 29. júní 1979.

Til

vararannsóknarlöggreglustjóra Þóris Oddssonar.

Afrít:

Hrl. Jón Oddsson  
Garðastræti 3.

Skjöl nr.	Bla. nr.
1	4

hann var fallinn.

Var nú gert hlé á þinghaldinu kl. 15.45, en því fram haldið kl. 16.10.

Ákærða er kynntur framburður hans í sakadómi 11.

janúar 1976. Ákærði kveður framburðinn eftir sér hafðan, en hann sé rangur. Hann kveðst nú aldrei hafa sparkað í kjálka Guðmundar, þar sem hann lá á gólfínu. Ekki kveðst ákærði heldur hafa séð Guðmund velta sér við, svo sém í framburði hans greinir, og hann hafi ekki reynt að standa upp. Sérstaklega aðspurður neitar ákærði að hafa sparkað í höfuð Guðmundar, þegar hann var að reyna að standa upp.

Þegar hér er komið sögu, óskar ákærði að eftirfarandi verði bókað eftir sér: "Ég var ekki að Hamarsbraut 11 þessa nótt. Ég var hjá Helgu Gísladóttur í starfsmannabústað Kópavogshælis alla þessa nótt, ræddi við hana um morguninn um að fara að Gljúfurholti í Ölfusi. Ég hitti Erlu einhvern tíma á sunnudagskvöldið 27. janúar 1974 og var þá með Viggó Guðmundssyni. Ég var að hugsa um að fara austur í Gljúfurholt, en hætti við það vegna Erlu. Ég var upphaflega láttinn játa á mig sakir, beittur líkamlegu ofbeldi af rannsóknarmönnum, einnig af fangavörðum, hótað af Tryggva Rúnari og Kristjáni Viðari. Erla hótaði að fremja sjálfsmorð í júlímaðuði 1976 við samprófun í fangelsinu við Síðumúla. Samprófunin stóð öðru hvoru í 8 daga, og lengst í 6 tíma í einu. Var Erla höfð þar til að koma vitinu fyrir mig. Sigurbjörn sagði við mig, að ef ég játaði ekki að hafa verið á Hamarsbraut 11 þessa nótt, myndi ég

Skjal nr.	Bls. nr.
1	5

fá lífstíðaröryggisgæslu. Sigurbjörn Víðir sagði það vera orð Hallvarðar Einvarðssonar og Hallvarður Einvarðsson létt þessi orð falla í maímánuði og sagðist lofa mér því, að ég fengi að týnast í amerísku fangelsi, ef ég játaði ekki á mig sakir í Guðmundar og Geirfinnsmáli. Daginn eftir að ég fór í samprófun með Tryggva Rúnari og Kristjáni Viðari var höfð samprófun, þar sem Sigurbjörn Víðir létt Tryggva Rúnar Leifsson ráðast á mig og barði hann mig svolítið til. Síðan er ég átti að fara inn í fangaklefa réðist Sigurbjörn Víðir á mig, sló mig í andlitið í viðurvist Ara Ingimundarsonar, fangavarðar, tók mig á loft og fleygði mér í stól í yfirheyrluherbergi. Í júlímaðuði, júlílok, kom fangavörður, Skúli Steinsson að nafni og biður mig að koma fram með sér. Ég spurði, hvað það væri og sagði hann mig mundu komast að því og ef ég kæmi ekki með góðu yrði ég beittur ofbeldi, en það var ávallt þeirra orðatiltæki þegar ég var láttinn fara í yfirheyrlur. Gekk ég fram, og þegar ég kem að sturtuherbergi segir hann mér að bíða að eins, tekur mig síðan hálstaki og dregur mig inn í sturtuherbergið og lætur renna í vask og gólfklút í vaskinn. Reyndi hann að dýfa mér ofan í, en tókst það ekki í fyrstu, en fékk þá Jóhann fyrrverandi lögreglumann til að aðstoða sig. Skúli spurði með hverjum ég hefði farið til Keflavíkur og hvert ég hefði farið með Guðmund Einarsson út í hraun. Eftir allar vatnsdýfingarnar var ég orðinn þjakaður og var farinn að hljóða. Þá hætta þeir og fleygja mér inn í klefa, en þetta hafði þá staðið í góða stund. Ekki hafði ég lengi

Síjal nr.	Bls. nr.
1	6

verið í klefanum, er Skúli Steinsson kemur á ný, tekur mig með ofbeldi og heldur áfram sama leiknum og áður, þar til ég var allur orðinn blautur og farinn að hljóða. Ekki veit ég hversu lengi þetta stóð, en loks kom varðstjóri, Guðjón að nafni, og kvað þetta gott í bili. Var ég síðan láttinn inn í klefa.

Daginn sem fjórmenningarnir voru handteknir í Geirfinnsmálinu sagði ég við Örn Höskuldsson, að ég gæti ekki sagt, að ég hefði farið út á bát og ekki heldur að ég hefði farið með þessum mönnum til Keflavíkur. Örn sagði þá við mig: "Farðu inn í klefa og hengdu þig". Við Gunnar Mariñosson sagði Örn: "Lánaðu honum reipi, svo hann geti hengt sig".

Skýrsla rannsóknarlöggreglu 22. desember 1975, skýrslur kærða, 4. janúar, 6. janúar, 30. september og 5. október 1976, eru í heild lesnar í heyranda hljóði í dóminum. Ákærði kannast við að hafa gefið skýrslur þessar og undirritað þær, en hann kveður allt rangt, er í þeim greinir um dauða Guðmundar Einarssonar. Sé hið sama að segja um skýrslu þá, er hann gaf 9. þ.m. hjá Gísla Guðmundssyni, löggreglumanni. Ákærði er ítrekað aðspurður, hvort hann hafi komið að Hamarsbraut 11 aðfaranótt 27. janúar 1974. Hann neitar því ein dreigið og heldur því fram, að hann hafi ekki komið þangað um nóttina. Ákærði kveðst alltaf hafa haldið fram sakleysi sínu, en hafi ekki getað annað en gefið þessar skýrslur, þar sem þess hafi verið krafist.

Ákærði neitar að vita nokkuð um flutning á líki Guð-

Síjal nr.	Bls. nr.
1	7

Gætt er ákv. 2. mgr. 77. gr. l. nr. 74, 1974.

Einnig er mættur ákærði, Sævar Marinó Ciesielski.

Gætt er ákv. 2. mgr. 77. gr. l. nr. 74, 1974.

Með honum mætir verjandi hans Jón Oddsson, hrl.

Fer nú fram samprófun.

Er framburður ákærða, Alberts Klahn Skaftasonar að því er snertir meðákærða Sævar Marinó lesinn í heyranda hljóði. Ákærði kveðst halda fast við framburð sinn.

Ákærði Sævar Marinó kveður framburðinn rangan að öllu leyti, nema að ákærðu komu að starfsmannabústaðnum við Kópavogshæli og báðu ákærða um peningalán.

Samræmi næst ekki og er samprófun án árangurs.

Upplesið, játað rétt.

Viku frá kl. 14.26.

Kl. 14.26 kemur í dóminn sem vitni, Eggert Norðdal Bjarnason, rannsóknarlöggreglumaður, Hverfisgötu 90, Reykjavík, 39 ára að aldri.

Áminntur um sannsögli.

Vitnið hafði í upphafi á hendi rannsókn í framan-greindu máli ásamt Erni Höskuldssyni, fulltrúa yfirsakadómara og Sigurbirni Víði Eggertssyni, rannsóknarlöggreglumann, en síðan bættust við fleiri í hópinn, eins og fram kemur í skýrslu rannsóknarlöggreglu.

Bókun sú, er í framburði ákærða Sævars Marinós greinir, um meðferð þá, sem hann telur sig hafa orðið fyrir í fangelsinu í Síðumúla, er nú lesin í heyranda hljóði. Vitnið

Skjal nr.	Bls. nr.
1	8

skýrir frá því að það kannist ekki við neitt af því, er ákærði heldur fram í bókun þessari. Vitnið tekur fram, að því sé ekki kunnugt um að ákærði hafi verið beittur líkamlegu ofbeldi við rannsókn máls þessa eða hótunum um það. Vitnið kveður ákærða alltaf hafa verið yfirheyrðan sjálfstætt og hafi hann skýrt frá af fúsum og frjálsum vilja, en spurningar oft verið endurteknar, svo sem oft sé venja við rannsóknir. Ákærði var að öllu jöfnu prúður og viðræðugóður við yfirheyrlur, en það kom þó nokkuð oft fyrir, að hann kallaði rannsóknarmennina öllum illum nöfnum. Ákærði gerði sig líklegan til að hlaupa á brott úr yfirheyrlum í nokkur skipti og varð þá að taka hann og koma honum aftur í sæti sitt. Í eitt sinn hljóp hann á brott úti. Hljóp Órn Höskuldsson hann uppi og felldi hann til jarðar og síðan var ákærði færður aftur í fangelsið. Ákærði var ekki með járn, er þetta gerðist og gekk við hlið rannsóknarmanna. Vitnið tekur fram, að þeir rannsóknarmennirnir hafi ekki átt von á að ákærði hlypist á brott í þetta sinn.

Þá er vitninu kynntur framburður ákærða Tryggva Rúnars Leifssónar. Vitnið man eftir því að á milli jóla og nýárs árið 1975 var Tryggvi Rúnar eitthvað miður sín í fangelsinu í Síðumúla. Fór hann að hafa orð á því hvort þessi líðan gæti verið samviskubit, því að hann hefði aldrei haft samviskubit af neinu, sem hann hefði gert. Vitnið kveður ákærða aldrei hafa verið beittan neinum hótunum, að því að það geti borðið um. Hann hafi skýrt sjálfstætt frá málsatvikum af frjálsum vilja.

Skjal nr.	Bla. nr.
1	9

Vitnið tók skýrslu af ákærða Tryggva Rúnari Leifs-syni 9. janúar 1976. Lýsti hann herbergjaskipan að Hamarsbraut 11 í Hafnarfirði, svo sem í skýrslunni greinir. Vitnинu er kynnt það, er ákærði segir í framburði sínum, um að hann hafi í yfirheyrlum hjá rannsóknarlöggreglunni fengið að vita hvernig herbergjaskipan var að Hamarsbraut 11, og að lýsing sín sé á því byggð. Vitnið segir þetta ekki rétt og hafi ákærði sjálfstætt lýst herbergjaskipan- inni.

Vitnið skýrir frá því að við rannsókn póstsvikamáls-ins, sbr. IV. kafla ákæru, hafi grunur vaknað á því að ákærðu kynnu að vera viðriðnir dauða Guðmundar Einarssonar, en rannsóknarlöggreglumenn höfðu áður heyrt orðróm í þá átt. Við yfirheyrlu 20. desember 1975 yfir Erlu Bolladóttur, styrktist þessi grunur, og hélt rannsókn málsins áfram í framhaldi af því.

Upplesið, játað rétt.

Kemur þá einnig í dóminn ákærði Sævar Marinó Ciesielski.

Gætt er ákv. 2. mgr. 77. gr. l. nr. 74, 1974.

Ákærða er kynntur framburður vitnisins að því að hann snertir.

Upplesið.

Viku frá kl. 15.30.

Kl. 15.30 mætir í dóminum Sigurbjörn Víðir Eggerts-son, rannsóknarlöggreglumaður, Asparfelli 4 hér í borg, 28

Skjal nr.	Bis. nr.
1	lo

13

ára að aldri.

Aminntur um sannsögli.

Mætta er kynnt það, er ákærði Sævar Marinó hefur látið bóka orðrétt eftir sér í framburði sínum.

Mætti skýrir frá því að hann kannist ekki við að hann hafi nokkurn tíma minnst á það við ákærða að hann yrði settur í lífstíðar öryggisgæslu. Hins vegar hafi ákærði mikið talað um þetta sjálfur, og greinilega óttast þetta.

Mætti kannast ekki við að hafa nokkurn tíma heyrt Hallvarð Einvarðsson hafa orð á því, að ákærði fengi að týnast í amerísku fangelsi, ef hann játaði ekki sakir á sig í Guðmundar- og Geirfinnsmáli. Kveðst mætti aldrei hafa haft orð á þessu við ákærða.

Mætti skýrir frá því, að eitt sinn er tilraun var gerð til samprófunar milli ákærðu Sævars Marinós og Tryggva Rúnars, hafi þeir byrjað að bera sakir hvor á annan. Hafi þeir lent í orðahnippingum og Tryggvi Rúnar þrifioð í skyrtu Sævars að framan og e.t.v. lyft honum upp. Mætti stöðvaði Tryggva Rúnar strax og meiddist Sævar Marinó ekkert. Var samprófuninni þar með lokið.

Mætti kveður það algjör ósannindi hjá ákærða að hann hafi ráðist á ákærða, er ákærði átti að fara inn í fangaklefa og slegið ákærða í andlitið, tekið hann á loft og fleygt honum í stól í yfirheyrsluherbergi. Einu skiptin, sem mætti hefur þurft að snerta ákærða, er það þegar hann ætlaði að hlaupa út úr yfirheyrslu, og kom það fyrir oftar

Skjal nr.	Dls. nr.
1	11

- 94 -

14

en einu sinni.

Mætti kannast ekkert við það, sem ákærði segir um Skúla Steinsson.

Mætti skýrir frá því, að ákærði hafi verið mjög misjafn við yfirheyrslur. Stundum hafi hann verið prúður en stundum mjög æfur, og kallað þá rannsóknarlöggreglu-mennina öllum illum nöfnum.

Mætti kveður oftast hafa farið vel á með sér og ákærða og hafi hann oft gert ákærða greiða.

Upplesið, játað rétt.

Mætir þá ákærði Sævar Marinó.

Gætt er ákv. 2. mgr. 77. gr. 1. nr. 74, 1974.

Ákærða er kynntur framburður mætta. Heldur hvor fast við framburð sinn.

Ákærði vék frá kl. 16.00.

Þá kemur að nýju fyrir dóminn sem vitni, Sigurbjörn Víðir Eggertsson.

Áminntur um sannsögli.

Í framburði Tryggva Rúnars Leifssonar 9. janúar 1976 hjá löggreglu, lýsir hann herbergjaskipan að Hamarsbraut 11. Ákærði neitar nú að hafa komið þar og segir að hann hafi fengið upplýsingar um þetta hjá rannsóknarmönnum. Vitnið segir þetta ekki rétt. Ákærði hafi skýrt sjálfstætt frá þessu atriði og minnir að hann hafi gert skissu af herbergjaskipaninni. Vitnið veit ekki hvort skissan er til.

Upplesið, játað rétt.

Skjal nr.	Bls. nr.
1	12

Með ákærða mætti verjandi hans, Benedikt Blöndal, hrl.

Kl. 13.39 mætir í dóminum sem vitni, Högni Ófeigur Einarsson, fangavörður í fangelsinu við Síðumúla, Eyjabakka 16, 32 ára að aldri.

Áminntur um sannsögli.

Vitnið var vottur, er Eggert Bjarnason, rannsóknarlägreglumaður, tók skýrslu af ákærða Tryggva Rúnari Leifssyni 9. janúar 1976. Vitnið var ekki viðstatt, er skýrslan var tekin af ákærða, en það man, að það skrifaði undir skýrsluna sem vottur, er yfirheyrslu var lokið. Vitnið man, að ákærði lýsti skýrsluna rétta í viðurvist þess.

Ákærði undirritaði skýrsluna í viðurvist vitnisins.

Upplesið, staðfest rétt bókað.

Vék frá kl. 13.45.

Kl. 13.46 mætir í dóminum sem vitni, Gunnar Marinó Marinósson, varðstjóri í fangelsinu við Síðumúla, 52 ára að aldri.

Áminntur um sannsögli.

Vitninu er kynnt það, sem Sævar Marinó Ciesielski hefur látið bóka orðrétt eftir sér í framburði sínum. Vitnið kannast ekki við það, er ákærði heldur þar fram. Kveðst vitnið hvorki hafa séð eða heyrt það, er ákærði segir. Vitnið varð aldrei vart við það, að ákærði Sævar Marinó sætti illri meðferð í fangelsinu við Síðumúla á meðan hann var þar í gæsluvarðhaldi vegna máls þessa.

Síjal nr.	Bls. nr.
1	13

Þá er vitninu kynnt það, er ákærði Tryggvi Rúnar hefur látið bóka eftir sér.

Vitnið kveðst yfirleitt ekki hafa verið viðstatt yfirheyrslur í framangreindu máli. Vitnið kannast við að hafa undirritað sem vottur skýrslu Tryggva Rúnars 9. janúar 1976. Vitnið man ekki, hvort það var viðstatt, er skýrsla Tryggva var lesin, en það hefur örugglega verið viðstatt, er hann undirritaði skýrsluna og staðfesti hana rétta.

Upplesið, staðfest rétt bókað.

Vék frá kl. 14.04.

Kl. 14.05 kemur í dóminn Skúli Evar Steinsson, fangavörður að Litla-Hrauni, áður í Síðumúla, Háeyrarvöllum 32, Eyrarbakka.

Gætt er ákv. 2. mgr. 77. gr. 1. nr. 74, 1974.

Mætti var fangavörður í fangelsinu í Síðumúla, er Sævar Marinó var þar í gæsluvarðhaldi á s.l. ári. Mætti kveður hafa gengið mjög illa að fá ákærða til að þrífa sig og eins til að þrífa klefa sinn. Mætti man eftir því, að einhvern tíma á meðan á gæsluvarðhaldinu stóð, neitaði ákærði að fara í bað og eins að þrífa klefa sinn. Kveðst mætti þá hafa tekið utan um ákærða og farið með hann fram á bað, sett hann þar inn og læst því. Ákærði fór í bað og þreif síðan klefa sinn á eftir. Síðan hlýddi ákærði alltaf mætta um að þrífa sjálfan sig og klefa sinn. Ákærði var ekki beittur neinum harðræðum í umrætt sinn og ekki var minnst á mál þetta eða Geirfinnsmálið í því sambandi, enda

Gjald nr.	Els. nr.
1	14

ekki í verkahring mætta. Lýsing sú, sem ákærði gefur á meðferðinni á sér, sé fjarri öllu lagi.

Upplesið, játað rétt bókað.

Vék frá.

Kominn er í dóminn kl. 14.53 gæslufanginn, Kristján Viðar Viðarsson,

Gætt er ákv. 2. mgr. 77. gr. l. nr. 74, 1974.

Einnig er mættur ákærði Sævar Marinó Ciesielski.

Gætt er ákv. 2. mgr. 77. gr. l. nr. 74, 1974.

Er nú framburður ákærða Kristjáns Viðars Viðarssonar lesinn í heyranda hljóði um það, er gerðist að Hamarsbraut til aðfaranótt 27. janúar 1974 og síðar þá nótt. Ákærði Sævar Marinó kveðst "sér vitandi" ekki hafa verið að Hamarsbraut til þessa nótt. Ákærði Kristján Viðar kveðst halda fast við framburð sinn. Samræmi næst ekki milli ákærðu um það, er Kristján Viðar kveður hafa gerst að Hamarsbraut til aðfaranótt 27. janúar 1974 og það, er gerðist eftir að farið var þaðan.

Upplesið, játað rétt bókað.

Ákærði Kristján Viðar kannast við að hafa farið í kirkjugarðinn í Fossvogi með Sævari Marinó í ágúst 1974 og fleira fólk, er þeir urðu viðskila við. Þetta var að degi til og voru þeir að leita að leiði Kristins Esmars Skarphéðinssonar, en fundu ekki.

Ákærði Sævar Marinó víkur úr domi kl. 15.20.

Slgj.	Bls.
nr.	nr.
1	
	15

Ákærði Kristján kveðst vilja leiðréttu framburð sinn að því leyti, að hann sé ekki viss um, hve langur tími leið frá því þeir Guðmundur og Tryggvi Rúnar komu að Hamarsbraut 11, þangað til Albert og Gunnar komu þangað, en það hafi ekki verið langur tími. Þá minnist ákærði þess, að Gunnar Jónsson var í innra herberginu, er átökin hófust.

Ákærði skýrir frá því, að hann hafi farið í afplánun að Litla-Hrauni í byrjun febrúar 1974 og verið þar til 13. ágúst sama ár.

Upplesið, játað rétt.

Ákærði Kristján Viðar

vék frá kl. 15.28.

Kl. 15.28 kemur í dóminn ákærða, Erla Bolladóttir.

Gætt er ákv. 2. tl. 89. gr. l. nr. 74, 1974.

Þá kemur í dóminn til samþrófunar Sævar Marinó Ciesielski.

Gætt er ákv. 2. mgr. 77. gr. l. nr. 74, 1974.

Er nú framburður ákærðu um það, er hún sa að Hamarsbraut 11 aðfaranótt 27. janúar 1974 lesinn í heyranda hljósi.

Ákærða kveðst halda fast við framburð sinn.

Samþrófun fer fram og kveðst ákærði einnig halda fast við framburð sinn um að hann hafi ekki verið á Hamarsbraut 11 þessa nótt.

Ákærði óskar eftir því, að ákærða verði spurð að því, hvort Sigurbjörn Víðir, rannsóknarlöggreglumaður, hafi

nefnt við ákærða lífstíðar öryggisgæslu við samþrófun ákærðu í fangelsinu í Síðumúla 19. júlí 1976. Akærða segir það rétt vera. Akærða segir Sigurbjörn Víði hafa sagt, að ákærði fengi lífstíðar öryggisgæslu, þ.e. lífstíðarfangelsi, ef hann ekki játaði að hafa verið að Hamarsbraut 11, er Guðmundur Einarsson beið bana.

Upplesið, játað rétt.

Víku frá.

Dómþingi slitið.

Gunnlaugur Briem.

Armann Kristinsson.

Haraldur Henrysson.

Vottar:

Hafdís Agústsdóttir.

Valdemar Sörensen.

Ár 1977, föstudaginn 15. apríl, er dómþing sakadóms Reykjavíkur háð í Borgartúni 7 af Gunnlaugi Briem, sakadómara sem dómsformanni og sakadómurunum Ármanni Kristinssyni og Haraldi Henryssyni.

Fyrir var tekið:

Framangreint mál.

Kominn er í dóminn sækjandi málsins Bragi Steinars-son, saksóknari.

Kl. 9.40 kemur í dóminn sem vitni Sigurður Stefán Almarsson, Karfavogi 33, fæddur 30. ágúst 1956.

Slíðal nr.	Bis. nr.
1	17

Víkur frá kl. 11.05.

20

Kl. 11.05 kemur fyrir dóminn sem vitnið Kjartan Kjartansson, fangavörður, Hrafnhólum 8, Reykjavík, fæddur 1. ágúst 1932 í Reykjavík.

Áminntur um sannsögli.

Vitnið hefur verið fangavörður í hegningaráhúsinu að Skólavörðustíg 9. Vitnið skýrir frá því, að snemma í janúar 1976 hafi Einar Bollason, Magnús Leópoldsson og Valdemar Olsen verið settir í gæsluvarðhald í fangelsið við Síðumúla. Af því tilefni var vitnið fengið til að annast fangavarðarstarf þar. Vitnið gegndi þessu starfi þar til í apríl eða maí, er það veiktist. Að þessum tíma voru í gæsluvarðhaldi í fangelsinu við Síðumúla, ákærði Kristján Viðar Viðarsson, Sævar Marinó Ciesielski, Tryggvi Rúnar Leifsson og Erla Bolladóttir.

Bókun Sævars Marinós Ciesielski í þinghaldi 29. mars s.l. um meðferð á sér í fangelsinu við Síðumúla, er nú lesin í heyranda hljóði. Vitnið kveðst ekki geta borið um af eigin raun það er þar kemur fram. Vitnið minnist þess að hafa heyrt talað um, að Örn Höskuldsson hafi viðhaft þau ummæli, er í niðurlagi bókunarinnar greinir, en getur ekki staðhæft, hvort það var viðstatt.

Vitnið kveðst ekki hafa verið viðstatt yfirheyrlur yfir ákærðu. Vitnið kveðst því ekki geta borið um af eigin raun, hvort beitt hafi verið líkamlegu ofbeldi við ákærða Sævar Marinó, en vitnið heyrði, að yfirheyrlurnar voru

Skjal nr.	bls. nr.
1	18

21

ákaflega hávaðasamar. Vitnið varð ekki vart við að ákærði Sævar Marinó væri beittur ofbeldi eða hótunum um ofbeldi í fangelsinu. Vitnið varð vart við það, að fangaverðir virtust yfirheyra ákærða Sævar Marinó, eða blanda sér að óþörfu í hans mál. Nefnir vitnið í því sambandi Skúla Steinsson og Högnna Einarsson. Ekki var það þó gert að beiðni rannsóknarmanna, að það viti til. Vitninu fannst ákærði Sævar Marinó, sæta meira harðræði í fangelsinu en aðrir fangar í sama máli, að vitninu fannst að ástæðulausu, þar sem Sævar hafi hegðað sér affburðavel frá sjónarmiði fangavarðar. Ekki varð vitnið vart við það, að ákærði Sævar sýndi tregðu á að þrífa sig og klefa sinn.

Þá er vitninu kynnt bókun ákærða Tryggva Rúnars Leifssonar í þinghaldi 30. mars s.l. Vitnið kveðst ekkert geta borið um það er í bókuninni greinir, enda sé því mál Tryggva Rúnars algerlega ókunnugt.

Upplesið, játað rétt.

Vitnið skýrir frá því, að því finnist vanta eitt atriði enn í og segir það orðrétt: "Eg var þarna ásamt fleiri fangavörðum staddur í milliherbergi milli varðstofu og yfirheyrlusals fangelsisins, sem er fyrst til hægri, er inn í fangelsið kemur. Að yfirheyrlu þeirra Eggerts Bjarnasonar og Sigurbjörns Víðis yfir Sævari Marinó liðinni, fannst mér, að yfirheyrlunni ætti að vera lokið. Svo var þó ekki. Gekk Gunnar Guðmundsson, yfirlangavörður, þá mjög berserks-lega inn í yfirheyrluherbergið og upphófst vægast sagt allmikill hávaði og ég leit í augu nærstaddir fangavarða.

Síðu nr.	Bla. nr.
1	19

Ég var ekki viss um, hverjum bæri skylda til að opna hurðina og athuga, hvað þarna færi fram. Þegar ég sá ekki, að neinn hefði kjark til að athuga hvað væri að gerast, opnaði ég hurðina. Ég sá ekki, að Gunnar Guðmundsson væri í hættu staddur, en mér virtist sem Sævar Marinó hefði verið svínþeygður, enda hefði hann ella ekki kallað: "Stilltu þig, stilltu þig, Gunnar, Gunnar". Gunnar Guðmundsson skipaði mér að loka tafarlaust. Ekki heyrði ég að fleira gerðist þarna inni".

Upplesið, játað rétt.

Víkur frá kl. 12.10.

Kl. 12.10 kemur í dóminn sem vitni Ari Ingimundarson, fangavörður í fangelsinu við Síðumúla, Hamraborg 8, Kópavogi, fæddur 29. apríl 1953.

Áminntur um sannsögli.

Bókun Sævars Marinós um meðferðina á sér í fangelsinu við Síðumúla er nú lesin í heyranda hljóði. Vitnið kveðst ekki kannast við að hafa heyrt um það, er Sævar Marinó segir þar. Vitnið er sérstaklega spurt um það atriði, sem Sævar Marinó segir, að það hafi verið sjónarvottur að, þ.e. að Sigurbjörn Víðir hafi slegið hann í andlitið, tekioð hann upp og fleygt honum í stól í yfirheyrluherbergi. Vitnið kannast ekki við að hafa séð þetta og veit ekki til að þetta hafi átt sér stað. Vitnið kveðst ekki hafa orðið vart við það, að ákærði Sævar Marinó væri beittur ofbeldi eða hótunum um ofbeldi í fangelsinu.

S. nr.	B. nr.
1	20

23

Bókun Tryggva Rúnars er og lesin í heyranda hljóði.

Vitnið var ekki viðstatt neinar yfirheyrslur í málínu og getur ekkert borið um það er fram kemur í bókun hans.

Upplesið, játað rétt.

Víkur frá kl. 12.24.

Kl. 12.25 kemur í dóminn Jóhann Gunnar Friðjónsson, fangavörður í fangelsinu við Síðumúla, Þverbrekku 4, Kópavogi, fæddur 24. maí 1941.

Aminntur um sannsögli, en jafnframt gætt ákv. 2. mgr. 77. gr. l. nr. 74, 1974.

Mætti er kynnt bókun Sævars Marinós í þinghaldi 29. mars s.l. um meðferðina á sér í fangelsinu við Síðumúla. Mætti kveðst ekki kannast við neitt það, er ákærði Sævar Marinó segir í bókuninni. Mætti var ekki viðstaddir yfirheyrslur í málínu. Mætti kveður Sævar Marinó hafa verið prýðisfanga og gert það, sem hann var beðinn um, en þó purfti að ítreka við hann að þrífa sig og klefa sinn. Mætti kannast ekki við, að hann hafi veitt Skúla Steinssyni aðstoð við að dýfa Sævari Marinó ofan í vask, svo sem Sævar Marinó heldur fram, og veit ekki til að það hafi verið gert. Mætti veit ekki til þess, að nokkurn tíma hafi komið til átaka, er Sævar átti að fara í bað. Hann man þó eftir að Skúli Steinsson sótti Sævar Marinó eitt sinn inn í klefann til þess að fara í bað, og hélt utan um hann á leiðinni fram á bað. Ekki varð vitnið vart við að Sævar væri beittur neinu ofbeldi.

Sigl nr.	Els. nr.
1	21

- 110 -

24

Upplesið, játað rétt.

Víkur frá kl. 12.40.

Jón Oddsson, hrl., skipaður verjandi ákærða Sævars Marinós var viðstaddur þinghaldið.

Dómpingi slitið.

Gunnlaugur Briem.

Ármann Kristinsson.

Haraldur Henrysson.

Vottar:

Hafdís Ágústsdóttir.

Valdemar Sörensen.

Ar 1977, þriðjudaginn 19. apríl, var dómping sakadóms Reykjavíkur háð í Borgartúni 7 af Gunnlaugi Briem sakadómara sem dómsformanni og sakadómurunum Ármanni Kristinssyni og Haraldi Henryssyni.

Fyrir var tekið:

Framangreint mál.

Komin er í dóminn sækjandi málsins, Bragi Steinars-son, saksóknari,

Einnig er mættur skipaður verjandi Kristjáns Viðars-sonar, Páll A. Pálsson, hdl.

Kl. 10.44 mætir í dóminum ákærði, Kristján Viðar Viðarsson.

Gætt er ákv. 2. mgr. 77. gr. l. 74/1974.

Skrif. nr.	Bls. nr.
1	22

25

unum, er þeir heyrðu hávaða eins og menn gengju eftir þaki hússins. Þeir fóru strax út til að gá að hvað um væri að vera. Gengu þeir í kringum fangelsið og einn fór upp á þak þess, en þeir urðu ekki varir við neina menn. Þetta var um miðnætti, annað hvort í janúar eða febrúar 1976, en hvaða dag man mætti ekki.

Mætti kannast ekki við það, er ákærði segir að fangaverðir hafi verið inni í klefanum við hlið klefa ákærða og barið þar í veggi.

Mætti kannast ekki við að fangaverðir hafi farið inn í klefa ákærðu að beiðni löggreglumanna og spurt þá um málið.

Akærði kveðst halda fast við framburð sinn frá 13. maí s.l. um rangar sakargiftir.

Frekara samræmi næst ekki í framburðum ákærða og mætta.

Upplesið, játað rétt.

Viku frá kl. 16.00.

Kl. 16.00 kemur í dóminn sem vitni, Gunnar Guðmundsson, forstöðumaður Fangelsisins við Síðumúla, Sunnuvegi 11, Hafnarfirði, fæddur 13. júlí 1918.

Aminntur um sannsögli.

Vitninu er nú kynnt það úr framburði ákærða Kristjáns Viðars frá 13. maí s.l., þar sem það er nafngreint og eins þar sem nefndir eru fangaverðir.

Vitnið kveðst aldrei minnast þess að hafa sagt ákærða Kristjáni Viðari, að ákærði hefði farið í bíl til Keflavíkur

Lis. nr.
1 23

26

ásamt Erlu, Sævari og þriðja manni, sem ekki var nafngreindur. Vitnið kveðst ekki kannast við það, er Kristján Viðar segir um ónæði, sem honum hafi verið gert í Fangelsinu við Síðumúla. Ekki kannast vitnið heldur við viðtöl fangavarða við ákærða svo sem í framburði hans greinir. Vitnið kannast ekki við að löggreglumenn hafi nokkurn tíma beðið fanga-verði að aðstoða við yfirheyrlur í málínu. Vinnutími vitnisins var til kl. 20.00, en oft þurfti það að vera fram yfir miðnætti. Var það aðallega vegna ástands þeirra Kristjáns eða Sævars. Kristján var ýmist þunglyndur eða æstur og þurfti vitnið oft af þeim sökum að vera hjá honum.

Upplesið, játað rétt.

Kl. 16.15 mætir í dóminum ákærði, Kristján Viðar Viðarsson.

Gætt er ákv. 2. mgr. 77. gr. l. nr. 74, 1974.

Akærða er kynntur framburður vitnisins.

Fer nú fram samprófun.

Samprófun reynist árangurslaus.

Upplesið, játað rétt.

Víku frá kl. 16.20.

Kl. 16.20 kemur í dóminn sem vitni Högni Ófeigur Einarsson, rannsóknarlöggreglumaður, áður fangavörður í Fangelsinu við Síðumúla, Eyjabakka 16, fæddur 20. desember 1944.

Áminntur um sannsögli.

Vitninu er kynnt það í framburði Kristjáns Viðars

GUNNLAUGUR BRIEM  
SAKADÓMARI Í REYKJAVÍK

B. Nr. XII. Lagt fram í sakadómi  
Reykjavíkur 13/1977

27

C.S.B.

185

Reykjavík, 16. ágúst 1977

Skjal nr.	Bis. nr.
1	24

Sendi yður hér með, hr. deildarstjóri, endurrit úr framburði Sævars Marinós Ciesielski frá 29. mars s.l. og endurrit af framburði Kristjáns Viðars Viðarssonar 13. maí s.l. Er þess beiðst, að þér látið Sakadómi Reykjavíkur í té greinargerð um ásakanir þær, er koma fram í framburðum þessum á hendur yður, rannsóknarlöggreglumönnum og fangavörðum.

*Gunnlaugur Briem*

Hr. deildarstjóri,  
Örn Höskuldsson,  
Borgartúni 7,  
Reykjavík.

Císpel nr.	Els. nr.
1	25

13. Nr. XIII Lagt fram í sakadómi Reykjavík 13/a'77. 28

SPR. 186

Reykjavík 22. ágúst 1977

Ég undirritaður hefi verið beðinn að láta dóminum í té greinargerð um þær "ásakanir" á hendur mér, lögreglumönnum og fangavörðum sem fram hafa komið hjá gæsluföngunum Sævari Marinó Ciesielski og Kristjáni Viðari Viðarssyni. Ég get ekki tjáð mig neitt um framferði fangavarða í Síðumúlafangelsi en leyfi mér að benda á að það hlýtur að vera ill mögulegt að beita einhvern mann harðræði innan fangelsisins þar sem þar er svo hljóðbært. Um stappið á þakinu er það að segja að það á sér skýringu og gæti það atvik hafa kveikt hugmynd hjá Kr.V.V. Kvöld eitt heyrðist fangavörðum eins og gengið væri eftir þaki fangelsisins og fórustrax upp á þak til þess að athuga hvað um væri að vera. Þar var ekkert og virtist eina skýringin vera sú að vindur hefði haft þessi áhrif en tölувert rok var. Umgang þennan á þakinu heyrðu m.a. þeir Eggert Bjarnason og Sigurbjörn Víðir Eggertsson svo og Kristján Viðar Viðarsson en hann var þá í yfirheyrslu hjá Eggert í hornherbergi. Lögreglumennirnir sögdu mér frá þessu strax næsta dag.

Sævar Marinó reyndi í þinghaldi hinn 11. janúar að bera fyrir sig að hann hefði verið þvingaður til þess að játa á sig sakir í "Guðmundarmálínú". Ég tók ekkert mark á framburði hans þar sem ég vissi betur, en ég var viðstaddir þegar hann skýrði fyrst frá og svo var einnig hans réttargæslumaður Jón Oddson Hrl. og á honum að vera manna best kunnugt um að framburður Sævars er rangur. Ég tek fram að ég ber fullkomið traust til lögreglumannanna og hefi ekki nokkra ástæðu til þess að ætla að þeir gæti ekki settra reglna við yfirheyrslur. Ef ég hefði eitthvað átt að finna að störfum þeirra í sambandi við málssrannsóknir þessar þá var það helst að þeir dekruðu of mikið við sökunauta því þeir voru hlaupandi í fangelsið jafnt á nóttu sem degi því mjög mikið var um að sökunautar létu hringja í þá.

Þegar Erla Bolladóttir og Sævar Marinó höfðu sagt okkur sitt í hvoru lagi sömu söguna um Keflavíkurferðina þá reyndum við strax að leita staðfestingar á sögunni m.a. með því að reyna að hafa


Síða rr.	Eig. nr.
1	26

29  
187

upp á bifreiðum þeim sem Erla sagðist hafa fengið far með til borgarinnar umrætt sinn. Einnig fór ég undirritaður inn í klefa til Kristjáns Viðars og spurði hann hvort hann hefði einhvern tímamann farið með Erlu og Sævari til Keflavíkur. Hann sagðist aldrei til Keflavíkur komið hafa. Ég sagði honum þá að hann myndi verða yfirheyrður á næstunni um það og fór síðan út. Það er fjarstæða að Kristján hafi fengið nöfn fjórmenningana uppgefin hjá lögreglumönnunum. Reynslan af tilburðum Sævars í "Guðmundarmálínú" var lexía sem hefði komið í veg fyrir alla slíka óvarfærni.

Mitt persónulega álit er það að Kristján hafi fljóttlega skammast sín fyrir hinrar röngu sakargiftir og leyti leiða sér til varnar í broti sem honum finnst alvarlegt eins og fleirum.

Ég vona að þessi orð nægi. Ég hefi í raun ekki neitt um þessa framburði að segja annað en það að þeir eru rangir og kynni illvilji sökunauta í garð lögreglumanna og fangavarða að ráð parna einhverju um.



Órn Höskuldsson

Hr. sakadómari  
Gunnlaugur Briem

# DÓMS- OG KIRKJUMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Reykjavík, 30. maí 1979.

Síðul. nr.	Lit. nr.
2	1

30

ÓWS/PJ

Hér með eruð þér, herra vararannsóknarlöggreglustjóri, skipaður til þess, samkvæmt 8. gr. laga nr. 108 1976, um rannsóknarlöggreglu ríkisins, sbr. 3. gr. laga nr. 5 1978, að annast sem rannsóknarlöggreglustjóri meðferð máls vegna bréfs Jóns Oddssonar hrl., dags. 6. marz s.l., til ríkissaksóknara um að gæzlufanganum Sævari Marinó Ciesielski, f. 6. júlí 1955, verði gefinn kostur á að gefa frekari skýrslur varðandi sakarefni hæstaréttarmáls nr. 214/1978 svo og að leggja fram kærur og skýrslur vegna harðræðis, er hann telur sig hafa verið beittan í fangelsinu í Síðumúla í Reykjavík og af hendi rannsóknaraðila málsins.

Ljósrit af bréfi rannsóknarlöggreglustjóra ríkisins, dags. 10. þ.m., ásamt skjölum málsins, fylgir.

F. h. r.

*Ólafur W. Stefánsson*

Pórir Oddsson, vararannsóknarlöggreglustjóri

Afrít:

Rannsóknarlöggreglustjóri  
ríkisins.

## RANNSÓKNARLÖGREGLUSTJÓRI RÍKISINS

HE/þs

Eftirlit nr.	Els. nr.
2	2

31

Kópavogi, 10. maí 1979

Hinn 6. mars s.l. fór Jón Oddsson, hrl., þess á leit við ríkissaksóknara, að gæzlufanganum Sævari Marinó Ciesielski, f. 6. júlí 1955, yrði gefinn kostur á að gefa frekari skýrslur varðandi sakarefni hæstaréttarmáls nr. 214/1978 svo og að leggja fram kærur og skýrslur vegna harðræðis, er hann taldi sig hafa verið beittan í fangelsinu í Síðumúla í Reykjavík og af hendi rannsóknaraðila málsins.

Að tilhlutan ríkissaksóknara var Sævar Marinó Ciesielski kvaddur til skýrslugjafar vegna þessa hinn 6. f.m. Í framhaldi af því hefir rannsóknarlöggreglu ríkisins nú borizt bréf hrl. Jóns Oddssonar, dagsett 7. p.m., ásamt ódagsettu bréfi skjólstæðings hans, Sævars Marinós Ciesielski, þar sem hann gerir nokkra grein fyrir kæruefnum sínum. Þá beiðist lögmaðurinn þess í bréfi sínu "að fá inn í rannsóknina kærubréf séra Jóns Bjarnar, er hann sendi dómsmálaráðuneytinu, svo og skýrslur hjá Ásgeiri Friðjónssyni, sakadómara, varðandi framburði ákærðu."

Með vísan til 8. gr. laga nr. 103, 1976 um rannsóknarlöggreglu ríkisins, sbr. 3. gr. laga nr. 5, 1978, er dómsmálaráðuneytinu hér með send fyrrgreind gögn máls þessa til meðferðar.

*Hallowell Einarsen*

Dómsmálaráðuneytið,  
Reykjavík.

DÓMS- OG  
KIRKJUMÁLARÁÐUNEYTIÐ  
FULLNUSTUSKRIFSTÓRA

11 MAY 1979  
Innk.

Mbl. Áker. J.H.C.

Slipul nr.	bls. nr.
3	1

32

Kópavogi, 9. ágúst 1979  
þ0/þs

Hinn 6. marz s.l. fór Jón Oddsson, hrl., þess á leit við yður, herra ríkissaksóknari, að gæzlufanganum Sævari Marinó Ciesielski, f. 6. júlí 1955, yrði gefinn kostur á að gefa frekari skýrslur varðandi sakarefni hæstaréttar-máls nr. 214/1978 svo og að leggja fram kærur og skýrslur vegna harðræðis, er hann teldi sig hafa verið beittan í fangelsinu í Síðumúla í Reykjavík og af hendi rannsóknar-aðila málsins.

Vegna þessa var Sævar Marinó Ciesielski kvaddur til skýrslugjafar þann 6. apríl s.l.

Í framhaldi af því barst rannsóknarlögreglu ríkisins bréf Jóns Oddssonar, hrl., dags. 7. maí 1979 ásamt ódagsettu bréfi Sævars Marinós þar sem hann gerir nokkra grein fyrir kæruefnum sínum.

Með bréfi dags. 10. maí 1979 sendi rannsóknarlögreglu-stjóri ríkisins dómsmálaráðuneytinu ofangreind gögn til með-ferðar með vísan til 8. gr. l. nr. 108/1976 sbr. 3. gr. l. 5/1978.

Með bréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins dags. 30. maí 1979 sem barst þann 5. júní s.l. var ég undirritaður skipaður til þess, samkvæmt 8. gr. l. 108/1976, um rannsóknarlögreglu ríkisins, sbr. 3. gr. l. nr. 5/1978, að annast sem rannsóknarlögreglustjóri meðferð máls vegna bréfs Jóns Oddssonar, hrl. dags. 6. marz s.l. og áður er rakið.

Undirrituðum hafa borist eftirfarandi gögn, sem varða fyrirhugaða rannsókn

1) Bréf Jóns Oddssonar, hrl., til ríkissaksóknara dags.

6. marz 1979

2) Skýrsla rannsóknarlögreglu ríkisins dags. 6.apríl 1979

Mál.	Lis.
nr.	nr.
3	2

- 3) Bréf Jóns Oddssonar, hrl., til Þóris Oddssonar dags. 7. maí 1979 ásamt ódagsettu bréfi Sævars Marinós Ciesielski
- 4) Bréf Sævars Marinós Ciesielskis dags. 17. maí 1979 ásamt 4 vélrituðum blaðsíðum
- 5) Ódagsett bréf Sævars Marinós Ciesielski til ríkissaksóknara ásamt þremur vélrituðum blaðsíðum (allt í ljósriti)
- 6) Afrit af bréfi Jóns Oddssonar hrl. til ríkissaksóknara dags. 15. júní 1979 um samtal lögmannsins við Hinrik Jón Þórisson, Aðalstræti 13, Ísafirði
- 7) Ljósrit af bréfi Hinriks Jóns Þórissonar, dags. 18. júní 1979 en móttakið af Jóni Oddssyni, hrl., þann 19. s.m.
- 8) Bréf Jóns Bjarman, fangaprests til Jóns Oddssonar, hrl., dags. 25. júní 1979 ásamt 9 vélrituðum blaðsíðum frá Sævari Marinó Ciesielski og 8 ljósrituðum blaðsíðum
- 9) Ljósrit af bréfi Jóns Bjarman, fangaprests til doms-málaráðherra dags. 30. maí 1978
- 10) Ljósrit af bréfi Sigurbjargar Ó. Guðjónsdóttur til Þóris Oddssonar dags. 31. maí 1979 (13 bls)
- 11) Ljósrit af bréfi Sigurbjargar Ó. Guðjónsdóttur til Þóris Oddssonar dags. 29. júní 1979
- 12) 2.tbl. 8.árg. tímaritsins Samúel
- 13) 3.tbl. 9.árg. tímaritsins Samúel
- 14) Ljósrit af bréfi rannsóknarlöggreglustjóra ríkisins dags. 10. maí 1979
- 15) Ljósrit af bréfi doms- og kirkjumálaráðuneytisins dags. 30. maí 1979.

Með vísan til framanritaðs þykir rétt á þessu stigi að senda yður, herra ríkissaksóknari, fyrrgreind gögn til athugunar. Er jafnframt beiðst nánari ákvörðunar yðar um það að hvaða kæruefnum löggreglurannsókn máls þessa skuli beinast.

þ.

Ríkissaksóknari,  
Reykjavík.

Jón Oddsson

HÆSTARÉTTARLÖGMAÐUR

Supreme court attorney  
Avocat à la Cour suprême  
d'Islande

skjal nr.	bis. nr.
4	Fe

GARDASTRATI 2

13040 - 13153

P.O. BOX 561

101 REYKJAVÍK - ISLAND

34

RIKISSAKSÓKNARI

Mars 1979. 76/78

Hr. ríkissaksóknari,  
þórður Björnsson,  
Hverfisgötu 6,  
101 Reykjavík.

REYKJAVÍK. E. mars 1979.

Efni: Beiðni skjólstæðings míns hr. Sævars Marinós Ciesielski um frekari skýrslugjöf og rannsóknir sbr. Hæstaréttarmálið nr. 214/1978.

Méð skírskotan til fyrri viðræðna við yður hr. ríkissaksóknari um ofangreinda tilvitnaða beiðni skjólstæðings míns hr. Sævars Marinós Ciesielski leyfi ég mér hér með fyrir hans hönd, að beiðast þess, að honum verði gefinn kostur á því að gefa frekari skýrslur varðandi ofangreint sakarefni m.a. til skýringar á fyrri framburði, frekari skýrslugjöf svo og leggja fram kærur og skýrslur vegna hardræðis, er hann telur sig hafa verið beittan í fengelsinu í Síðumúla í Reykjavík og af hendi rannsóknaraðila málsins.

Tel ég erindi þetta mjög brýnt fyrir skjólstæðing minn og legg mikla áherslu á, að erindi þetta hljóti skjóta afgreiðslu, þar sem skjólstæðingur minn er um þessar mundir í Hegningarárhúsini í Reykjavík, en er senn á förum á Vinnuhælið að Litla Hrauni. Tel ég og að þessar skýrslur skjólstæðings míns geti haft mjög afdrifarík áhrif á rannsókn málsins og frekari úrvinnslu þess.

Með virðingu,

Jón Oddsson hrl.

RIKISSAKSÓKNARI

34/78

882/79

RANNSÓKNARLÖGREGLA RIKISINS	SKÝRSLA	RLR nr. 2875/79	Skjal nr.	Bla. nr.
		RKS nr. 4		2
Staður og stund: Hegningarhúsið 6.apríl 1979, kl. 10:15.	Nr. ..... lagt fram í sakadómi			
Gerð af: Guðmundi Guðjónssyni, rannsóknarlöggreglum.	35			

Föstudaginn 6. apríl 1979, kl. 10:15 mætir til skýrslugjafar í Hegningarhúsinu í Reykjavík, að eigin ósk, ákærði Sævar Marinó Ciesielski, gæslufangi, f. 6.7.1955, nafnn.

Einnig er mættur verjandi hans Jón Oddsson hrl.  
verjanda  
Tilefni yfirheyrlunnar er bréf/ákærða dags.  
6. mars 1979 til Ríkissaksóknara.

Pórður Björnsson ríkissaksóknari er mættur og leggur fram ofangreint bréf.

Af hálfu Rannsóknarlöggreglu ríkisins eru viðstaddir Pórir Oddsson vararanmsóknarlöggreglustjóri og Guðmundur Guðjónsson rannsóknarlöggreglumaður.

Gætt er ákv, l. málsgr. 40. gr. laga um meðferð opinberra mála. Áminntur um sannsögli.

Akærði reifar lauslega þau sjónarmið sem liggja að baki framlagðs bréfs.

Að því loknu beinir vararanmsóknarlöggreglustjóri því til ákærða að hann setji fram skriflega greinargerð um þau atriði sem hann telur nauðsyn bera til að tekin verði til rannsóknar.

Akærði fellst á þessar málalyktir svo og verjandi hans og ríkissaksóknari.

Fyrirtekt lokið kl. 11:10

Vatnaskar Viðstaddir

Jón Oddsson  
Guðmundur Guðjónsson

Upplesið rétt bókað,

Sævar Marinó Ciesielski

Guðmundur Guðjónsson  
rannsóknarlöggreglumaður

Skjal nr.	Els. nr.
5	1

# JÓN ODDSSON HÆSTARÉTTARLÖGMAÐUR

GARÐASTRÆTI 2 - REYKJAVÍK - PÓSTHÓLF 561 - FASTEIGNADEILD SÍMI 13040 - LÖGFRÆÐIDEILD SÍMI 13153


36

Reykjavík, 7. maí 1979.

Hr. vararannsóknarlöggreglu-  
stjóri ríkisins,  
þórir Oddsson,  
Rannsóknarlöggregla ríkisins,  
Auðbrekku 61,  
200, Kópavogi.

Sendi yður hjálagt bréf skjólstæðings míns. Bið yður  
einnig að fá inní rannsóknina kærubréf séra Jóns Bjarman, er  
hann sendi dómsmálaráðuneytinu, svo og skýrslur hjá Asgeiri  
Friðjónssyni, sakadómara, varðandi framburði ákærðu.

Með virðingu,



- Jón Oddsson, hrl. -

Hjál.:

Skjal nr.	Bls. nr.
5	2

SEVAR MARÍNO CIESIELSKI  
VJNUUJUHLID AD LITLA-HRAUNI.

ÞÓRÐR ODÐSSON  
RANNSIÐKNARLÖGREGLAN  
KOPAVOGI.

37

HATTHERNT FANGAVARÐA I SÍÐUMULAFANGELSTI.

Sent hef ég Þórði Björnssyni ríkissaksóknara ekki alls fyrir löngu skýrslu um efnisleg atriði um aðbúnað í einángrunarklefanum í Síðumulafangelsi en ekki veit ég hver var frumhvöðul að heim refsínnum sem ég burti að bola, enn út frá huglaessu sjónarmiði hafi það verið fangelsisstjórin Gunnar Guðmundsson sem hafi staðið þar að baki.

1.

Það mun hafa verið milli jól og nýárs 1975 að fangavörður Skúli Steinsson og Jóna fangavörður, og Jón Balvin fangavörður koma inn í klefa til míni og Skúli fer að bera upp á mig að ég sé að hamast á bjölluni og það byðir ekkert tyrir mig að þræta. Ég vissi ekkert hvað fangavörðurin væri að fara og hó ég hafi hríngt bjöllunni þá væru heir skildugir að svara.

Stættu síðar kemur Skúli með láatum os ber upp á mig það sama os raðs á mig, og sagði að það yrði emginn hanskatok tekinn á mér.

Skúli kemur í briðja sinn og Erlíngur fangavorður sem var með kiltu í hönd, ég spratt á fætur og sagði að heir væru skildugir að svara og fór fáum g náði í vatn.

2.

I byrjun janúar 1976 skeður það atvik er ég ætla að skrpa fram segjir Högni Einarsson sem kom til ðyra að það væri skipun frá varðsstjóra að ég fengi ekki að fara á klósetið nema alls nakinn, ég lét betta vindum eyru hjóta há hrýnti mér í gólfíð.

Nokkru síenna hríngji ég bjöllunni kemur Örn fangavörður og segjir hið sama, ég var í léttum telrín buxum einum saman þar sem hitinn var svo óbærlegur í klefanum en eftir nokkuðrt bras leyfði hann mér að fara fram eins og ég var klæddur, á leiðinni fram á klóset sá ég Sigurbjörn V. Eggertsson og Jónu fangavarðarkonu inn á varðstofu fangavarða.

3.

Það var um kvöld í byrjun janúar að Högni Einarsson, Erlíngur og Örn fangaverðir komu inn í klefa og sögðust ætla bera mig út í laki, og vöfðu mig inn í laki og sveifluðu mér til og frá.

Skjal nr.	Bla. nr.
5	3

38

4.

I lok desember veiktist ég fyrir hjartanu og mér var skafað hjartalif í byrjun janúar 1976. En hei var búið að neita mér marg oft umlakni man ég há að Guðrún fangaverðarkona á vekt. Rétt eftir að mér var skafað hjartalif var bað tekið af mér með beim orðum að bað væri ekkert að mér nema samviskan var bað Gunnar Guðmundsson fangelsisstjóri.

5.

Eftir að hjartalifið var tekið af mér var mér gért ókleift að ná svefni, heir Erlínur og Högni Einarsson opnuðu klefahurðina ánbess að ég taki eftir hví og skeltu svo bað glumdi í ollu fangelsinu og mun bað ekki hafa farið framhjá nokkrum fanga sem í húsinu bau láti. Þar sem klefim minn var fyrir hliðina á varðstofu fangavarða gerðu þeir sér leik með hví að berja í vegginn.

6.

Heir Skúli Steinsson, Högni Einarsson, Órn og Erlíngur fangaverðir voru tímanum saman inn í klefa að yfirheyra mig og reyna troða sínum hugafóstrum inn í vitund mína að ég væri viðriðinn hvarf Guðmund Einarssonar og begar fram liðu stundir fóru þeir að saka mig að hvarfi Geirfinns Einarssonar.

Bað gérði Gunnar Guðmundsson fangelsisstjóri einnig að ásaka mig og hóta mér enn hann var ávölt einn.

7.

Ég fékk ekki að tala við réttagslumann minn bó hann var var viðstaddir upplestur tvegja sýslna hann 4. og 6. janúar 1976. og var mér neitað af fangelsisstjóra og fengavörðum, fékk ég ekki að tala við Jón Oddsson fyrr en eftir fjóra mánuði eða fram í apríl 1976.

8.

Fangaverðirnar Högni, Skúli, Órn og Erlínur lögðu á mig hendur og höfðu frami marvíslegar hótanir.

Bað sem ég hef riteð hér spynst yfir tímabil desember 1975 og fram í janúar 1976 að mestu en sökum anlegri breytu er mér um megn að endurlifa hessa atburði og læt hví hér staðarnumið að sinni.

VIRÐINARFYLST

Sævar M. Græselsk

RANNSÓKNARLÖGREGLA RÍKISINS	SKÝRSLA	RLR nr. 2875/79	Skjal nr.	Bls. nr.
Staður og stund: Reykjavík 19.9.1979, kl. 11:05		RKS nr.	6	1
Gerð af: Guðmundi Guðjónssyni, rannsóknarlöggreglum.		Nr. .... lagt fram í sakadómi		
				39

Pá mætir til yfirheyrslu í Fangelsinu Síðumúla, Erlingur Guðmundsson, fangavörður, til heimilis að Bjargartanga 20, Mosfellssveit, f. 1.12.1947 í Rvík, nafnn. 2200-9338.

Mætta er kunngert tilefni yfirheyrlunnar, sem eru ásakanir Sævars Marinós Ciesielski um harðræði af hálfu mætta svo og annarra fangavarða.

Viðstaddir yfirheyrluna eru Pétur Guðgeirsson fulltrúi ríkissaksóknara, Jón Oddsson hrl, og af hálfu RLR Þórir Oddsson skipaður rannsóknarlögglustjóri og Guðmundur Guðjónsson rannsóknarlögglumaður.

Gætt er ákv. l. málsggr. 40. gr. laga um meðferð opinberra mála. Áminntur um sannsögli.

Mér er kynntur framburður Sævars Marinós á skjali 5/2 lið nr. 3, sem er svohljóðandi: " Það var um kvöld í byrjun janúar að Högni Einarsson, Erlingur og Örn fangaverðir komu inn í klefa og sögðust ætla að bera mig út í laki, og vöfdu mig inn í lak og sveifluðu mér til og frá."

Ég fullyrði að þetta atvik sem Sævar Marinó talar um hafi aldrei skéð. Ég get ekki sagt til um hvort ég hafi einhvern tíman um þetta leyti verið á vakt með Högna Einarssyni og Erni, en ég vísa á dagbók fangelsisins varðandi það.

Mér er kynntur framburður Sævars Marinós á skjali 5/3 lið nr. 5, sem er svohljóðandi: " Eftir að hjartalyfið var tekið af mér var mér gert ókleift að ná svefni, þeir Erlingur og Högni Einarsson opnuðu klefahurðina án þess að ég tæki eftir því og skelltu svo það glumdi í öllu fangelsinu og mun það ekki hafa farið framhjá nokkrum

40

fanga sem í húsinu þau læti. Þar sem klefinn minn var fyrir hliðina á varðstofu fangavarða gerðu þeir sér leik með því að berja í vegginn".

Ég tel það af og frá að atburðir þessir hafi skeð og eins veit ég ekki til þess að þetta hafi verið gert af öðrum.

Ég man eftir því að Sævar Marinó kvartaði allavega einu sinni undan svefnleysi. Hinsvegar kvartaði hann ekki um að þetta svefnleysi stafaði vegna aðgerða fangavarða.

Mér er kynntur framburður Sævars Marinós á skjali 5/3 lið nr. 6, sem er svo hljóðandi: " Þeir Skúli Steinsson, Högni Einarsson, Örn og Erlingur fangaverðir voru tímanum saman inn í klefa að yfirheyra mig og reyna að troða sínum hugarfóstrum inn í vitund mína að ég væri viðriðinn hvarf Guðmundar Einarssonar og þegar fram liðu stundir fóru þeir að saka mig að hvarfi Geirfinns Einarssonar":

Ég neita því að ég ásamt öðrum hafi verið að yfirheyra Sævar Marinó um þau mál sem hann var grunaður um. Ég ræddi þessi mál hans aldrei við hann og veit ekki til þess að aðrir fangaverðir hafi gert það. Hinsvegar sinnti ég Sævari oft einn enda fer yfirleitt bara einn fangavörður inn í klefa þegar gert er boð eftir okkur af föngunum.

Mér er kynntur framburður Sævars Marinós á skjali 5/3 lið nr. 8, sem er svohljóðandi: " Fangaverðirmir Högni, Skúli og Erlingur lögðu á mig hendur og höfðu í frammi margvíslegar hótanir".

Það er eins með þetta að ég kannast ekki við þetta.

Framh.

*E.G.*


41


Ég er spurður um aðbúnað Sævars Marinós meðan hann dvaldi hér í fangelsinu. Aðbúnaður Sævars var á sama veg og annarra gæslufanga, en gæslu hans og annarra í þessum málum (Geirfinns og Guðmundar mál) var frábrugðið að því leyti að vel var fylgst með að þeir næðu ekki að koma skilaboðum hver til annars. Sævar fékk samskonar mat og aðrir fangar, honum var ekki meinað að reykja og hann fékk - eftir að hafa verið í gæslu í fangelsinu nokkurn tíma - að fara út í fangelsisgarðinn eins og aðrir fangar sem hér hafa verið til langrar dvalar, eftir því sem hann óskaði eftir en það var leyft það einu sinni á dag. Hér í Síðumúlafangelsinu er það venja í sambandi við daglegar útvistir gæsluvarðhaldsfanga, að maður sem sætir gæsluvarðhaldi á þess ekki kost fyrr en eftir að hann hefur verið í fangelsinu í nokkurn tíma. Fer það eftir atvikum, s.s. því hve margir fangar eru í fangelsinu á hverjum tíma og hvernig hægt er að koma því við, þegar lagt er mat á útvistir fanga, hvenær þær skuli hefjast. Ég get ekki sagt til um hvað Sævar Marinó var búinn að vera lengi í gæslu hér í fangelsinu þegar hann fékk að fara í útvist í fangelsisgarðinn. Vísa ég á forstöðumann fangelsisins varðandi það og dagbókina.


Jón Oddsson hrl óskar eftir að mætti verði spurður hvers konar fangi Sævar Marinó hafi verið. Er mætti spurður um þetta.

Ég get ekki sagt að Sævar Marinó hafi verið erfiðari heldur en aðrir fangar. Eins held ég ekki að hann hafi verið með meiri kvartanir heldur en aðrir fangar.

Yfirheyrslu lokið kl. 11:57

  
Pórir Oddsson  
Petur Guðgeirsson  
Jón Oddsson

Upplesið staðfest,  
  
Erlingur Guðmundsson

  
Guðmundur Guðjónsson  
Rannsóknarlöggreglumaður

42

Mánudaginn 24.9.1979, kl. 16:20 mætir til yfirheyrslu í Fangelsinu Síðumúla, Gunnar Marinósson, fangavörður, til heimilis að Hjallavegi 5, Rvík, f. 1.10.1923 í Rvík nafnn. 3374-7942.

Mætta er kunngert tilefni yfirheyrlunnar, sem er, að hann er spurður um hvort fangaverðir hafi verið fengnir til að yfirheyra sakborningana í Geirfinns og Guðmundarmálum.

Mætti er yfirheyrdur sem vitni, kynnt vitnaskyldan og áminntur um sannsögli.

Viðstaddir yfirheyrlunar eru Pétur Guðgeirsson fulltrúi ríkissaksóknara, Jón Oddsson hrl, og af hálfu RLR Þórir Oddsson skipaður rannsóknarlöggreglustjóri og Guðmundur Guðjónsson rannsóknarlöggreglumaður.

Ég kannast ekki við að fangaverðir hafi verið fengnir til að yfirheyra sakborningana og veit ekki til þess að það hafi verið gert, enda er það ekki í okkar verkahring.

Ég er spurður hvort ég viti til þess að fangavörður hafi tekið að sér að ræða þessi mál við fangana, eða sýnt þessum málum einhvern áhuga. Það veit ég ekki til. Hinsvegar hefur margoft komið fyrir að fangarnir hafa sjálfir viljað ræða þessi mál sín við okkur fangaverðina. Undirtektir mínar við slíku er að ég hlusta á viðkomandi fanga, en ræði ekki við þá mál þeirra við þá, nema þeir óski sérstaklega eftir því sjálfir.

Hinsvegar þá veit ég til þess að Skúli Steinsson, fangavörður, var einu sinni sendur að vinnuhælinu Litla Hrauni til að ræða við einhvern dvalarmann þar, sem tengdist þessu máli á einn eða annan hátt, eða talið var að gæti gefið einhverjar upplýsingar í þessum málum.

43

Ég er spurður um aðbúnað Sævars Marinós Ciesielski meðan hann dvaldi hér í Fangelsinu Síðumíla.

Sakborningarnir í þessum málum voru búnir að vera lengi í gæslu þegar þeir fengu "útivistir". Voru þessar "útivistir" daglega, eða að þeim var daglega gefinn kostur á því. Eins fengu þeir dagblöð þegar fór að líða á og þá með leyfi dómarar, en klippt var úr blöðunum allt er skrifað var um mál þau er þeir voru grunaðir um. Sævari var heimilt að reykja eins og öðrum, en uppkomst að hann hafi staðið í bréfaskriftum við annan fanga sem ekki var þó tengdur málinu, og voru þeir þá báðir settir í reykingabann svo og fótjárn. Steingrímur Gautur Kristjánsson héraðsdómari í Hafnarfirði háði sérstaka rannsókn vegna kærhins fangans á þessum aðgerðum. Ég man ekki sérstaklega eftir að Sævar Marinó hafi átt við svefnleysi að striða, en hinsvegar er það ekki óalgengt að - eða algilt - að/snúi við sólarhringnum þ.e. að þeir sofa á daginn og vaka á nóttinni. Sævar hafði sama mat og aðrir fangar svo og fangaverðir sem á vakt voru.

Yfirheyrslu lokið kl. 16:48

Pólyr Oddsson  
Þórir Guðgeirsson  
Jón Oddsson

Upplesið staðfest,  
*Gunnar Marinósson*  
Gunnar Marinósson

*Cuomundur Guðjónsson*  
Rannsóknarlöggreglumaður

44

Miðvikudaginn 19.9.1979, kl. 14:15 mætir til yfirheyrslu á skrifstofu RLR Högni Einarsson, fyrrverandi fangavörður, til heimilis að Eyjabakka 16, Rvík, s. 74290, f. 20.12.1944, nafnn. 4453-7656.

Mætta er kunngert tilefni yfirheyrlunnar, sem eru ásakanir Sævars Marinós Ciesielski um harðræði af hálfu mætta svo og annarra fangavarða.

Viðstaddir yfirheyrluna eru Pétur Guðgeirsson fulltrúi ríkissaksóknara, Jón Oddsson hrl og af hálfu RLR Þórir Oddsson skipaður rannsóknarlögreglustjóri og Guðmundur Guðjónsson rannsóknarlöggreglumaður.

Gætt er ákv. l. málsgr. 40. gr. laga um meðferð opinberra mála. Aminntur um sannsögli.

Mér er kynntur framburður Sævars Marinós á skjali 5/2 lið nr. 2, sem er svohljóðandi: " í byrjun janúar 1976 skeður það atvik er ég ætla að skrapa fram segir Högni Einarsson sem kom til dyra að það væri skipun frá varöstjóra að ég fengi ekki að fara á klósettið nema nakinn, ég létt petta vind um eyru þjóta þá hrinti mér í gólfíð".

Eg kannast alls ekki við petta og kannast ekki við að slíkar skipanir hafi verið gefnar hvorki gagnvart Sævari né öðrum. Eg kannast ekki við að hafa lagt hendur á

Sævar og man alls ekki eftir að hafa tekið nokkrum sinnum á honum, hvað þá að hafa hrint honum í gólfíð.

Mér er kynntur framburður Sævars Marinðs á skjali 5/2 lið nr. 3, sem er svohljóðandi: " Það var um kvöld í byrjun janúar að Högni Einarsson, Erlingur og Örn fangaverðir komu inn í klefa og söðgust ætla að bera mig út í laki, og vöfðu mig inn í lak og sveifluðu mér til og frá".  
 Þetta er alveg af og frá og kannast ég alls ekki við að þetta skeð. Ég vil taka fram að mér finnst mjög ólíklegt að ég hafi verið á vakt með þeim Erni og Erlingi samtímis, þótt svo að það hafi getað verið, en það er þá hægt að sjá það í dagbókinni.

Mér er kynntur framburður Sævars Marinðs á skjali 5/3 lið nr. 5, sem er svohljóðandi: " Eftir að hjartalyfið var tekið af mér var mér gert ókleift að ná svefni, þeir Erlingur og Högni Einarsson opnuðu klefahurðina án þess að ég tæki eftir því og skelltu svo það glumdi í öllu fangelsinu og mun það ekki hafa farið framhjá nokkrum fanga sem í húsinu þau læti. Þar sem klefinn minn var fyrir hliðina á varðstofu fangavarða gerðu þeir sér leik með því að berja í vegginn".

Þetta er eintóm vitleysa og kannast ég alls ekki við þetta, enda er reynt að hafa eins hljótt í fangelsinu eins og hægt er.

Mér er kynntur framburður Sævars Marinðs á skjali 5/3 lið nr. 6, sem er svohljóðandi: " Þeir Skúli Steinsson

46

Högni Einarsson, Örn og Erlingur fangaverðir voru tímunum saman inn í klefa að yfirheyra mig og reyna að troða sínum hugarfóstrum inn í vitund mína að ég væri viðriðinn hvarf Guðmundar Einarssonar og þegar fram liðu stundir fóru þeir að saka mig að hvarfi Geirfinns Einarssonar".

Ég kannast ekki við þetta og veit ég ekki til þess að Sævar né aðrir hafi verið yfirheyrðir af fangavörðum. Hinsvegar kom það fyrir að Sævar var sjálfur að nefna einstök atriði þegar verið var að sinna honum en það er alrangt að við fangaverðirnir höfum verið að sitja yfir Sævari til að fá hann til að ræða þessi mál, eða verið með yfirheyrslur yfir honum. Ég man ekki til þess að ég hafi neitt tekið undir það þegar Sævar var að ræða þessi mál sín.

Mér er kynntur framburður Sævars Marinóss á skjali 5/3 lið nr. 8, sem er svohljóðandi: " Fangaverðirnir Högni, Skúli, Örn og Erlingur lögðu á mig heldur og höfðu í frammi margvíslegar hótanir".

Ég kannast ekki við það og er það rangt. Eins minnist ég þess ekki að Sævar hafi kvartað undan meðferð fangavarða á sér við mig.

Ég er spurður um aðbúnað Sævars Marinóss meðan hann dvaldi í Fangelsinu Síðumúla. Ég tel að Sævar Marinó hafi haft sama aðbúnað og aðrir fangar. Ég get ekki sagt til um "útvistir" gæslufanganna varðandi "Guðmundar og Geirfinnsmál" annað en að eitthvað hefur verið liðið á tímann að þeir hafi

Framh.

Priðjudaginn 25.9.1979, kl. 10:13 mætir  
 á skrifstofu RLR Örn Armann Sigurðsson,  
 fyrrverandi fangavörður, til heimilis að  
 Hamri, Mosfellshreppi, f. 12.11.1948,  
 nafnn. 9923-5586.

Mætta er kunngert tilefni yfirheyrslunnar,  
 sem eru ásakanir Sævars Marinóð Ciesielski  
 um harðræði af hálfu mætts svo og annarra  
 fangavarða í Fangelsinu Síðumúla.

Viðstaddir yfirheyrsluna eru Pétur Guðgeirsson  
 fulltrúi ríkissaksóknara, Þórir Oddsson  
 skipaður rannsóknarlögrelustjóri og  
 Guðmundur Guðjónsson rannsóknarlögreglumaður.  
 Jóni Oddssyni hrl var tilkynnt um  
 yfirheyrsluna en er ekki mættur.

Gætt er ákv. 1. málsgr. 40. gr. laga  
 um meðferð opinberra mála. Aminntur um  
 sannsögli.

Mér er kynntur framburður Sævars Marinóð Ciesielski  
 á skjali 5/2 lið 3, þar sem hann greinir frá að  
 ég ásamt öðrum fangavörðum hafi vafið Sævar Marinóð  
 inn í lak og sveiflað honum til.

Það eina sem ég get sagt til um þetta er, að þetta  
 eru hrein ósanhindi - það hefur ekkert skeð í líkingu  
 við þetta. Ég vil taka fram að ég hef aldrei lagt hendur  
 á Sævar Ciesielski.

Mér er kynnt að grunur leiki á að ég og fleiri  
 fangaverðir hafi verið að yfirheyra gæslufangana um  
 mál þau sem þeir voru grunaðir um.

Ég vil taka fram að ég hef ekki verið að yfirheyra  
 Sævar Marinóð eða aðra fanga. Eins veit ég ekki til  
 þess að aðrir fangaverðir hafi verið að yfirheyra fangana.

Framh.

49

Hinsvegar þá virtust pessi mál sakborningaðna liggja mjög þungt á þeim og þeir hafa mikla þörf fyrir að ræða pessi mál sín við fangaverði - sérstaklega Sævar og þá aðallega við mig. Það sem ég sagði Sævari var, að hann skyldi segja sannleikann við yfirheyrlur rannsóknaraðilanna.

Ég er spurður um aðbúnað Sævars Ciesielski í Síðumúlafangelsinu. Tel ég að hann hafi sætt svipuðum aðbúnaði og aðrir fangar.

Ég er spurður að því hvort ég hafi orðið var við að Sævar Marinó hafi verið beittur harðræði á einhvern hátt meðan á dvöl hans stóð þarna í Síðumúlafangelsinu.

Ég veit ekki til þess - man ég ekki eftir neinu sem var öðruvísi í sambandi við hann heldur en aðra fanga. Ég kannast ekki við óeðlilega hurðaskelli eða annan hávaða. Hinsvegar var mjög hljóðbært þarna í fangelsinu. Hurðaskellir heyrðust helst þegar aðrir en fangaverðir voru að ganga um s.s. lögreglumenn og lögmenn, en þá í 6gáti en ekki gert af ásettu ráði.

Yfirheyrslu lokið kl. 10:40

Upplesið staðfést,  
Orn Armann Sigurðsson

Póir Oddson  
Pétur Guðgeirsson

Guðmundur Guðjonsson  
rannsóknarlöggreglumaður

Hinsvegar þá virtust þessi mál sakborningaðna liggja mjög þungt á þeim og þeir hafa mikla þörf fyrir að ræða þessi mál sín við fangaverði - sérstaklega Sævar og þá aðallega við mig. Það sem ég sagði Sævari var, að hann skyldi segja sannleikann við yfirheyrslur rannsóknaraðilanna.

Ég er spurður um aðbúnað Sævars Ciesielski í Síðumúlafangelsinu. Tel ég að hann hafi sætt svipuðum aðbúnaði og aðrir fangar.

Ég er spurður að því hvort ég hafi orðið var við að Sævar Marinó hafi verið beittur harðræði á einhvern hátt meðan á dvöl hans stóð parna í Síðumúlafangelsinu.

Ég veit ekki til þess - man ég ekki eftir neinu sem var öðruvísi í sambandi við hann heldur en aðra fanga. Ég kannast ekki við óeðlilega hurðaskelli eða annan hávaða. Hinsvegar var mjög hljóðbært parna í fangelsinu. Hurðaskellir heyrðust helst þegar aðrir en fangaverðir voru að ganga um s.s. löggreglumenn og lögmenn, en þá í ógáti en ekki gert af ásettu ráði.

Yfirheyrslu lokið kl. 10:40

Upplesið staðfést,

*Órn Armann Sigurðsson*  
Órn Armann Sigurðsson

*Póir Oddson*  
Póir Oddson  
*Pétur Guðgeirsson*  
Pétur Guðgeirsson

*Gudmundur Guðjónsson*  
Rannsóknari og reglumaður

50

Laugardaginn 29.9.1979, kl. 13:35 mætir til yfirheyrslu á skrifstofu RLR Gunnar Guðmundson, forstöðumaður Fangelsisins Síðumúla 28, Rvík, til heimilis að Sunnuvegi 11, Hafnarfirði, s. 50052, f. 13.7.1918, nafnn. 3354-5770.

Mætta er kunngert tilefni yfirheyrlunnar, sem eru atriði sem koma fram í greinargerð Sævars Marinós Ciesielski á skjali 5/2 lið 2, skjali 5/3 lið 4 og skjali 5/3 lið 6.

Gætt er ákv. 1. málsgr. 40.gr. laga um meðferð opinberra mála. Aminntur um sannsögli.

Viðstaddir yfirheyrluna eru Pétur Guðgeirsson fulltrúi ríkissaksóknara, Jón Oddsson hrl, Þórir Oddsson skipaður rannsóknarlöggreglustjóri og Guðmundur Guðjónsson rannsóknarlöggreglumaður

ur  
Mér er kynnt liður 2 á skjali 5/2 í greinargerð Sævars Ciesielski.

Ég hef aldrei gefið skipun um slikt og mun aldrei gera. Er ég fyrst að heyra um þetta núna við þessa yfirheyrslu.

Mér er kynntur framburður Jónu Sigurjónsdóttur varðandi þetta atriði á skjali 24/6.

Þetta er hlutur sem er hrein ósannindi, þar sem þetta er hlutur sem ég myndi muna eftir.

Aðspurður af Jóni Oddssyni hrl þá telur mætti það mjög ólíklegt að einhver annar yfirmáður fangelsisins hafi gefið slika fyrirskipun án <sup>hans</sup> ~~mánnan~~ vitundar.

*Eg.* Mér er kynntur liður 4 á skjali 5/3 í greinargerð Sævars Ciesielski.

Þessi bókun Sævars er algjörlega ósönn einfaldlega vegna þess að það er læknis að ákveða hvaða lyf<sup>áð</sup> skölluð eru og það er sömuleiðis læknisins að ákveða/lyfjagjöf er hætt. Ég minnist ekki eftir að hafa sagt þau orð sem vitnað er til.

Ég man ekki betur en að Sævar hafi farið til Guðmundar Oddssonar læknis, að fyrirlagi fangalæknisins Guðsteins Þengilssonar.

Mér er kynntur liður 6 á skjali 5/3 í greinargerð Sævars Ciesielski.

Ég hef ekki hótað Sævari einu eða neinu og ef fangaverðir hafa verið að yfirheyra Sævar þá hefur það verið án minnar vitundar. Ég yfirheyrði ekki þessa menn.

Ég er spurður hvort efnisatriði þessara mála hafi komið til tals milli míν og Sævars Ciesielski. Get ég svarað því játandi. Mig minnir að það hafi verið 1 janúar 1976, að Sævar bað mig um að tala við sig og þá var hann ákaflega miður sín, nánast hágrátandi. Þá sagði hann mér frá tildögum að hvarfi Guðmundar Einarssonar, án þess að ég væri að spurja hann um það mál að neinu leyti. Ég vil taka það fram að fangarnir koma oft að máli við okkur varðandi ýmislegt sem við eigum ekki gott með að neita að ræða við þá.

Ég er spurður hvað ég hafi gert með þessa vitneskju.

Ég sagði Sævari að þar sem hann hefði sagt mér frá þessu þá gæti ég ekki þagað yfir þessu, en gaf honum 3 daga frest til að skýra rannsóknaraðilum frá þessu og það gerði hann og man ég ekki betur en að Jón Oddsson hrl hafi verið viðstaddir þá skýrslugjöf.



Ég er spurður um það af Jóni Oddssyni hrl hvort einhver fangavörður hafi verið sendur að vinnuhælinu Litla Hrauni til að yfirheyra.

*Hvener?*  
Ég veit það ekki en hinsvegar minnist ég þess að Örn Höskuldsson bað mig eitt sinn að fá Skúla Steinsson fangavörð lánaðan einhverrra erinda að Vinnuhælinu Litla Hrauni. Ég varð við þessari beiðni.

52

Yfirheyrslu lokið kl. 14:23

Upplesið staðfest,

  
Gunnar Guðmundsson  
Þórir Oddsson  
Pétur Guðgeirsson  
Jón Oddsson  
Guðmundur Guðjónsson  
rannsóknarlögðeiglamaður

Sunnudaginn 30.9.1979, kl. 14:45 mætir til yfirheyrslu á skrifstofu RLR Skúli Ægir Steinsson, forstöðumaður, til heimilis að Hraunbæ 24, Rvík, s. 82207, f. 7.12.1941, nafnn. 8183-7910.

Mætta er kunngert tilefni yfirheyrlunnar, sem eru atriði er koma fram í greinargerð Sævars Marinós Ciesielski á skjali 5/3 lið 6 og 8.

Gætt er ákv. 1. málsgr. 40. gr. laga um meðferð opinberra mála. Aminntur um sannsögli.

Viðstaddir yfirheyrluna eru Pétur Guðgeirsson fulltrúi ríkissaksóknara, Jón Oddsson hrl, Þórir Oddsson skipaður rannsóknarlögglustjóri og Guðmundur Guðjónsson rannsóknarlögglumaður.

Varðandi lið 6 í greinargerð Sævars Ciesielski, þá vil ég taka fram að petta er rugl. Hinsvegar þá kom það þónokkuð oft fyrir að Sævar kallaði á mig og vildi tjá sig um pessi mál. Ég man að þegar hann tjáði sig fyrst um petta þá sagði ég mínum yfirmanni, Gunnari Guðmundssyni, frá því.

Ég man ekki hvort það var Gunnar Guðmundsson eða rannsóknar- aðilar þessara mála sem sögðu mér að taka það Sævar segði niður á blað og afhenda þeim það. Það var tekið fram við mig að láta engann sjá petta sem kæmi frá Sævari nema Gunnar Guðmundsson eða rannsóknaraðilana. Það kom síðan að ég afhenti rannsóknaraðilunum slíka upplýsingamiða.

Ég er spurður hvort Sævar hafi vitað til þess að ég skráði það niður sem hann sagði mér og afhenti rannsóknaraðilum. Sævar vissi af því og kom það fyrir að hann létt mig hafa miða til að afhenda rannsóknaraðilunum, sem Sævar skrifaði ~~sjálfur~~ sjálfur.

Framh.

Ég er spurður um það hvort ég geti borið um það af eigin raun hvort aðrir fangaverðir hafi gert slíkt hið sama. Nei það get ég ekki, það verður hver að svara fyrir sig.

Varðandi lið 8 í greingargerð Sævars Ciesielski þá vil ég taka fram að mér finns þetta varla vera svaravert þar sem þetta er það mikil fjarstæða.

Ég er spurður hvort ég hafi verið beðinn um að fara ferð austur á Vinnuhælið Litla Hrauni.

*Hvenær* Ég man eftir því að hafa farið að beiðni Arnar Höskuldssonar og annarra rannsóknaraðila austur að Vinnuhælinu ~~kirkjukirkjum~~ Litla Hrauni og ræða þar við Pál Elísson um hvarf á stúlkum er fannst síðan látin í Vík í Mýrdal. Astæðan fyrir því að ég var valinn til þessarar ferðar var sú, að ég hafði starfað á Litla Hrauni og þekkti auk þess Pál Elísson.

Ég er spurður um það af Jóni Oddssyni hr1 hvort ég hafi tekið pátt á leit í sambandi við Guðmundar og Geirfinnsmál.

Ég svara því játandi og vísa í því sambandi á dagbók Síðumúlafangelsisins.

Yfirheyrslu lokið kl. 15:15

Upplesið staðfest,

*Jón Oddsson* *Skuli Steinsson*  
Jón Oddsson Skuli Steinsson  
*Kelur Guðgeirsson*  
*Jón Oddsson*

*Guðmundur Guðjónsson*  
Rannsóknarlöggreglumaður

Skjal nr.	Ela. nr.
7	1

LITLA-HRAUNI  
17.-maí 1979,  
55

Mr. Þórir

Ég er svo undleg freyður og slægður  
at nýg længar at bídja sig hvort sér  
getið fengið manneskjú mér til  
áðsþodar heilst Gísli Guðmundsson  
í fjöra eða fimm klukkustundir,  
ef Gísli hefur ekki tímá þá einhvern  
hlutlausum afili.

Sætt at segja er ég östurfshæfur eftir  
þessar tveggja ára einangrunar alvöld  
og þau clagr betur, á sinum tímá í  
algjoru hrefftungar Leysi.

Þórir

Sævar M. Gíeselski

56

Þess skal getið, að eigi þótti ástæðu til að verða við framangreindri beiðni Sævars Marinó Ciesielski á skjali 7/1.

Póirir Oddsson  
*Jón Ólafsson*  
skipaður rannsóknarlöggreglustjóri.

Guðmundur Guðjónsson  
*Guðmundur Guðjónsson*  
rannsóknarlöggreglumaður.

Skjali nr.	Bla. nr.
8	1

SEVAR MARÍNO CIESIELSKI  
VINNUHÉLIÐ AD LITLA-HRAUNI.

HR. ÞÓRIR ODDSSON  
RANNSÓKNARLÖGREGLAN  
KOPAVOGI.

57

GUÐMUNDARMÁLIÐ

Það mun hafa verið þann 17.eða 18.desember 1975 að ég er boðaður til yfirheyrslu í Síðumúlafangelsi þar sem ég sat í gæsluvarðhaldi, og borið uppá mig að hafa tekið þátt í líkamsáras með Kristjáni V. Viðarssyni aðfaranótt þann 27.janúar 1974 að Hamarsbraut Hafnarfirði. Daginn eftir er ég boðaður til yfirheyrslu á ný hjá Eggerti Bjarnasyni og Sigurbirni V. Eggertssyni og er ég keirður út í Hafnafjarðarhraun Eggert sat undir stíri og voru þeir á Bronko bifreið tel ég að Jónas Bjarnason rannsóknalöggreglumaður hafi átt þann bíl en ekki veit ég það með vissu. Þeir bera það uppá mig að hafa farið með dáinn pilt út í hraun, mér var beitt harðræði, hótað og svívirtur.

Það var farið með mig nokkrum sinnum í kolsvarta mirkri og brjáluðum byl, út í Hafnafjarðarhraun og átti ég að benda á stað sem einhver piltur væri niður kominn, ég vissi ekcert hvað þeir væru að tala um og sá ég enga ástæðu hvers vegna Kristjá Viðar, Tryggvi Rúnar og Albert Klan væru að ljuga uppá mig sakir og hvað þá barnsmódir míin.

Það mun hafa verið að kvöldi þann 20.desember 1975 að Örn Höskuldsson og Jón Oddsson hrl. koma inn í yfirheyrsluherbergi, Örn tjáir að Erla Bolladóttir hafi eyðsvarið skýrlu og hóf lestur ég bað um að hætt yrði lestur og sagði orðrétt, að þeir hafi sjálfir smíðað það sem í skýrsluni greindi eðapvýngar Erlu til að gera þessa skýrslu, ég ítrekaði sakleisi mitt og óskaði að fjarvistir yrðu kannaðar.

Jón Oddsson hrl. óskaði að skýrslutaka yrði frestað.

Það mun hafa verið 4.janúar 1976 að ég tek undir sagnir, en þeir Eggert Bjarnason og Sigurbjörn V. Eggertsson lofuðu mér því að losna ef ég segðist hafa verið að Hamarsbraut Hafnarfirði aðfaranótt 27. janúar 1974 með Kristjáni Viðari og Tryggva Runati þar sem þér áttu að hafa ráðist á pilt, ég tók skýrsluna til baka þar sem ég gæti ekki farið með sem ég vissi ekcert um en ég var búinn að vera í löngum og hörðum yfirheyrslum þegar ég skrifaði undir skýrsluna.

Jón Oddsson var viðstaddir upplestur skýrsluna og gerði ég engar athugunarsemdir þar sem Eggert Bjarnason gaf mér loforð um að losna sem ég bráði heitast að vera hjá unnstu minni og barni. Ónnur skýrsla var gerð þann 6.janúar 1976 og fór það á sömu lund og fyrsta skýrslan.

Skjal nr.	Bla. nr.
8	2

Meðferðin í yfirheyrslum og framkoma fangavarða í Síðumúlafangeisi kom því til leiðar að ég tók undir framburði löggreglumanna sem átti að hafa komið frá Kristján Viðar, Tryggva Rúnari og Albert Klan.

Þann 11.janúar 1976 kem ég fyrir Örn Höskuldsson fulltrúa og kæri þá rannsóknalöggreglumenninna að hafa þvýngað mig til skýrslugjafar þann 4.og 6. janúar um hvar á pilti sem ég vissi ekkert um, en hann létt það vind um eyru þjóta og framlengdi gæsluvarðhaldið um 60.daga.

Ég óskaði að kæra útskurða gæsluvarðhaldst til Hestaréttar en Örn sagði að það þýtti ekkert fyrir mig að kæra. Ég bað um réttagæslumann þá var mér sagt að ég hefði ekkert við hann að tala.

I dómpíngi þann 11.janúar sem um getur var ekkert bókað um kröfur mínar en hann getur þess samt sem áður í brefi sem hann sendi sakadómurum í Guðmundar og Geirfinnsmálum á bl.827 í dómnum í bók þrjú.

Hann hefur bókað á þessu þómpíngi að ég átti að hafa sagt að ég hafi lent í átökum við Guðmund Einarsson, þetta er helber ósannindi að ég hafi sagt slíkt og mun túlkast sem skjalafals, og vitna ég í hans eigin orðmæli á bl.827 að hann hafi ekkert tekið mark á mér þar sem hann taldi sig vita betur.

Sökum andlegu þrejtum læt ég hér staðar numið að sinni, mér er um megn að rifja slík hörmung upp þó líff mitt sé í veði.

#### VIRÐÍNGARFYLLST



Skjal nr.	Bls. nr.
8	3

NIÐURSTÖÐUR DOMS I SAKADÓMI RVK.

I GUÐMUNDARMÁLI.

59

bls.229.

Ákærðu Kristján Viðar, Sævar Marinó og Tryggvi Rúnar halda fram að fyrri framburður þeirra um atvik máls þess séu komnir frá rannsóknarlöggreglumönnum og hafi verið fengnir með þvíngunum og hótunum af þeirra hálfu.

Hafi þeir sætt illri og löglausri <sup>MEDFERD AF</sup> rannsóknamanna og fangavarða.

bls.237.

Tæp tvö ár liðu frá hvarfi Guðmundar uns grunur beindist að ákærðu og hafa engin sýnileg sönnunargögn fundist er tengir ákærðu óhyggjandi að verknaðinum.

bls.230.

Ásakanir ákærða Sævar Marinós á hendur rannsókarlöggreglumannum og fangavarða lúta að því virðist að atvikum sem gerðust löngu síðar og verður vart séð af hverju þvíngarnar hefðu átt að miða, þar sem játningar ákærðu lá fyrir.

bls.230.

EKKI verður annað ráðið af skýrslum rannsóknarlöggreglu um mál þetta en ákærðu hafi skýrt frá málsatvikum sjálfstætt og hver í sínu lagi.

bls.230.

Eftir að ákærðu breyttu framburði sínum, héldu þeir því fram að þeir hefðu verið annarstaðar en að Hamarsbraut ll. umræddu nótt, en engar sannanir eða líkur hafa komið fram um það.

bls.230.

Þar sem ákærðu hafa ekki fært nein heilbær rök til stuðnings breytingum á fyrri framburðunum sínum verður breytingum hafnað.

bls.230.

Framburður þeirra í upphafi rannsóknar fyrir dómi verða lagðir til grundvallar við úrlausn málsins og jafnframnt höfð hliðsjón af efnislegum framburðum þeirra um málið.

bls.238.

Með eigin játningum ákærðu Kristjáns Viðars, Sævars Marinó og Tryggva Rúnars, og öðrum gögnum málsins, sem hér að framan hafa verið rakin, telst lögfull sönnun fram komin að ákærðu hafa veist að Guðmundi Einarssyni með líkamlegu ofbeldi og misþyrmt honum svo að hann hlaut bana af, en síðan falið líkið.

Skjal nr.	Bis. nr.
8	4

## 60

Óska ég að Kristján Viðar Viðarsson, Tryggvi Rúnar Leifsson, Albert Klan Skaftason og Erla Bolladóttir enfremur Guðjón Skarphéðinsson verði spurð hvers vegna að þau hafi borið upp á mig sakir í Guðmundar máli sem eru ákærð í því máli og svo Geirfinnsmáli.

Útfrá dómsniðurstöðum tel ég að skýring verði að fást svo hækta er að sjá hvort það séu rök fyrir málefni mínu og aðra ákærðu að við höfum verið leidd í yfirheyrlum.

Pess skal getið og verður að koma skýrt fram að 20.desember 1975 er gjörð í þessu svokölluðu Guðmundarmáli fyrsta skýrsla og undirreit Erla Bolladóttir og eyðavar en henni var sleppt úr gæsluvarðhaldi sama dag. Albert Klan Skaftason undirritar skýrslu 23.desember 1975 og Kristján Viðar Viðarsson þann 29.desember 1975. Tryggvi Rúnar Leifsson undirreit skýrslu þann 9.janúar 1976 og eru allar þessar skýrslur í ósamrími við hvor aðra sem ekkert lag né viti nemur.

Rannsókn stóð yfir í tvö ár tæp og hafa enginn sönnunar gögn komið fram og er ósamrímið þó meir en í upphaf málsins, og kærur hafa komið fram um þvýnganir og ýmis brögð sem lögreglumenn höfðu beitt við fyrstu skýrslur þessara mála.

Sér hver vitiborinn maður getur eigi litið fram hjá þeiri staðreind að slík mál eins og þessi Guðmunar og Geirfinnsmál á ekki skyldt við raun veruleikann þar sem engar sannanir liggja fyrir og er aðeins byggð á söguburði einum.

Mönnum virðist vera það eigi ljóst hversu gæsluvarðhald vist hefur í för með sér þá gífulega frelsiskerðingu sem breinglar persónuleik manns. Án félagslega umhverfis setur sjálfið ekki hrðast og með lengvarndi einángrunardvöl eyðilegst sjálfið eða breinglast, af þeirri ástæðu að sjálftið fær ekki lengur staðfestingu í umhverfinu, maðurinn er ekki þá lengur sjálfs sins herra og er hækta að móta hann eins og leir.

Vitna ég hér í sociologju sem hefur verið kennd hér og lögfræðimenntaðir menn hafa lesið á sínum skólaárum.

RANNSÓKNARLÖGREGLA RÍKISINS	SKÝRSLA	RLR nr. 2875/79	Skjöl nr.	Bls. nr.
Staður og stund: Kópavogur 26.9.1979, kl. 17:00		RKS nr.	9	1
Gurð af: Guðmundi Guðjónssyni, rannsóknarlöggreglum.		Nr. .... lagt fram í sakadómi		
			61	

Pá mætir til yfirheyrslu á skrifstofu RLR  
Eggert Norðdal Bjarnason, rannsóknarlöggreglu-  
maður, til heimilis að Hverfisgötu 90, Rvík,  
f. 25.7.1937 í Reykjavík, nafnn. 1703-6076.

Mætta er kynnt fyrsta mgr. í greinargerð  
Sævars Ciesielski á skjali 8/l þar sem  
fram kemur að Sævar er með ásakanir um  
haröræði á hendur sér af hálfu/svo og  
annarra rannsóknarlöggreglumanna.

Gætt er ákv. l. mgr. 40. gr. laga um  
meðferð opinberra mála. Aminntur um sannsögli.  
Viðstaddir yfirheyrluna eru Pétur Guðgeirsson  
fulltrúi ríkissaksóknara, Jón Oddsson hrl,  
Þórir Oddsson skipaður rannsóknarlöggreglustjóri  
og Guðmundur Guðjónsson rannsóknarlöggreglumaður.

Ég man ekki sérstaklega eftir þessari ferð í Hafnarfjarðar-  
hraun með Sævar Ciesielski, en tek fram að ég fór margar  
ferðir með Sævar þangað til leitar svo og fleiri aðila.

Að öðru leyti vísa ég til framburða minna fyrir sakadómi  
Reykjavíkur.

Ég er spurður hvort ég muni til þess að hafa ekið F-Bronco  
bifreið sem Jónas Bjarnason kunni að hafa átt. Ég minnist  
þess ekki.

Ég óska eftir að taka fram eftirfarand:

" Ég man eftir því að eitt sinn ræddi starfsmaður í  
bandarískra sendiráðinu við Sævar Ciesielski, sem er einnig  
bandarískur ríkisborgari, í Fangelsinu við Síðumála að  
mér, Sigurbirni Víði Eggertssyni og Jóni Oddssyni hrl,  
viðstöddum. Þá kvartaði Sævar við bandaríkjamaninn yfir því

*E.N.B.*

Framh.

að hann hefði verið beittur ofbeldi. Bandaríkjamaðurinn spurði Sævar nánar hvernig það ofbeldi hafi verið og því samtali lauk með því, að Sævar sagði að um andlegt ofbeldi væri að ræða".


Jón Oddsson hrl er að því spurður hvort hann vilji eitthvað segja um þetta.

Jón Oddsson hrl segist muna til þess að hann hafi í nokkrum tilvikum farið með bandarískra ræðismanninn í Síðumála- fangelsið til viðræðna við Sævar Ciesielski og segist muna eftir atviki á slíkum fundi og á svipaðan hátt og Eggert Bjarnason hefur skýrt frá.

Yfirheyrslu lokið kl. 17:20

Upplesið staðfest,

  
Eggert N. Bjarnason

  
Pólin Oddsson  
Pétur Guðgeirsson  
Jón Oddsson

  
Guðmundur Guðjónsson  
Rannsóknarlöggreglumaður

63

Fimmtudaginn 27.9.1979, kl. 10:25 mætir til yfirheyrslu á skrifstofu RLR Sigurbjörn Viðir Eggertsson, rannsóknarlöggreglumaður, til heimilis að Yrsufelli 40, Rvík, f. 19.7.1948 á Siglufirði, nafnn. 7798-6502.

Mætta er kynnt tilefni yfirheyrlunnar, sem eru ásakanir Sævars Marinós Ciesielski á hendur mætta auk annarra rannsóknarlöggreglumanna, er Sævar Marinó nefnir í fyrstu mgr. greinargerðar sinnar á skjali 8/1.


Gætt er ákv. l. mgr. 40. gr. laga um meðferð opinberra mála. Aminntur um sannsögli.


Viðstaddir yfirheyrluna eru Pétur Guðgeirsson fulltrúi ríkissaksóknara, Jón Oddsson hrl, Þórir Oddsson skipaður rannsóknarlöggreglustjóri og Guðmundur Guðjónsson rannsóknarlöggreglumaður.


Ég man ekki sérstaklega eftir þessari ferð, en mótmæli því að hafa hótað Sævari, beitt hann harðræði og svívirt hann. Ég vil taka fram að ég fór margar ferðir út í hraun með Sævar og fleiri og get ekki sagt til um hvort ég hafi farið með þessum aðilum saman þangað, eða farið á Bronco bifreið, annað en að farið var á allskonar bifreiðum.


Yfirheyrslu lokið kl. 10:33

Upplesið staðfest,

  
Sigurbjörn Viðir Eggertsson

  
Þórir Oddsson

  
Pétur Guðgeirsson

  
Jón Oddsson

  
Guðmundur Guðjónsson  
rannsóknarlöggreglumaður

64

Föstudaginn 28.9.1979, kl. 10:05 mætir til yfirheyrslu á skrifstofu RLR Jónas Bjarnason, rannsóknarlöggreglumaður, til heimilis að Bakkagerði 3, Rvík, f. 2.5.1925 í Austur-Húnavatnssýslu, nafnn. 5247-1230.

Mætta er kunngert tilefni yfirheyrslunnar, sem er, greinargerð Sævars Marinós Ciesielski á skjali 8/l um harðræði af hálfu mætta auk annarra rannsóknarlöggreglumanna.

Gætt er ákv. 1. málsgr. 40. gr. laga um meðferð opinberra mála. Aminntur um sannsögli.

Viðstaddir yfirheyrsluna eru Pétur Guðgeirsson fulltrúi ríkissaksóknara, Jón Oddsson hrl, Þórir Oddsson skipaður rannsóknarlöggreglustj. og Guðmundur Guðjónsson rannsóknarlöggreglumaður.

Ég man vel eftir þessari ferð suður í Hafnarfjarðarhraun en þetta var í fyrsta sinn sem ég sá Sævar Ciesielski.

Mig minnir að þetta hafi verið á jöladag, seinni hluta dags. Þá hringdi Örn Höskuldsson heim til míni og bað mig um að koma á Bronco jeppa sem ég átti að Síðumúlafangelsinu og aka sér og öðrum út í Hafnarfjarðarhraun. Ég held að það hafi komið fram í samtalini að það hafi átt að leita að líki Guðmundar Einarssonar.

I beinu framhaldi af þessu símtali fór ég í Síðumúlafangelsið þar sem ég hitti Örn Höskuldsson, Eggert Bjarnason, og að mig minnir Sigurbjörn víðir Eggertsson. Þarna var einnig fyrir Sævar Ciesielski og erindið var að fara með hann suður í hraunið við Hafnarfjörð og eftir því sem mér skildist þá ætlaði Sævar að benda á hvar lík Guðmundar

Framh.

Einarssonar væri.

Ég var kvaddur í þessa ferð þar sem ég var kunnugur þarna suður í Hafnarfjarðarhrauni auk þess sem ég hafði til umráða jeppabifreið, en það var talsverður snjór og hálka.

Eftir lýsingu Sævars á staðnum var þarna um að ræða svæði við svokallaðar Ottastaðargryfjur.

Við ókum þarna suðureftir og eftir því sem ég best man þá voru með mér í bifreiðinni framangreindir fjórir menn en ég ók.

Ég man ekki til þess að þetta mál væri neitt rætt við Sævar á leiðinni en það var farið út úr bifreiðinni þarna við gryfjurnar og eftir fyrirsögn Sævars var gengið út í Hraunhóla sem eru skammt norðaustan við gryfjurnar. Snjór var yfir öllu og segja mætti að leit þarna væri tilgangslítil eða tilgangslaus, enda var Sævar mjög öruggur um hvar leita skyldi. Að því loknu fórum við inn í bílinn aftur og ókum til baka að Síðumúlafangelsinu þar sem ég skildi við fyrrgreinda menn og fór mína leið.

Ég vil sérstaklega taka það fram að í þessari ferð fór vel á með Sævari og þeim sem fóru með honum í þessa ferð og kom ekki til illinda hvorki í orði eða verki. Útilokað er að neinn hafi getað lagt hendurá Sævar þarna í þessari ferð án þess að ég tæki eftir því.

Ég kom síðan ekkert nálagt þessum málum (Guðmundar og Geirfinnsmál) á þessu tímabili annað en að fara í þessa ferð, enda hóf ég störf í SRD hjá lögreglustjóranum í Reykjavík í byrjun janúar 1976, þar sem ég starfaði síðan um sexmánaða skeið.

I ágúst það ár var mér falið að vinna að Guðmundar og Geirfinnsmálum, en þar á undan hafði ég ekkert unnið að þessum málum annað en það sem ég hef lýst hér að framan.

Framh.

Þá var það kvöld eitt (ágúst 1976) að ég ásamt Grétari Sæmundssyni rannsóknarlöggreglumanni, var sendur inn í Síðumúlafangelsi að sækja Sævar Ciesielski. Við vorum á Bronco bifreið, þeirri sömu og nefndi hér að framan. Þegar Sævar Ciesielski kom út í bifreiðina létt hann þau orð falla að hann ætti slæmar endurminningar eftir ferð í samskonar bifreið. Er við inntum hann nánar eftir því sagði hann okkur að þá um veturinn hafi sér verið ekið í samskonar bifreið suður í Hafnarfjarðarhraun og þar hefði hann sætt misþyrmingum í bifreiðinni og þá gengið hvað nærri lífi sínu. Í því sambandi man ég að hann nefndi Sigurbjörn Víði Eggertsson og Eggert Bjarnason og man ég að Sævar greindi frá að það hefði verið ~~xekkinn~~ rifið í hár sér, snúið upp á fingur sér og jafnvel tekinn kverkartaki - var hann eitthvað að tala um það. Hann virtist ekki átta sig á því að ég var sami maðurinn og ók honum umrædda ferð, enda greindi ég honum ekki frá því, eða ræddi neitt frekar um þetta við hann.

Eftir þetta ók ég Sævari nokkrum sinnum í Bronco bifreiðinni en hann nefndi pennan atburð aldrei frekar.

Yfirheyrslu lokið kl. 10:50

Upplesið staðfest,  
Jónas Bjarnason  
Jónas Bjarnason

Björn Guðmundsson  
Björn Oddsson  
Pétur Guðgeirsson  
Jón Oddsson

Guðmundur Guðjónsson  
Rannsóknarlöggreglumaður

Föstudaginn 28.9.1979, kl. 10:55 mætir til yfirheyrslu á skrifstofu RLR Grétar Sæmundsson, rannsóknarlöggreglumaður, til heimilis að Fálkagötu 14, Rvík, f. 17.3.1943 á Bjarnastöðum Dalasýslu, nafnn. 2748-9078.

Mætta er kunngert tilefni yfiheyrsunnar, sem er, framburður Jónasar Bjarnasonar rannsóknarlöggreglumanns, um ákveðinn atburð, sem Sævar hefur rætt um að hafi skeð suður í Hafnarfjarðarhauni.

Mætta er kunn vitnaskyldan. Aminntur um sannsögli.

Viðstaddir yfirheyrsuna eru Pétur Guðgeirsson fulltrúi ríkissaksóknara, Jón Oddsson hrl, Þórir Oddsson skipaður rannsóknarlöggreglustjóri og Guðmundur Guðjónsson rannsóknarlöggreglum.

#### ágúst

Það var í ~~ágúst~~ 1976 sem ég var kallaður úr sumarfríi gagngert til að vinna að svokölluðu Guðmundar og Geirfinnsmáli.

Það var síðan eftir að ég hóf störf í þessum málum að við Jónas Bjarnason fórum að sækja Sævar Ciesielski í Síðumúlafangelsið, en ég man sérstaklega eftir þessu vegna sérstaks aðdraganda.

Aðdragandinn var sá að þegar þessi ferð var ákveðin þá lét ég þau orð falla við Jónas, meira í gamni en alvöru, að ég væri lífhræddur í slíkum bílum, þ.e. Bronco.

Við Jónas fórum í Síðumúlafangelsið og sóttum Sævar og lagði Jónas bifreiðinni við dyrnar að fangelsinu, þannig að hún blasti við þegar komið var út úr fangelsinu.

Sævar var síðan sóttur inn í klefa og fórum við Jónas með hann út úr fangelsinu. Jónas gékk fyrstur, Sævar næstur og

ég síðastur.

Parna í dyrunum þegar Sævari var ljóst að við vorum að fara upp í Bronco bifreið, þá hikaði hann við og viðhafði þau orð að hann færi ekki upp í Bronco bifreið. Mér er þetta sérstaklega minnistætt þar sem ég var áður búinn að vera að grínast við Jónas varðandi Bronco bifreið.

Jónas spurði Sævar hverju það sætti að hann vildi ekki fara upp í bifreiðina og svaraði Sævar því til að það vekti slæmar minningar og held ég að ég muni orðrétt það sem Sævar sagði en það var; " þeir fóru með mig einu sinni í Bronco í vetur og þá gengu þeir næst lífi mínu". Við fórum síðan allir upp í bifreiðina. Æg man ekki sérstaklega hvert við fórum en Jónas byrjaði strax að tala við Sævar um þessa ferð sem Sævar sagði að hefði verið farið með hann þarna um veturinn. Æg þori ekki að fullyrða hverjir hefðu átt að fara með honum í þessa ferð, en mig minnir að hann hafi nefnt Sigurbjörn Víðir og Eggert Bjarnason í því sambandi og það má vel vera að hann hafi líka nefnt Örn Höskuldsson í þessu sambandi.

Efnislega lýsti Sævar þessari ferð að honum hefði verið ekið út í hraun við Hafnarfjörð og hann hefði í þeirri ferð satt líkamlegum misþyrmingum af hendi þessara manna. Æg lagði ekki orð í belg varðandi þessar viðræður enda fannst mér þessi saga Sævars ótrúleg og taldi að hann væri að búa til sögu, eins og ég hafði á tilfinningunni að kæmi fyrir hann. Jónas, hinsvegar, talaði um þetta við Sævar í léttum tón og ýtti undir Sævar að lýsa öllum atvikum. Það er rétt að ég taki það fram að ég áttaði mig ekki á hvers vegna Jónas var ýta undir Sævar að skýra frá þessu.

Meira hef ég ekki um þessa sögu að segja annað en að við Jónas færðum Sævar síðan aftur inn í Síðumúlafangelsið.

*En. son.*

Framh.

Þegar Sævar hafði verið færður inn í klefa og við Jónas vorum orðnir einir, þá sagði Jónas mér að Sævar hefði parna greinilega verið að lýsa ferð sem hann sjálfur hefði farið með hann parna um veturinn. Jónas sagði að hann hefði einu sinni veturinn áðurásamt Sigurbirni Víði, að mig minnir að hann hafi tilgreint, farið með Sævar á Bronco bifreið sinni suður í Hafnarfjarðarhraun. Sævar hefði ætlað að vísa á stað þar sem líki hafi verið komið fyrir. Sú ferð hefði verið árangurslaus og Jónas sagði að greinilegt hefði verið að Sævar hefði verið að leiða þá á rangan stað. Jónas létt þess getið að Víðir hefði komið mjög prúðmannlega fram við Sævar og ekki einusinni sagt styggðaryrði við Sævar, enda þótt Sævar hefði greinilega verið að fara með þá í "platferð". Þegar Jónas hafði skýrt mér frá þessu þá áttaði ég mig á því hversvegna Jónas hafði spurt Sævar svo ítarlega um þessa ferð.

Ég heyrði Sævar lýsa þessari umræddu "hraunferð" nokkrum sinnum eftir petta og tók sagan nokkrum breytingum í þessum frásögnum hans. Það kom aldrei fram í þessum frásögnum hans að Jónas Bjarnason hafi verið með í þessari umræddu ferð.

Ég er spurður hvort ég viti til þess að fleiri en Jónas Bjarnason og unnu við rannsókn þessara mála áttu eða höfðu til umráða Bronco bifreið.

Eftir að ég kom inn í þessa rannsókn þá átti enginn af þeim mönnum sem ég vann með við rannsóknina Bronco bifreið nema Jónas. Ég veit ekki til þess að neinn starfsmaður rannsóknarlöggreglunnar í Reykjavík hafi átt Bronco bifreið nema Jónas Bjarnason og svo Þorsteinn Henrysson, en hann starfaði ekki að þessari rannsókn, en ég man ekki hvort Þorsteinn hafi verið byrjaður að vinna hjá rannsóknarlöggreglunni þegar petta var.

Framh.

70

Ég vil taka fram að ég hef enga vitneskju eða neinar grunsemadir um að Sævar Ciesielski hafi verið beittur líkamlegu harðræði af rannsóknaraðilum eða fangavörðum enda var lögð rík áhersla á það við okkur sem störfuðum að þessum málum, af þeim sem stjórnuðu þessum málum bæði Erni Höskuldssyni og Karli Schutz, eftir að hann kom til starfa, að komið væru heiðarlega fram við sakborningana og að þeir nytu fyllsta réttar.

Yfirheyrslu lokið kl. 11:40

Upplesið staðfest,

*Grétar Sæmundsson*  
Grétar Sæmundsson

*Hornin Oddsson*  
Hornin Oddsson  
*Petur Guðgeirsson*  
Petur Guðgeirsson  
*Jón Oddsson*  
Jón Oddsson

*Guðmundur Guðjónsson*  
Rannsóknarlögðrumáður

## RANNSÓKNARLÖGREGLA RÍKISINS

Skjal nr.

9

Bls. nr.

11

71

Önnur atriði á skjali 8 bls. 1-4 þóttu eigi veita tilefni til sérstakrar rannsóknar.

Póirir Oddsson  
  
skipaður rannsóknarlögglustjóri.

Guðmundur Guðjónsson  
  
rannsóknarlögglumáður.

Skjal nr.	Bla. nr.
10	1

72

Ég sendi þér nökkrar ætriði og  
vöru af ummáð verði rétt virði  
þrefum og njóði fullan stundumvirði við  
rannsókn fross.

Hæðarinn af ég sendi þér þrefin fórdur,  
er sú af Hallvarður Þorvarðsson er  
farinn af Lengja eftir þeim, enn ekki  
og þér viðið sendi síra. Forn Bjarnason  
í fyrra, bref og öskudri rannsókn á leðrinn  
ætriði sem Hallvarður kennir óþvíætt við  
sögn, sem addi sér stað í Síðumálum fangelsi  
í maí 1722. Þi 1926.

VÍÐINGRFYLT

Gævar Marino Gieselski

Hér hef ér í hygju að draga upp mynd af einangrunar dvölinni sem  
ég bjó við í Síðumúlafangelsi og skýrir hvernig óvaka samband  
leiðir til afleiðingar.

72

73

Skjal nr.	Bls. nr.
10	2

Nr. 1

I Síðumúlafangelsi var mér gert lífið óberilegt og komið fram við  
mig eins og ómennskan mann, eða jafnvel einhvert sýr. **Í Q. MÁNUÐI**  
bað voru tekinn af mér öll skriffæri og lyf, rúmlük, einnig fékk  
ég mjög lítið tópak, bað eina sem ég fékk að hafa í klefanum sem  
ég var settur í voru þrjú ullarteppi, þetta átti sér stað í byrjun  
janúar 1976. eða lok desember 1975., enn seinna meir fór ég í aðra  
klefa(er ég lendi í gæslugarðhaldi fer ég fyrst á kl. 22), en þar  
var ég í kringum 3. mánuði, og man mjög vel eftir honum þ.e. klefanum  
því ljós er í honum og logaði ljós þetta allan sólarhringinn, var  
hetta ekta sálrenning, og þegar ég óskaði eftir að því yrði  
slökkt að náttu til, þá var mér svarað: "slökkvarinn er ónýtur", enn  
slökkvarinn er fyrir utan klefan.

Ftivistin skiptist bannig milli okkar sem voru, og eru, grunaðir um  
Guðmundar- og Geirfinnsmálium, ég fékk ekki að fara út í þennan  
afmarkaða garð í Síðumúlafangelsi, enn eftir því nem ég best veit  
þá fengu aðrir bað hó, ég fór fyrst um vetrarinn 1976 í garð þennan.  
Þa all ofangreindu má sjá enn eitt ákeruatriði.

Þa gávorðir réðust á mið mei líkamlegu oföldai án hokkurs tilefnis.  
Í fótjárnnum var óg tvívegis, í þrjár vikur tanslaust í sitthvert  
sinn, í handjárnnum var ór, einn sólarhring á sama tíma bili.

Ég var alrei mei stélineðin á dvöl minni stóð.

Öll þessi óréittlátu höft er mér voru beitt, vil ég að komi skýrt  
fram, og einaig má beta við að loftresting var fram úr hófi léleg, og  
að hér er um nörg atreiði sem ekki verður hægt að líta framhjá, og tel  
ég að flestir viti bornir meni sjái að hér er um analega, og  
líkamlega, pintingu að reða og er alvarleg áhveru á hendingar fangelsis-  
starfsmannum, dómvaldinu í heila.

Virdingar fyllst,

Sævar M. Giesecke

Laugardaginn 29.9.1979, kl. 14:27 mætir til yfirheyrslu á skrifstofu RLR Gunnar Guðmundsson, forstöðumaður Fangelsisins Síðumála 28, Rvík, til heimilis að Sunnuvegi 11, Hafnarfirði, s. 50052, f. 13.7.1918, nafnn. 3354-5770.

Mætta er kunngert tilefni yfirheyrlunnar, sem er aðbúnaður Sævars Marinós Ciesielski í Fangelsinu Síðumála 28 svo og harðræði sem Sævar ber sig hafa verið beittan og fram kemur í greinargerð hans á skjali 10/2.

Gætt er ákv. 1. málsgr. 40. gr. laga um meðferð opinberra mála. Aminntur um sannsögli.

Viðstaddir yfirheyrluna eru Pétur Guðgeirsson fulltrúi ríkissaksóknara, Jón Oddsson hrl, Þórir Oddsson skipaður rannsóknarlöggreglustjóri og Guðmundur Guðjónsson rannsóknarlögglegumaður.

Aðbúnaður Sævars Ciesielski í fangelsinu var nákvæmlega sá hinn sami og annarra fanga.

Það sem fangar hafa í klefanum eru tvö ullarteppi, lak, koddaver og handklæði. Ót af þessu var brugðið ef föngunum var kalt, þá áttu þeir þess kost að fá eitt teppitil viðbótar. Æg man nú ekki eftir því að Sævar hafi ekki fengið að hafa skriffæri því hann var alltaf að teikna. Hann fékk að skrifa bréf sem voru lesin í samræmi við reglur af þeim sem var yfir vaktinni hverju sinni. Æg man að Sævar átti stundum ekki peninga fyrir tóbaki, ég man að hann var settur í straff vegna agabrots, og eins var ágreiningur um tíma hvort Félagsmálastofnum Kópavogs eða Reykjavíkur ætti að skaffa Sævari peninga til persónulegra þarfa. Það var síðan fyrir mína milligöngu að þau mál komu á hreint og að hann fékk peninga frá Félagsmálastofnun

Reykjavíkurborgar. Síðan sá ég um að nálgast þá peninga fyrir hann. Varðandi lyfin þá var það fangalæknisins að ákveða hvort Sævar væri undir lyfjagjöf eða ekki.

Varðandi það að ljós hafi logað í klefa Sævars allan sólahringinn þá vil ég svara því til að ég man að það var látið loga ljós í Klefa Sævars einhvern tíma en hversu langan það get ég ekki sagt til um. Astæðan fyrir því var sú að petta var öryggisatriði þar sem Sævar var á þessu tímabili miður sín. Var þetta gert til að hægt væri að fylgjast með honum í klefanum, til að hann færi sér ekki að voða.

Ég er spurður hvort eitthvað hafi verið átt við slökkvarann á klefa Sævars þ.e. klefa nr. 22. Ekki það að ég veit og tel ekki að slökkvarinn hafi verið ónýtur.

Ég er spurður hvort ég geti borið um styrkleika perunnar sem var í klefa nr. 22 og þá og í öðrum klefum.

Það var einpera, ekki sterkt, í loftinu og þykkur mattur kúpull yfir henni. Í hinum klefunum var annar ljósabúnaður sem gaf meiri birtu.

Ég er spurður um útivistir Sævars meðan hann sætti gæsluvarðhaldi.

Þegar útivistir hófst hjá þeim aðilum sem/mál petta voru tengdir þá fékk Sævar einnig útivistatíma á sama hátt og hinir. Hinsvegar þá nýtti Sævar þessa tíma ekki eins og hinir fangarnir og kom það iðulega fyrir að hann vildi ekki fara út. Útivistatíma var yfirleitt um 15 til 20 mínútur hjá hverjum fanga fyrir sig en allir fangar fengu jafn langan tíma til útiveru.

Pannig var að Sævar var ávallt í þeim klefum þar sem ekki þurfti borðsins vegna að hafa stóli en hægt var að sitja við borðið á fletinu. Af þeirri ástæðu hafði hann ekki stóli í þeim klefum er hann dvaldi í. Þetta átti einnig við aðra fanga er dvöldu í þeim klefum þar sem hægt var að nota fletið til að sitja á við borðið.

Ég veit til þess að Sævar Ciesielski var í einu tilviki hafður í fótjárnnum vegna agabrots, en það var meðan ég dvaldi erlendis og var það ekki gert að mínu fyrirlagi. Ég tel að ég hafi verið erlendis á tímabilinu 31.5.1976 til 21 eða 22.6. s.á. Um annað tilvik veit ég ekki. Ég minnist þess ekki að Sævar hafi verið hafður í handjárnnum. Varðandi loftræstingu í Síðumálafangelsinu þá er það rétt að hún var léleg, en því var úr bætt núnaí sumar. Yfirheyrslu lokið kl. 15:25

Upplesið staðfest,

*Gunnar Guðmundsson*  
Gunnar Guðmundsson

*Pólin Oddsson*  
Pólin Oddsson  
*Pétur Guðgeirsson*  
Pétur Guðgeirsson  
*Jón Oddsson*  
Jón Oddsson

*Gunnar Guðmundsson*  
Gunnar Guðmundsson  
~~Rannsóknarlögreglanáður~~

77

Varðandi framburði annarra fangavarða um ljós og ljósabúnað í klefa Sævars Marinó Ciesielski víast til skjals 24.

Pórir Oddsson  
~~Sævar Marinó Ciesielski~~

skipaður rannsóknarlöggreglustjóri.

Guðmundur Guðjónsson  
~~Guðmundur Guðjónsson~~

rannsóknarlöggreglumaður.

Skjal nr.	Els. nr.
11	5



## FYLGISEÐILL

Dags.: 7. 9. 79	<input checked="" type="checkbox"/> Boðsendist <input type="checkbox"/> Pótsendist
MÓTTAKANDI <i>Kirkjubøur, 10.9.79 Karl Ólafsson</i>	
<p>Meðfylgjandi sendist yður:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li><input checked="" type="checkbox"/> Samkv. umtali</li> <li><input type="checkbox"/> Til afgreiðslu</li> <li><input type="checkbox"/> Til áritunar</li> <li><input type="checkbox"/> Til fróðleiks</li> <li><input type="checkbox"/> Með þökk fyrir lánið</li> <li><input type="checkbox"/> Til ákvörðunar</li> <li><input type="checkbox"/> Til umsagnar</li> </ul>	
<p>Vinsamlegast:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li><input type="checkbox"/> Endursendið</li> <li><input checked="" type="checkbox"/> Geymið hjá yður</li> <li><input type="checkbox"/> Talið við</li> <li><input type="checkbox"/> Afgreiðið fyrir</li> </ul>	
<p>ATHS.</p> <p><i>Hættfylgjand en þess egjan en embetsst hljósu enda hóndun varðaði þessumileftangaleit</i></p>	
<p>SENDANDI <i>Karl Ólafsson</i></p>	

Skjal nr.	Bis. nr.
11	6

28. mars 1979.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið,  
hr. deildarstjóri Jón Thors,  
Arnarhváli,  
Reykjavík.

A fundi heilbrigðisráðs í dag var lagt fram bréf dóms- og kirkjumálaráðuneytisins dags 20. þ.m., þar sem óskað er eftir að frestur til að ljúka endurbótum á hitunar- og loftræstikerfi fangelsins að Síðumúla 28, verði lengdur til 1. júlí n.k.

Heilbrigðisráð samþykkti erindið.

frkvstj. heilbrigðiseftirlits.

# DÓMS- OG KIRKJUMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Reykjavík, 8. ágúst 1979.

80

Skjal nr.	Bls. nr.
11	7

JT/PJ

Með vísun til bréfa borgarlæknis, heilbrigðiseftirlitsins, dags. 27. desember 1978 og 28. mars 1979, varðandi endurbætur á hitunar- og loftræstikerfi Fangelsisins Síðumúla 28, vill ráðuneytið hér með skýra frá því að fangelsinu var lokað 1. júní s.l. og síðan hefur verið unnið að endurbyggingu kerfisins og var því verki lokið 3. þ.m.

Væntir ráðuneytið þess að tekist hafi að gera kerfið þannig úr garði að fullnægjandi sé.

F. h. r.

e. u.



Heilbrigðisráð Reykjavíkur  
Heilsuverndarsþóðinni v/Barónsstíg  
101 REYKJAVÍK.

15 8 79

# DÓMS- OG KIRKJUMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Reykjavík, 20. mars 1979.

81

JT/PJ

Skjal nr.	Bls. nr.
11	8

Með vísun til bréfs borgarlæknis, heilbrigðiseftirlitsins, dags. 22. desember 1978, varðandi endurbætur á hitunar- og loftræstikerfi Fangelsisins Síðumúla 28, vill ráðuneytið hér með fara þess á leit við heilbrigðisráð Reykjavíkur að það framlengi frest til endurbóta á kerfinu til 1. júlí n.k.

Gerð hefur verið könnun á kerfinu og hverra endurbóta er þörf og fylgir hér með ljósrit af skýrslu Verkfræðistofu Rafns Janssonar um athugunina. Kostnaður við verkið er áætlaður kr. 9.200 þús. og hefur verið leitað eftir, fé til þess að kosta verkið.

þar sem loka þarf húsinu meðan verkið er unnið er æski-legast að sameina það sumarleyfi starfsfólksins, þannig að áætlað er að endurbætur á húsinu geti hafist 1. júní n.k.

F. h. r.

e. u.



Heilbrigðisráð Reykjavíkur.

BORGARIÆKNIR - SKJALASAFN		
MOTT.	NB.	RE.
23. 3. 79		

Skjal nr.	Bls. nr.
11	9

ATHUGUN Á HITA- OG LOFTRÆSTIKERFI  
FANGELSIINS VID SÍDUMÚLA.

Verkfræðistofa  
Rafns Jenssonar  
Skipholti 35, Reykjavík  
S. 81507

Mér til aðstoðar fékk ég Magnús Magnússon blikksmíðameistara frá Blikksmíðjunni Vogi hf.

Athugaðir voru möguleikar á bættvi stýringu hita í byggingunni, og einnig rakastýringu.

Eins og er, er öll byggingin hitub frá einum lofthitara, og því engir möguleikar til annars en einnar sameiginlegrar stýringar.

Loftstokkar í þakrými hafa verið skemmdir, þ.e. lagðir saman, en sennilega hefur verið gengid á þeim af viðgerðamönnum og fleirum.

Loftstútar niður í fangaklefa eru illa frágengnir og það óþéttir að það sést niður í klefana ofan úr þakrýminu. Við veðrabreytingar hrinur steinullarryk niður í klefana.

Kvartað er yfir hljóðburði milli klefa gegnum loftstokka.

Eftirtaldar lagfærings þarf að gera á kerfinu til að það verði í góðu lagi.

1. Þéttaparf með innblástursstútum og útsøgsstútum.
2. Lagfæra þarf skemmda stokka í þakrými.
3. Endurnýja þarf einangrun á stokkum í þakrými að nokkru leyti.
4. Greina þarf aðalstofn frá blásara í 3 mismunandi stokka, vegna hitastýringar.
5. Hljóðeinangra þarf innblásturs- og útsøgsstúta að fangaklefum, en til þess þarf að endursmíða þá að fullu.
6. Hreinsa þarf loftræstisamstæðu og yfirlfara hana. Breyta þarf hitaelementi, þannig að það nýti hitaveituvatn betur.
7. Breyta þarf loftræstisamstæðunni, þannig að setja megi í hana rakagjafa.
8. Smíða þarf rakataeki sem hentar loftræstisamstæðunni.
9. Setja þarf upp 5 nýja eftirhitara, og verður þá hægt að stýra hverri álmu fyrir sig.
10. Endursmíða þarf hluta af loftstokkum í loftræstiklefa vegna breytinga þar.
11. Setja þarf ný stjórntæki á eftirhitarana, sem stýrast frá stokkhita og útihið. Á skrifstofum má þó nota herbergishita stilla. Stjórntæki sem fyrir eru notast á forhitara og loftblöndun, en yfirlfara þarf þau.
- Stjórntæki þarf fyrir rakastýringu.

Skjal nr.	Bla, nr.
11	11

12. Ganga þarf frá píspulögnum að hiturum og rakagjafa.

13. Ganga þarf frá raflögnum vegna áðurnefndra breytinga.

84

Kostnaðaráætlun við áðurnefndar breytingar.

1. Þéttig með innblástursstútum 17 stk. á 10.000,- kr.	170.000,-
" " útsogsstútum 17 stk. á 10.000,- kr.	170.000,-
2. Réttig og lagfæring á skemmdum stokkum í pakrými.	kr 200.000,-
3. Endurnýjun á einangrun stokka í pakrými.	kr 600.000,-
4. Endursmíði og niðurrif stokka í pakrými. Stokkar 150 x 20 skiptast í 3 sjálfstæða stokka vegna svæða.	kr 2.000.000,-
5. Hljóðeinangrun á 34 stútum kr. 25.000,-	kr 850.000,-
6. Hreinsun og yfirferð á loftræstisamstæðu, breyting á hitaelementi.	kr 100.000,-
7. Breyting á samstæðu vegna rakatækis.	kr 100.000,-
8. Rakatæki.	kr 520.000,-
9. 5 stk. eftirhitrarar ca. 12½ x 16 x 3 ráðir á 140.000,-	kr 700.000,-
10. Endursmíði og niðurrif í blásaraklefa.	kr 2.000.000,-
11. Stjórntæki.	kr 1.350.000,-
12. Píspulagnir.	kr 500.000,-
13. Raflagnir.	kr 300.000,-
	Samtals kr 8.345.000,-
+ ófyrþrséð ca. 10%	kr 9.200.000,-
+ Hönnun og yfirumsjón ca. 10%	



Skjal nr.	Bla. nr.
11	12

HEILSUVERNDARSTÖÐ

REYKJAVÍK, 8. desember 1978.

MINNISBLAÐ v/SÍÐUMÚLAFANGELSINS

1. Bréf barst frá Ragnari Tómassyni dags. 31. okt. 1978 um aðbúnað gæzluvarðhaldsfanga í Síðumúlafangelsinu.
2. Eftirlit fór fram á staðnum 1. nóvember 1978 sbr. minnisblað nr. I, rétt er að taka fram að þrif og umgengni eru f mjög góðu lagi.
3. Hita- og rakamæling fór fram 15.-22.nóv.1978 sbr. ljósrit. Í klefa nr. 9, 15.-18.nóv. og klefa nr.15, 18.-22.nóv.
4. Kónnun fór fram á staðnum 5. des. 1978 sbr. minnisblað nr. II.
5. Síðumúlafangelsið var samþykkt í heilbrigðisnefnd 22. nóvember 1960, og þá sem fangageymsla lögreglunnar en ekki gæzluvarðhaldsfangelsi.
6. Samkvæmt bréfi Dómsmálaráðuneytisins til borgarstjóra dags. 1. okt. 1971 er farið fram á að nýta fangelsið sem gæzluvarðhalds- og afplánunarfangelsi til bráðabirgða (ca.3-4 ár).
7. Borgarráð samþykkir þetta á fundi 5. okt. 1971 (dags. 6. okt. 1971).
8. Samkvæmt upplýsingum byggingafulltrúa 7. des. voru samþykktar teikningar að fangelsisgarði 21. lo. 1971 í byggingarnefnd.
9. Heilbrigðismálaráð hefur aldrei verið spurt um breytta nýtingu á fangelsinu.  
Þetta virðist þó eiga að gera samkv. 238. gr. heilbrigðis-samþykktar fyrir Reykjavík frá 20.jan. 1950 og sbr. heilbrigðisreglugerð 8. febr. 1972, gr. 36.1.

M.OI.


Skjal nr.	Bls. nr.
11	13

Reykjavík, 31. október 1978,

Borgarleknirinn í  
REYKJAVÍK.

Þú leyfi mér hér með að fara þess á leitt við embætti yðar að það meti hvort klefur þeir sem fangar eru vistadit í í fangelsinu að Síðumúla 28 hér í borg qeti talist fullnægjandi vistarverur. Þata ber í því sambandi hugfast að föngum er gert að dvelja þar því sem næst 24 stundir sólarhringsins, dögum, vikum og mánuðum saman. Sérstaklega er óskar eftir að metið sé hvort stærð kleta, birta, loftræsting og húsbúnaður sé fullnægjandi. Ósk þessa ber ég fram sem skipaður réttargæzlumaður manns sem þar dvelur í gæzluvarðhaldi og er þess því vinsamlega farið á leit við embætti yðar að athugun þessi tari fram sem allra fyrst.

Virðingartýlist,



Ragnar Tómasson, hdl.

Skjal nr.	Bls. nr.
11	14

Tilefni bréfs míns til yðar er það að um nokkurn tíma hefur mér, sem kannski fleirum, fundist áhyggjuefní hversu gæzluvarðhaldi virðist ótæpilega beitt við rannsókn sakamála og eru kunn nýleg eftirspurlegrar um langa innilokun saklausra manna.

Af viðtölum við gæzluvarðhaldsfanga viðskipt mega ráða að aðbúnaður í vistarverum þeirra verkja mjög þjókunart að líkum þeirra og það svo að þeir bláðabess selnt eða ekki bætur að vera lokudir inni dögum eða mánuðum saman, jafnvel þó saklausir séu. Það er svo attur umhugsunarvert hvort skeyttingarleysi löggregluyfirvalda um anlöga og líkamlega líðan farja megi rekja til þess að greiðlegar gangi að „fá játningar“ þegar fer að draga af sakborningum eftir nokkra innilokun. Þó því verði tapast trú að svo sé, er hitt ljóst að gæzluvarðhaldsvist sýnist vera tóngum mikil aðkvæði og getir þess áberandi í fríðóri meðal. Að sönnu er það þýðinguarmikið tyrir almennaheill að sakamál upplýsist en óhikað má telja að það sé jafnframt ríkjanda viðnoti að ekki með beita langa ósæmilegu þarðræði.

R. 21/10 78

Í Þóru -



Skjal nr.	Bla. nr.
11	15

HEILSUVERNDARSTÖÐ

REYKJAVÍK. 5. desember 1978.

MINNISBLAÐ nr. II.

I dag fór fram eftirlit í Síðumúlafangelsinu. Viðstaddir voru borgarlæknir, Jón Thors, yfirlangavörður og Magnús Ólafsson.

1. Rætt var um fangelsið og það skoðað.
2. I ljós hefur komið að hiti og raki er of mikill í miðálmu.
3. Rætt var um það hvernig það bar að, er fangelsinu var breytt í gæzluvarðaldsfangelsi.

M.OI.

# DÓMS- OG KIRKJUMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Reykjavík, 1. október 1971.

JT/IOI

Skjal nr.	Bla. nr.
111	16

89

Um nokkurt skeið hefur verið í athugun hjá ráðuneytinu möguleiki á því að nýta sem gæzlavarðshaldar- og aðplánunarfangelsi til bráðabirgða, húsnæði það vín Níðumíla í Reykjavík, sem áður var notað sem fangageymtur lögreglunnar.

Er með því ótlað að breta nokkuð úr veitum ríkis skorti á fangelsisrými, sem nú er og jafnframt að meðju teknar höstöðu til vistunar kvenfanga.

Það sem Reykjavíkurborg ar alrundi tilgangsins að hafi vill ráðuneytið hér að fara þess á te... að að nálgun borgarinnar verði fal íst að taka náði til slikenna nota um takmarkaðan tíma (ea 3-4 ár) eða bangáð til nýtt húsnæði hefur verið byggt í stað Heggningarhússins í Reykjavík.

Húsið yrði áfram sameign ríkis og borgar, en rekstur fangelsis yrði kosteður að öllu lengi af miklu, svo og þær laugfæringar og breytir, nem gera þarf að húsnæðinu.

Til þess að unnt sé að nýjan húsnæðin sem fangelsi þarf að koma upp, útvistaræstöðu og byggðin eru um útvistar-svæðið.

Gerð garðsins og útlit yrði ákveðið í samráði við borgar-yfirvöld.

F. h. r.

Borgarstjórinн í Reykjavík.

Skjal nr.	Bls. nr.
11	17

Reykjavík, 6. október 1971

90

Á fundi borgarréðs í þær var lagt frem  
bréf dóms- og kirkjumálaráðuneytiðsins, dags.  
1. þ. m., um möguleika á nýtingu húsnæðis eð  
síðumúla 16 - 18 sem grezljuvarþelds- og afþlénunar-  
rangelsi til bráðabirgða. Borgarréð fellst fyrir  
sitt leyti á erindið.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið,  
Reykjavík.

Skjal nr.	Bls. nr.
11	18

H e i l b r i g ð i s n e f n d

21/1960.

91

Ar 1960, þriðjudaginn 22. nóv., hólt heilbrigðisnefnd Reykjavíkur fund í skrifstofu logreglastjóra.

Fetta gerðist:

1. Lögð fram að nýju umsókn Jóns Magnússonar f.h. syðre nönd Kristjáns Gíslasonar, Garðastræti 49, um leyfi til verðlaunareiksturs í húsaþýnum Tjörnavef f.v.d. Vatnsmörkni. Samþykkt með skilyrðum, sem borgarlaeknir setur.
2. Lögð fram umsókn Guðmundar I. Ágústssonar um leyfi til að starfseikja strætisvæðiðskýfi og solaturn á horni Þóratnunar og Rettarholtsvegar, samekvæmt meðfylgjandi teikningu. Heilbrigðisnefnd samþykktir upprættinu.
3. Lögð fram umsókn Jóns H. Ólafssonar um leyfi til að selja kartotunum í fiskverzlinum hans að Greifisjótu 42. Samþykkt, án hafi varan í smásöluumbúum í verðlauninu.
4. Lögð fram umsókn Guðmundar Óskarssonar, Hlíðargarði 3, um leyfi til að starfseikja nýlenduveverzlinum og solaturn að Ásgræði 20 - 21, samekvæmt meðfylgjandi teikningu. Heilbrigðisnefnd samþykktir upprættinu.
5. Lögð fram umsókn Valdimars Gíslasonar, Stangaþolti 24, og Gunnars Snorrasonar, um leyfi til að starfseikja kjarðsíð með nýlenduvorur, kjöt og umhóf fiskmeti að Grindavík og, samekvæmt meðfylgjandi teikningu. Samþykkt með skilyrðum, sem borgarlaeknir setur.
6. Lögð fram umsókn Þorfinn Þórhallaðóttur, Tunagörg 54, um leyfi til að starfseikja hárgeiðslusíðu að Braufarnöfti 24, samekvæmt meðfylgjandi rissteckningu. Samþykkt.
7. Lögð fram umsókn Úlfur Ólafssonar um leyfi til að starfseikja nýlenduveverzlinum að Þjóðargötu 46. Samþykkt með skilyrðum, sem borgarlaeknir setur.
8. Lögð fram umsókn Þorvalds Valdimarssonar, Kleppuvegi 54, um leyfi til að starfseikja fiskverzlinum að Laugardalsvegi 1, samekvæmt meðfylgjandi rissteckningu. Sýjanó.
9. Lögð fram umsókn Jóns E. Þorsteins Þ. Þ. Sistur Þóðags Svöurlands um leyfi til breytinga á húsaþýnum félagsins, samekvæmt meðfylgjandi rissteckningu. Samþykkt.
10. Lögð fram umsókn Kolars Ólafssonar, Grettisjótu 77, um leyfi til að starfseikja kjetuvefnum að Grensásvergi 57. Samþykkt.
11. Lögð fram umsókn Guðrúnar Guðmundssonar, Akureyrar 23, um leyfi til að starfseikja fiskverzlinum að Þóðargötu 20 - 21, samekvæmt meðfylgjandi teikningu. Samþykkt.

Skjal nr.	Bla. nr.
11	19

92  
- 2 -

12. Lögð fram umsókn Branda Brynjólfssonar um leyfi til að breyta íbúðarhúsnæði á gotuhæð hússins Baldursgötu 12 (Baldursgötumegin) í 10naðarhúsnæði, samkvæmt með ylgi jandi teikningu. Frestað.
13. Lögð fram umsókn Steinþórs Jónssonar um leyfi til að starfsefja seigtisgörð að Baldursgötu 12. Frestað.
14. Logð fram umsókn Helga Þorlák Þorlákssonar um leyfi til að selja kartoflur fiskverzlinum hans að Íverfisgötu 123. Samþykkt, enda koma varan í smásöluumbúum í verzlinum.
15. Lögð fram umsókn Helga Ó. Einarssonar, Sogavegi 139, um leyfi til að selja kartoflur fiskverzlinum hans að Dalbraut 3. Samþykkt, enda koma varan í smásöluumbúum í verzlinum.
16. Lögð fram umsókn Jónasar Íósteinnssonar f.h. Íarmávinafðarhússins Þórhjáfar um leyfi til að ósælaskja vagnheimili fyrir 1-2 ára gögnum børn að Fornhaga 5. Samþykkt með verryrði, án ósælaskararar.
17. Lögð fram umsókn Jónasar Íósteinnssonar, Skógræturðar 1, um leyfi til að starfsefja fiskverzlinum að Tunguvelli 16, samkvæmt með ylgi jandi teikningu. Samþykkt.
18. Lögður fram uppráttur um fannsíðgeymildar lögreglugerðar við sérhúðina. Heilbrigðisnefnið samþykktir upparáttinn.

Fleira okki teknir fyrir. Fundi síðið.

Sigurjón Sigurðsson,  
Ingi Ó. Magnússon,

Ólafur Ólafsson,  
Óttar Ólafsson.

Skjal nr.	Bls. nr.
11	20

93

JS/rs.

20. növember 1910.

A fundi heilbrigðisnefndar hinn 22. b.m. vor lagtur  
fram uppráttur af ræsingeynslu 18græslunar við miðaði.


Heilbrigðisnefnd semhljósi s. miklum.

Hetta skreyttist yfir að með.

Meira 18græslustjóri, Sigurður Sigurðsson,  
Reykjavík.

Mæliblað vegna hita og rakamælingar  
að Síðumúlafangelsi 15.-22.nov. 1978.

Skjal nr.	Bls. nr.
17	21



8/11 '78:

95

Skjal nr.	Bla, nr.
11	22

MINNISBLAD M L

Eftirlit fór fram 1. nóv. 1978 í fangelsinu í Síðumúla.

Eftirlitsmenn: Guðmundur Einaðsson og Magnús Ólafsson.

Eftirfarandi kom í ljós:

1. Klefar 17 einsmanns.
2. Matur kemur frá Múlakaffi. Aðold eimota.
3. Böð 2.
- Salerni 3.
4. Eingögu gæsluvarðhaldsfangar.
5. Svo virtist sem hiti veri of mikill, sérstaklega í klefum sem eru í miðju húsinu.
6. Starfssólk 3 á daginn  
2 á nóttunni.

M.Ól.

Skjal nr.	Bls. nr.
12	1

30. maí 1978

Med bréfi þessu vil ég fara þess á leit við yður, hæstvirtur domismálarádherra, að þér hlutist til um að kannad verði hvort starfsmenn embættis Sakadóms Reykjavíkur, Rannsóknarlöggreglunnar, embættis Ríkissaksóknara og starfsmenn fangelsins að Síðumúla 28 hafi sýnt ótilhlýðilega hardþögi við yfirheyrslu eða einhverskonar prófun í svokölluðum Gerifinns-og Guðmundarmálum kvöldið 4. eða 5. maí 1976 í fangelsinu að Síðumúla 28, með því að leggja hendur á gæzlufangann Sævar Marinó Ciccielski, f. 16.07.55, og með framkomu sinni reynt að vekja ótta og skelfingu þessa fanga, svo og gæzlufanganna Kristjáns Viðars Viðarssonar, f. 21.04.55, og Erlu Bolladóttur, f. 19.07.55. Vísa ég í því sambandi til V. og X. kafla laga nr. 74/1974.

Ég vil einnig vísa til bréfs míns til ráðuneytis yðar, dags. 24.09.76, en þar segi ég m.a.:

- "Hinu háa ráðuneyti er að sjálfsögðu kunnugt, að óeðlilegt ástand
- hefir ríkt í fangelsinu að Síðumúla 28 allt frá 23. desember 1975.
- Margir þeirra fanga, sem hafa verið í gæzluvardhaldi á þessu tíma-
- bili og sumir þeirra, sem eru þar enn, hafa kvartað undan hardræði
- og því, að þeim hafi verið haldid í stöðugum ótta, bæði í sb. við
- framkvæmd gæzlunnar svo og við yfirheyrsur og rannsóknaraðgerðir
- í sb. við mál sín. .... Brýna nauðsyn ber til að það sé kannad með
- prófunum af óvilhöllum aðila, hvort í þessum tilvikum og öðrum hafi
- verið beitt ótilhlýðilegri hardþögi við gæzlufanga."

Ég er enn þeirrar skedunar að nauðsynlegt sé að kenna hvort og hvernig sakborningar í þessum afar viðamiklu málum hafi verið heittir hardrétti við rannsókn þeirra í þetta eða önnur skipti.

Tilefni beidni minnar er ekki það, að ofangreindir sakborningar hafi farið þess á leit við mig að ég hlutabist til um eitt eða annað, sem að rannsókninni snýr, heldur hitt, að þau hafa öll í sálgæzluviðtölum við mig greint mér frá, hvað gerðist í þetta umrædda sinn, án þess að ég fitjaði upp á málinu eða leggði fyrir þau spurningar. Frásaga þeirra er í meginatridum samhljóða. Erla Bolladóttir greindi mér frá þessu í maí 1976, Sævar Marinó í janúar 1978 og Kristján Viðar nú fyrir skönumu. Þessir sakborningar hafa ekki verið samvistum nema í sunaprófunum og í réttarsal frá því í desember 1975. Kristján Viðar og Sævar Marinó eru

Skjal nr.	Bls. nr.
12	2

enn gæzlu, eins og yður er kunnugt, og er haldið aðskildum. Erla var leyst úr gæzlu 22.12.76.


Aðalatriði frásögu þeirra þriggja er eftirfarandi:

Að kvöldi umrædds dags voru leidd til samþófunar í viðtalsherberginu í Síðumúla 28 Sævar Marinó Ciciełski, Kristján Viðar Viðarsson og Erla Bolladóttir. Viðstaddir þessa athöfn voru Órn Höskuldsson, rannsóknar-dómari, Hallvardur Einvarðsson, vararíkissaksóknari, rannsóknarlöggreglumennirnir Eggert Bjarnason, Sigurbjörn V. Eggertsson, Njörður Snæhólms og Gunnar Guðmundsson, yfirlangavördur. Í samþófuninni var lagt hart að Sævari að játa lýsingu Erlu á atvikum en hann virtist ringlaður og miður sín og ekki vita hvaðan á sig stóð veðrið. Meðan að þessu fór fram greip Eggert í há� Sævars, kippti honum og hrinti til og frá svo hann var næri fallinn í gólfid og ógnadi honum. Seinna, þegar Sævar mótmælti einhverju, gekk Gunnar yfirlangavördur að honum og löðrungaði hann. Samþófunin endaði í upplausn við það að Erla fór að æpa í móðursýkiskasti, var þá kallað á tvo fangaverði, sem drógu Sævar til klefa síns.

Eg minnist þess, að um líkt leyti ~~hóf~~ og þetta á að hafa átt sér stað, spurdu gæzlufangarnir Magnús Leopoldsson og Sigurbjörn Eiríksson mig hvort drukkið fólk væri hýst í Síðumúlafangelsinu, þeir hefðu kvöldið ádur heyrt háreisti, óp og grátur í húsinu.

Eg vænti þess, hæstvirtur ráðherra, að þér hlutist til um að þetta atríði rannsóknar þessara mála verði kannad af óvihöllum aðila, svo og öll framkvæmd rannsóknarinnar. Mikilsvert er að lögum um rannsóknir og meðferð sakamála sé fylgt út í yztu æsar og þá gætt réttar þeirra, sem horuir eru sökum, hverjar svo sem þær sakir kunna að vera.

Eg mun senda afrit af erindi mínu til þeirra eimbætta, sem hlut eiga að málí.

Allravirðingarfyllost  
  
Jón Bjarmann

Skjal nr.	Bls. nr.
12	3

98

SÆVAR MARINÓ CIESIELSKI  
VINNUHÆLID AÐ LITLA-HRAUNI.

HR. ÞÓRIR ODDSSON,  
RANNSÓKNARLÖGREGLAN,  
KÓPAVOGI.

22.APRÍL 1979.

Í framhaldi af samræðum okkar og hr.þórdar Björnssonar ríkissaksóknara, í Hegningarhúsinu við Skólavördustíg þann 6.apríl síðastliðinn, legg ég hér fram nokkur atriði í því sambandi.

Nr.I

Það mun hafa verið í lok apríl eða byrjun maí 1976 að ég var tekinn til yfirheyrslu í Síðumúlafangelsi, þar sem ég sat í gæsluvarðhaldi. Þeir fangaverðir er voru á vakt umræddann dag voru, Gunnar Guðmundsson faggelsisstjóri, Högni Einarsson fangavördur, og tveir aðrir sem ég man ekki hverjir voru, ofangreindu voru á dagvakt en eftirtaldir á kvöldvakt, Gunnar Marinósson varðstjóri, Kjartan Kjartansson og Ari Ingimundarsson fangaverðir.

Nokkru fyrir vaktaskipti kl.20 er ég sóttur af Högna Einarssyni og segjir hann að ég eigi að koma í yfirheyrslu, en var ég þó ný kominn úr yfirheyrslu frá Eggerti Bjarnasyni og Sigurbirni V.Eggertssyni rannsóknarlöggreglumönnum.

Þegar í yfirheyrslu herbigið kom reyndist Gunnar Guðmundsson þar einn vera, hann sagði Högna Einarssyni að halla aftur hurðinni, og byrjar þá Gunnar Guðmundsson að bera upp á mig <sup>sakfár</sup> ýmsar og eftir nokkurt málædi segjir hann, : "þú skalt segja mér hverjir fóru til Keflavíkur". Ég sagði eins og er að ég vissi ekkert hvað hann væri að fara, þá réðst hann að mér og greip um skyrtuhálmálið á mér og skellti hann mér upp að vegg herbigisins og herti um háls mér og sagði, : "Þótt ég dræpi þig þá fengi ég ekki dóm fyrir það, og þú skalt tala". Um það bil er ég var að missa meðvitund opnaði fangavördur hurðina og spurði hvort allt væri með feldu, æpti þá Gunnar Guðmundsson að honum og sagði honum að loka. Þessi yfirheyrsla stóð yfir til kl.22 Gunnar Guðmundsson skipaði þá Gunnari Marinóssyni að sitja yfir mér, fór fyrrnefndi síðan af vakt að ég held, var ég síðan látin standa teinréttur með hendur niður með síðum, og held ég að það hafi nálgast miðnætti er ég fékk að fara inná klefa aftur.

Skjal nr.	Bls. nr.
99	12 4

Nr. 2

Það mun hafa verið fyrstu daga í mai mámuði 1976. að ég var færður til yfirheyrslu en ekki vissi ég hvaða tilgang hún þjónaði.

Í herberginu voru saman komin Erla Bolladóttir, Kristján V. Viðarsson, Örn Höskuldsson þá fulltrúi sakadóms, Hallvarður Eimvarðsson þá vararíkissaksóknari, Njörður Snæhólm Eggert Bjarnason rannsóknalöggreglumenn og Sigurbjörn V. Eggertsson, Gunnar Guðmundsson fangelsisstjóri. Þeir báru upp á mig að hafa verið í Keflavík 19. nóvember 1974. og með þeim Einari Bollasyni, Sigurgirni Eiríkssyni, Valdimar Ólsen og Magnusi Leeó Pálssyni.

Ég sagði þeim að ég muni ekki ljga upp á mig eða aðra sem krafist var, reif þá Eggert Bjarnason í hárixá mitt. Erla fór að gráta og sagðist hafa skotid mann Geirfinn Einarsson og Kristján sagðist hafa stúngið pilt með níf.

Ég spurði þá hvað þeir vildu mér og hvað þeir höfðu gert við barnsmódir mína þá fór fangelssinsstjórinн að steitta framan í mig nefann og hótaði mér einhverju þá benti ég á að þetta væri kjáru atriði við Hallvarð Eimvarðsson, Eggert Bjarnason sló í mig og snéri upp á hár mitt og sagði "ætlarðu-ekki þú ætlar ekki að skilja" ég bað hann um að sleppa hreiti þá hann í mig ónot. Tveir fangaverðir komu með offorsi út úr varðstjórahegberginu, það voru þeir Guðjón Lúter og Jón Baldwin en ekki veit ég hvaða synir þeir eru.

Eini maðurinn sem sagði ekki orð var Njörður Snæhólm og var fremur áhorfandi en þáttakandi og trysti ég því að hann géti sagt rétt frá.

Ég vill vitna hér stuttlega í sóknarædu Braga Steinarssonar í sýðari umferð í sakadómi Reykjavíkur í Guðmundar og Geifinnsmálum-Ef sakborníngar í þessum málum hafi verið beitt harðræði eða sætt ólöglausri meðferð áttu lögfræðingar þeirra að leita til yfir manna rannsóknarlöggreglunar. Greinin birtist í Tímanum þann 7. október/77 og bar hún heitið af orðum Braga - gagná ríni verjanda hitti þá sjálfa í koll.

X

RANNSÓKNARLÖGREGLA RÍKISINS	SKÝRSLA	RLR nr. 2875/79	Skjal nr.	Bla. nr.
Staður og stund: Kópavogur, 5.9. 1979 kl. 10.00.		RKS nr. 13	1	
Gerð af: Þori Oddssyni skipuðum rannsóknarlögr.stj.		Nr. .... lagt fram í sakadómi	100	

Miðvikudaginn 5. september 1979 kl. 10.00 mætir á skrifstofu rannsóknarlöggreglu ríkisins að Auðbrekku 61, Kópavogi sem vitni, séra Jón Bjarman, fangaprestur, til heimilis að Háaleitisbraut 115, Reykjavík, f. 13.1. 1933 á Akureyri.

Vitnинu er kunngert tilefni fyrirkallsins og því er kunn vitnaskyldan.

Athygli vitnisins er vakin á ákv. 94. gr. l. 74/1974.

Vitnið kveðst reiðubúið að tjá sig.

Viðstaddir skýrslutökuna eru Þórður Björnsson, ríkissaksóknari og Jón Oddsson hrl.

Skýrslan er hljóðrituð á segulband.

Fyrir vitnið er lagt bréf dags. 30. maí 1978 og það spurt hvort það kannist við efni bréfsins og undirskrift?

Svar: Já.

Sp. Hvenær varð vitnið fyrst áskynja um þau atriði sem urðu til þess, að ofangreint bréf var sent dómsmálaráðherra?

Svar: Samanber bréfið sjálft, þá verður mér fyrst ljóst, grunsemd míin vaknar við það, að þessi atvik hafi átt sér stað í sálgæzlusamtali við Erlu Bolladóttur í maí-mánuði 1976, ég get ekki fullyrt um hvaða dag það var nákvæmlega, ég hef ekki skráð það hjá mér.

Sp. Hver voru tildrög þessa viðtals?

Svar: Tildög viðtalsins voru eins og flestra þeirra viðtala, að skjólstæðingar þessir í þessu máli, óskuðu eftir viðtali við mig án þess að það væri nokkurt sérstakt tilefni oft á tíðum.

Sp. Skýrið sem nákvæmast frá frásögn Erlu Bolladóttur?

Svar: Það eru núna liðin þrjú ár rúm síðan þetta viðtal átti sér stað, en eftir því sem mig minnir, þá kom þetta fram almennt í frásögn

hennar og viðtali um það viðurväri, sem hún sætti sjálf í varðhaldinu.

Sp. Hvernig var ástandi Erlu háttar á meðan á viðtalinnu stóð?

Svar: Það get ég nú ekki fullyrt um á þessu stigi, það er orðið það langt um liðið, en mig minnir, að það hafi verið sämilega gott, hún var að minnsta kosti fullkomlega með sjálfri sér og eðlileg á flestan máta.

Sp. Höfðuð þér rætt við Erlu áður sem gæzlufanga?

Svar: Eg hafði rætt við Erlu áður sem gæzlufanga og einnig þess utan, þ.e.a.s. ég hafði rætt við hana einnig meðan að hún var frjáls og þetta mál var í rannsókn.

Sp. Í bréfi yðar þá er getið um einhvern atburð, sem á að hafa skeð 4. eða 5. maí 1976 í fangelsinu að Síðumúla við einhvers konar prófun, hvað sagði Erla um þann atburð?

Svar: Frásaga hennar af þeim atburði er mjög nálægt því eða svo til orðrétt það sem að er í bréfinu eftir mig.

Sp. Töluðuð þér um svipað leyti við Sævar Ciesielski og/eða Kristján Viðarsson?

Svar: Eg hafði talað við Sævar nokkrum sinnum á tímabilinu frá því í marz og fram undir þetta leyti, ég held ekki akkúrat um svipað leyti, síðan má segja, að ég tali við Sævar að jafnaði tvisvar á mánuði seinni hluta ársins 1976 og síðan 1977.

Sp. Kom fram hjá Sævari, að hann hafi verið beittur harðræði í umrætt skipti og á ég þá við dagana 4. eða 5. maí 1976?

Svar: Í flestum þeim ~~upptökum~~<sup>samtölum</sup> sem ég hafði við Sævar kom fram, að hann hafði verið beittur harðræði á einn eða annan hátt, en það var ekki fyrr en löngu síðar, að hann í viðtali vitnaði um eða ræddi um akkúrat þetta atvik, sem þarna er lýst.

Sp. Vitið þér ekki hvenær Sævar skýrði yður fyrst frá því, að hann hefði verið beittur þessu ákveðna harðræði, sem að getið er um á blaðsíðu 2 í bréfi yðar?

Svar: Mig minnir, að það hafi verið í janúar árið 1977 sem að hann gerði það.

102

Sp. I bréfi yðar segir í janúar 1978?

Svar: Það getur verið, að það hafi verið prentvilla, mér finnst það nú líklegra, að það hafi verið í janúar 1977, þó er ég ekki viss um að þetta sé rétt.

Sp. Skýrið frá frásögn hans varðandi þetta atriði?

Svar: Hún var þannig, að Sævar minntist lauslega á það, að það hefði verið bæði rifið í hár sér og hann sleginn utan undir, þetta var í samhengi við fjölda aðrar frásagnir að fjölda öðrum atvikum, en það sem ég hjó eftir, þegar hann greindi mér frá þessu var það, að þá hafi verið fleiri viðstaddir en í hinum tilvikunum, í þeim tilvikunum, sem að hann hafði greint mér frá að öðru leyti, þá hafi yfirleitt verið um einn að ræða, annað hvort í yfirheyrsrum eða þá fangaverðir hefðu beitt hann harðræði þegar þeir voru að veita honum þjónustu þá einir. Ég átti erfitt með því að gera mér grein fyrir því hvort hann væri að tala af sannleika eða ekki sannleika, en ég hjó eftir þessu þegar hann fór að ræða um það, að þarna höfðu verið fleiri viðstaddir, svo ég spurði hann nánar um það og bað hann að lýsa því og frásagan var mjög lík því sem að Erla hafði sagt, nema það, að hann lagði áherzlu á aðra hluti en hún, en það kom fram það sama að þeir sem að höfðu verið viðstaddir, að það sama hefði gerst.

Sp. Hvað var það nákvæmlega sem hann lagði áherzlu á?

Svar: Það sem að Sævar lagði fyrst og fremst áherzlu á var það, að hvað hefði verið að gerast þarna, að þeir hefðu verið að reyna að þvinga sig til þess að játa það, að hann hefði verið staddur suður í Njarðvík tilgreinda nótt. Það hafði Erla ekki lagt áherzlu á, hún hafði sem sagt ekki tilgreint tilefni þessarar yfirheyrsru eða þessarar samþrófunar, sem þarna átti að eiga sér stað.

Sp. LÝSTU bæði Erla og Sævar, hvort í sínu lagi, einhverju harðræði sem að þau höfðu verið beitt eða Sævar hafði verið beittur við þessa tilteknu yfirheyrsru, sem á að hafa átt sér stað 4. eða 5. maí 1976?

Svar: Það sem að þeim bar saman um, var það sem ég greini frá í bréfinu, að gengið hafi verið að Sævari, rifið í hár hans og honum swift til og frá, þannig, að það lá við, að hann féll á gólfíð og skömmu

síðar hefði forstöðumaður fangelsisins veitt honum kinnhest til að þagga niður í honum er hann hafði mótmælt orðum eins mannsins í herberginu; þetta er það sem þeim bar saman um.

Sp. Hvenær skýrði Kristján Viðar Viðarsson yður fyrst frá, að Sævar Ciesielski hefði verið beittur harðræði við yfirheyrslu þann 4. eða 5. maí 1976?

Svar: Það mun hafa verið í maímánuði 1978.

Sp. Skýrið frá frásögn hans?

Svar: Frásögn hans var á þann hátt, að við vorum að ræða um, það var austur á Litla-Hrauni þar sem hann sat þá, vorum almennt að ræða um þetta mál og hans reynslu í því og ég minnist til dæmis eins sem hann sagði, ég veit ekki hvort það kemur nokkuð málínu við, þá segir hann eitthvað á þessa leið: "Það verður aldrei neitt að marka sem ég segi um þetta mál, ég er búinn að játa það á 7 eða 8 mismunandi vegu að ég hafi orðið Geirfinni Einarsyni að bana"; og þá spurði ég hann að því hvort að þeir hefðu verið beittir harðræði að einhverju leyti og hann sagði "já, á margs konar hátt, sérstaklega með því að halda okkur í stöðugum ótta og óvissu". Ég spurði hvort það hefði verið gengið harðar að þeim, þá kom þessi lýsing á þessu sérstaka atviki, hann sagði; "ekki sérstaklega að mér, heldur Sævari"; og síðan lýsingin sem þarna er, en ekki jafn glögg eða greinargóð eins og hafði áður verið. Þó sagðist hann muna hverjir hefði verið viðstaddir, hvar hver maður hefði staðið í herberginu og svo framvegis er ég innti hann eftir því.

Sp. Og eru það þeir aðilar sem að getið er um í bréfinu á blaðsíðu 2?

Svar: Já.

Sp. Reynduð þér að koma þessari vitneskju yðar á frámfæri við yfirvöld áður en þér rituðuð dómsmálaráðherra bréf dagsett 30. maí 1978?

Svar: Nei það gerði ég ekki. Ég hugsaði mikið um það hvaða leið væri best fyrir mig að beita, mér varð það ljóst, að þessi vitneskja varð að komast áfram og ákvað að lokum að ég skyldi leita beint

til dómsmálaráðherra og senda síðan viðkomandi aðilum afrit af því bréfi og það var það sem ég gerði.

Sp. Hvaða mat hafið þér lagt á þessar frásagnir þeirra þremenninga Sævars Marinós, Erlu Bolladóttur og Kristjáns Viðar Viðarssonar?

Svar: Þegar ég heyrði þessa frásögu fyrst þá lagði ég það mat á hana, að ég væri ekki í nokkurri aðstöðu til þess að kveða úr um það eða skera úr um það hvort hún væri sannleikanum samkvæm eða ekki, eins og með flest, sem að mér er sagt undir svipuðum kringumstæðum, /égið ekki sérstaklega að leita eftir slíku, og þess vegna lét ég málið kyrrt liggja, en síðar þegar vitneskjan kemur frá Sævari, þá fer ég að verða nokkuð vissari um það, að eitthvað hafi gerzt; einnig vegna þeirrar vitneskju, að ég vissi það, að þarna hafði ríkt óeðlilegt ástand í fangelsinu á þessu tímabili, þ.e. a.s. frá því í desember 1975 og allt til miðs árs 1976 eða heldur lengur. Ég hafði gert ráðuneytinu viðvart um það, að slíkt ástand væri ríkjandi þarna með öðru bréfi út af öðru tilefni. Síðar þegar allir þessir sakborningar höfðu tjáð mér þessa frásögu með mjög líkum orðum, þá fannst mér ég ekki geta þagað lengur og kom þessu áleiðis.

Ríkissaksóknari spyr vitnið hvort að framburður þess nú sé í raun og veru ekki bara ítrekun á bréfi vitnisins dags. 30. maí 1978 til dómsmálaráðherra: Vitnið svarar því játandi.

Jón Oddsson hrl. óskar eftir því, að vitnið verði innt eftir viðbrögðum ráðuneytisins við bréfi þess 30. maí 1978:

Svar: Ég lagði bréfið fram með eigin handriti til ráðherra þennan dag sem að það er dagsett og ráðherra lofaðist til þess að málið yrði tekið föstum tökum og það rannsakað, það er að segja, það yrði farið að ósk minni. Meira get ég ekki um viðbrögðin sagt, ég hef undrast hvað þetta hefur tekið langan tíma, en ég fagna því, að það er komið á þann rekspöl, sem það er á.

Jón Oddsson hrl., óskar eftir að vitnið upplýsi, hvort fanga-verðir í hegningaráhúsinu í Reykjavík, sem heita Jóna og Guðrún

13 6

105

hafi tjáð vitninu frá einhverju sem máli kann að skipta um meðferð á Sævari Marinó?

Svar: Þær hafa ekki rætt um þetta tiltekna atvik, sem að rannsóknin snýst um eða sem bréf mitt fjallar um, en þær hafa að öðru leyti talað um, að þær hafa ýmislegt að athuga við meðferðina á þessum gæzluföngum Sævari, Kristjáni, Tryggva, þann tíma sem þær voru vinnandi þarna, ég held að það hafi verið í janúar-mánuði 1976 í Síðumúla.

Skyrslutöku lokið kl. 10.27.  
Upplesið játað rétt bókað.

Vottur:

Guðmundur Guðjónsson.

Jón Bjarmann.

Þórir Oddsson.

Hörður Björnsson

Jón Oddsson.

Að morgni þess 10.9.1972 ór ég urdirritaður ásamt Þóri Oddssyni skipum rannsóknarlöggreglu-stjóra að vinruhælinu Litla Hrauni og sóttum gæslufangann Kristján Viðar Viðarsson. Kristján Viðar færðum við til yfirheyrslu á skrifstofu RLR en að yfirheyrslu lokinni færðum við hann í Hegningahúsið við Skálavörðustíg.

Skömmu á eftir ókkur fóru að Vinnuhælinu Litla Hraun heir Snorri Sigurjónsson rannsóknarlöggreglumaður og Stefán Tryggvason löggreglumaður við Reykjavíkur-löggreglu og sóttu gæslufangann Sævar Marinó Ciesielski og færðu hann í Síðumúlafangelsið, en Sævar Marinó var síðan yfirheyrðum á skrifstofu RLR.

Til að tryggja eða fangaverðir í Síðumúlafangelsinu og Hegningahúsinu hefðu engin samskipti við gæslufangana önnuðust heir Snorri Sigurjónsson og Stefán Tryggvason fanga gæslu yfir þeim á fangelsunum.

Gæslufangarnir voru sóttir yfirvara laust og þeim ekki gert um það hoð aður til að tryggja að heir kæmu ekki boðum sín á milli.

Gæslu þeirra Kristjáns Viðars og Sævars Marinóss er þannig háttáð á Vinnuhælinu Litla Hrauni að þeir eru hafðir aðskildir og ná aldrei saman. Hinsvegar umgangast heir sérstum fangana og gata hví hæglega komið boðum sín á milli.

  
Guðmundur Ólafsson  
Rannsóknarlöggreglumaður

Mánudaginn 10.9.1979, kl. 10:45 mætir til yfirheyrslu á skrifstofu RLR að Auðbrekku 61, Kópavogi, Kristján Viðar Viðarsson (5890-2217) gæslufangi, f. 21.4.1955 í Reykjavík.

Mætta er kunnert tilefni yfirheyrlunnar sem er samþrófun í Síðumúlafangelsinu þann 5. maí 1976, þar sem mætti var yfirheyrður ásamt Sævari Marinó Ciesielski og Erlu Bolladóttur, en Jón Bjarman fangaprestur hefur borið að mætti hafi í sálgæsluviðtali við sig borið að við umrædda samþrófun hafi Sævar Marinó verið beittur harðræði.

Viðstaddir yfirheyrluna eru fulltrúi ríkissaksóknara Pétur Guðgeirsson, Páll S. Pálsson hrl og Páll A. Pálsson hdl og af hálfu RLR Þórir Oddsson skipaður rannsóknarlöggreglustjóri og Guðmundur Guðjónsson rannsóknarlöggreglumaður.

Gætt er ákv. l. málsgr. 40. gr. laga um meðferð opinberra mála. Aminntur um sannsögli.

Eg man vel eftir umræddri samþrófun þann 5. maí 1976. Viðstaddir voru Örn Höskuldsson, Hallvarður Einvarðsson, Njörður Snæhólm, Eggert Bjarnason, Sigurbjörn Viðir, Gunnar Guðmundsson, Erla Bolladóttir og Sævar Ciesielski.

Að ósk fulltrúa ríkissaksóknara er mætta bent á að staða hans sé sem vitni í málinu.

*K.Y. Viðat.*  
Aðdragandinn að þessari samþrófun var að ég var sóttur inn í klefa til míν fyrrihluta dags og færður inn í yfirheyrsluherbergi Síðumúlafangelsisins. Þar voru þá fyrir Njörður og Hallvarður og Erla. Njörður segir mér að Erla hafi borið að hún hafi skotið mann með riffla. Eg spurði Erlu

hvort petta væri rétt og kinnkaði hún kolli við því.

Það kom svo til tals að Erlu langaði til að tala við Sævar og vildi hafa mig viðstaddan. Æg sagðist vilja vera viðstaddur en Hallvarður sagði að ekki væri hægt að tala við hann, en Hallvarður sagði við Erlu að hann skyldi hugsa petta mál. Síðan var ég í framhaldi af þessu færður í klefa minn.

Það var síðan um kaffileytið eða um kvöldmat að Gunnar Guðmundsson yfirfangavörður kom inn í klefa til míni nr. 17 og tilkynnti mér að ég ætti að mæta í samprófun þárnar frammí. Nefndi hann Sævar, Erlu og Hallvarð, en ekki man ég hvort hann nefndi Njörð. Sagðist Gunnar myndi sjálfur verða viðstaddur samprófunina. Sagði Gunnar mér að ég ætti að tala við Sævar eins og mér hentaði og að ég mætti þessvegna hrista hann til. Vil ég taka fram að Gunnar var mjög æstur. Það hefur síðan verið um kl. 19:30 sem ég var sóttur í samprófunina. Í yfirheyrsluherberginu voru þegar ég var færður þangað Erla, Njörður og Sigurbjörn Viðir. Aðrir komu fljótlega og Sævar síðastur. Voru þá allir mættir sem ég nefndi fyrst í skýrslunni. Ég sat í stóli við dyrnar að hornherberginu og sat Njörður við hliðina á mér hinum megin við dyrnar. Erla var við hina hlið mér - sat við skrifborðið - Hallvarður hinum megin við sama borð, Örn, Sigurbjörn Viðir og Gunnar Guðmundsson á sófa sem þárnar var. Sævar sat á stóli við dyrnar að fangan-ganginum og snéri bakinu að þeim. Fyrir aftan hann stóð Eggert Bjarnason.

Ég var að reykja sigarettu þegar Sævar var færður inn í herbergið og bað Sævar mig um að gefa sér sigarettu en Njörður sagði að hann mætti ekki reykja. Njörður létt það þó óátalið að ég reykti. Njörður gaf Sævari í nefið.

Ég spurði Sævar hvort að þær þrjár sögur sem Sigurbjörn Viðir hafði sagt mér um að ég hafi banað Geirfinni og Sigurbjörn sagðist hafa eftir Sævari væru réttar eftir honum hafðar. Ég náði ekki neinu sambandi við Sævar og sá ég að hann var stórsjúkur enda hef ég þekkt Sævar lengi og sá að hann var ekki í sínu eðlilega ástandi.

*K. V. Framh.*

Sævar sagði og benti á Hallvarð Einvarðsson og sagði að hann hefði hótað sér að týnast í amerísku fangelsi.

Eggert var alltaf að hrísta Sævar til og færa stólinn sem Sævar sat á fram og aftur og var að öskra á hann, snéri upp á eyrun á honum og kleip í hárið á honum, snoppungaði hann til að Sævar liti beint fram.

Síðan var Erla látin fá orðið til að tala við Sævar og hún talaði við hann mjög lengi um þeirra samband, en ekkert um þetta mál sem verið var að rannsaka, Eg greip einu sinni frammí fyrir henni en hún sagði mér að halda kjafti og spurði ég hana ekki frekar. Meðan á þessu stöð var Eggert alltaf að taka í Sævar á þann hátt sem ég hef lýst.

Eftir að Erla hafði talað við Sævar í um hálf tíma fór hún að gráta. Var Erla í því að tala illa um Sævar, bláta honum og ljúga upp á hann um ferðir hans í Gljúfurholt Ölfusi. Sævar sagði að þessi maður ríkissaksóknari og benti á Hallvarð hafi hótað sér að lenda í amerísku fangelsi.

Pá segir Hallvarður að eftir því sem þessi stúlka hafi sagt pá eigi hann skilið að fá að týnast í amerísku fangelsi. Reyndar öskarði Hallvarður þessum orðum að Sævari. Sævar reyndi þá að hrækja aftan á Hallvarð en tókst ekki þar sem aðeins kom froða út úr honum, eins og hafði komið út úr honum allan tíman, enda var hann sjúkur maðurinn. Þá stóð Gunnar Guðmundsson upp af söfanum og löðrungaði Sævar með hægri hendi (löfanum) hjög fast þannig að smalli. Þetta var komið í einn hamangang - Erla hágrét og Hallvarður var eitt hvat að tala við hana. Lögreglumennirnir og Gunnar Guðmundsson og Örn Höskuldsson þeir voru að tala við Sævar til skiptis eða öllu heldur allir í einu. Eg sat kyrr lamaður. Þá komu tveir fangaverðir í dyrnar þeir Ari og ~~Rján~~ Jón Baldvin og fóru með hann inn í klefa að beiðni Gunnars Guðmundssonar. Síðan var ég látinna fara inn á minn klefa.

Framh.

110

Hver viðbrögð annarra í herberginu voru yfir framferði Eggerts og Gunnars Guðmundssonar, þá voru þau engin það kom enginn honum til hjálpar.

Ég er spurður hvenær og hverjum ég hafi fyrst skýrt frá þessu sem skeði þarna í þessari umræddri samþrófun. ~~Ég~~  
 Ég skýrði Páli A. Pálssyni fyrst frá þessu þetta sama árið. Hversvegna ég skýrði ekki fyrr frá þessu var vegna þess að svipaðir atburðir hafa áður átt sér stað, nánast daglegir viðburðir svo sem að ég heyrði til Skúla Steinssonar, fangavarðar, vera að kaffæra Sævar. Eins heyrði ég þá í einhverjum öðrum fangaverði. Þá á ég líka við gagnvart sjálfum mér, bæði af lögreglumönnum og fangavörðum.

Ég vil taka fram eftir að skýrslan hefur verið lesin upp fyrir mér að Sævar hrækta í áttina til ~~xxxxxxxx~~ Hallvarðs.

Ég vil koma því að, að dagbók míni sem ég hélt var tekin af mér. Voru þarna um þrjár bækur að ræða og allar teknar af mér pann 17. ágúst 1976. Ég fékk bækurnar síðan aftur en ég man ekki hvenær annað en að ég var þá enn í Siðumúlafangelsinu, nema eina bókina hama fékk ég ekki aftur. Úr hinum tveimur var báið að rífa einhver blöð. ~~Í~~ Eina bókina hef ég sjáfur rifið. Í þá bók sem ég fékk ekki aftur hafði égritað um umrædda samþrófun. Var þarna um tvö tilvik að ræða þar sem dagbækurnar voru teknar af mér..

Yfirheyrslu lokið kl. 12:25

Skýrsluna skráði

Guðmundur Guðjónsson  
Rannsóknarlöggreglanautur

Upplesið staðfest,  
*Kristján Viðar Viðarsson*  
Kristján Viðar Viðarsson

Viðstaddir

Þórir oddsson *Þórir Ólafsson*  
Petur Grögeirsson *Petur Grögeirsson*  
Páli S. Þórisson *Páli S. Þórisson*  
Páli A. Pálsson *Páli A. Pálsson*

Mánudaginn 10.9.1979, kl. 13:55 mætir til yfirheyrslu á skrifstofu RLR að Auðbrekku 61, Kópavoggi, Sævar Marinó Ciesielski, (8834-8869) f. 6.7.1955 í Arnessýslu.

Mætta er kunngert tilefni yfirheyrslunnar, sem er, samprófun í Síðumálaufangelsinu þann 5. maí 1976, þar sem mætti var yfirheyrður ásamt Kristjáni Viðari Viðarssyni og Erlu Bolladóttur, en Jón Bjarman fangaprestu hefur borið að mætti hafi í sálgæsluviðtali við sig borið að mætti hafi verið beittur harðræði við umrædda samprófun.

Viðstaddir yfirheyrsluna eru fulltrúi ríkissaksóknara Pétur Guðgeirsson og Jón Oddsson hrl og af hálfu RLR Þórir Oddsson skipaður rannsóknarlöggreglustjóri og Guðmundur Guðjónsson rannsóknarlöggreglu-maður.

Mætta er kynnt réttarstaða vitnis og áminntur um sannsögli.

Eg er ekki viss en tel að það hafi verið eftir kvöldmat umræddan dag (5. maí 1976) sem ég var sóttur í klefa minn af fangaverði, en ekki get ég sagt til um hvaða fanga-vörður það var sem sótti mig. Ég var færður inn í viðtalsherbergi fangelsisins en þar voru þá fyrir Erla Bolladóttir, Kristján Viðar Viðarsson, Hallvarður Einvarðsson, Örn Höskuldsson, Eggert Bjarnason, Sigurbjörn Viðir, Njörður Snæhólm og Gunnar Guðmundsson. Herbergi þetta er á milli yfirheyrsluherbergisins og varðstofunnar.

Þegar ég kom inn í herbergið sat Njörður í horninu milli yfirheyrsluherbergisins og hurðarinnar að fangaganginum, Erla sat við gluggann við skrifborð og Kristján Viðar

Framh

við hlið hennar, Hallvarður sat hinum megin við skrifborðið Örn og Gunnar sátu á sófa, Sigurbjörn Víðir og Eggert sátu við dyrnar að fangaganginum, vinstra megin þegar komið er inn í herbergið af þeim gangi. Æg var færður til sætis á stóli við hliðina á Eggert með bakið að hurðinni að fangaganginum.

Yfirheyrslan hófst á því að Æg átti að staðfesta að Æg hafi verið í Keflavík 19. nóvember 1974 ásamt Kristjáni, Erlu og "fjórmennungunum". Æg orðaði það þannig til að Æg myndi ekki ljúga upp á mig eða aðra. Þá færði Æg stólinn sem Æg sat á aðeins framar en Eggert reif þá í hárið á mér og togaði mig aftur á bak og sagði " þú ætlar ekki að skilja drengur". Æg bað Eggert um að sleppa mér og tók m.a. um hendina á honum sem hélt í hárið á mér, en hann hristi mig eitthvað til en Æg geri mér ekki grein fyrir framhaldinu.

Þeir sem í herberginu voru fóru síðan að hreita hortugheitum í mig, nema Njörður Snæhólm sem sagði ekkert heldur sat þögull.

Æg man að Gunnar Guðmundsson steytti framan í mig hnemann og var að hvetja mig til að bera að Æg hafi verið í Keflavík með framangreindum mönnum. Mér finnst eins og Æg hafi verið sleginn í andlitið en geri mér ekki grein fyrir þá af hverjum eða hvernig höggið var. Þá beindi Æg orðum mínum að Hallvarði Einvarðssyni og spurði hann hvort leyfilegt væri að gera petta - þ.e. hvort þarna væri farið að lögum.

Æg skýrði bæði mínum lögmanni Jóni Oddssyni og Jóni Bjarmann fangapresti frá þessu harðrærði. Æg vil taka fram að Æg fékk ekki að tala við Jón Oddsson hrl. ~~xxxx~~ frá því í janúar 1976 og þar til í apríl sama ár. Æg vil taka fram að margoft var brotið á mér við yfirheyrslur og var það ástæðan fyrir því að Æg skýrði ekki frá þessu fyrr en löngu síðar eða sennilega á árinu 1977, en það gæti hafa verið fyrr þ.e. á árinu 1976.

Framh.

113

Ég held að það hafi verið í janúarlok eða byrjun febrúar 1978 sem Jón Bjarman bað mig um að rifja upp þetta umrædda tilvik varðandi samþrófunina í Síðumálfangelsinu 5. maí 1976.

Viðbrögð Erlu við þessa samþrófun var að hún grét mikið og talaði um barnið okkar. Sagði Erla mér að segja að ég hafi verið þarna í Keflavík umrætt sinn. Sagði hún "segðu þú varst þarna".

Upphófst síðan mikið orðaskak milli þeirra sem þarna og síðan komu tveir fangaverðir og tóku mig tökum og var ég settur inn í klefann með valdi.

Yfirheyrslu lokið kl. 15:02

Upplesið staðfest,

*Sævar M. Ciesielski*  
Sævar Marino Ciesielski

Skýrsluna skráði

*Guðmundur Guðjónsson*  
Guðmundur Guðjónsson  
Rannsóknarlögðrumaður

*Jón Oddsson*  
Jón Oddsson  
*Ólafur Guðgeirsson*  
Ólafur Guðgeirsson  
*Jón Oddsson*  
Jón Oddsson

Mánudaginn 10.9.1979, kl. 16:55 mætir til yfirheyrslu að hálfu RIR Erla Polladóttir (2147-0929) d. 12.7.1955 í Reykjavík.

Mættu er kunnert til að ni yfirheyrslunnar, sem er, samþrófun í Síðumúla fangelsinu þann 5. maí 1976, þar sem mætta var yfirheyrð ásamt Kristjáni Viðari Viðarsvyni og Sævari Marinó Ciesielski, en Jón Bjarman fangaprestur he ur horið að mætta hafi í sílgæsluviðtali við sig horið að Sævar Marinó hafi verið heittur hærðræði við umrædda samþrófun.

Yfirheyrslan er fram á heimili mættu að beiðni hennar, þar sem hún kennir lasleika.

Háft var samband við Guðmund Ingva Sigurðsson hml og honum hækkað að vera viðstaddir yfirheymslu þessu, en í samræði við mættru hér óskar Guðmundur Ingvi okki eftir að vera viðstaddir.

Viðstaddir yfirheyrsluna eru að hál u ríkissaksóknana Ólafur Guðgeimsson fulltrúi og að hál fu RIR Þórir Oddsson skipaður rannsóknarlögðraglæstjóri og Guðmundur Guðjónsson rannsóknarlögðraglumður.

Mættu eru kynnt ríttarstofan vitnis og minnnt um sannsetji.

Þeg man eftir urreddri samþrófun þann 5. maí 1976 eru man ekki tilganglaega tilteini hennar annað en að hún var um "Sairfinnsmálið". Viðstaddir voru Órn Hækuldason, Eggert Björn Þor, Sigurbjörn Víðar, Gunnar Guðmundsson, Úlfvarður Þórváðsson og Njörður Snæhólm, að mig minnir og eins Kristján Viðar og Sævar Marinó.

Mig minnir að aðilar hafi setið pannig í herberginu, að Sævar Marinó sat á stól við dyrnar inn í fangelsisganginn og snéri bákinu að þeim, ég sat við skrifborðið þeim

megin sem litla yfirheyrsluherbergið er, nær clugjanum og Kristján Viðar sat við hlið mér, Hallvarður sat á stóli hinum megin við skrifborðið, Gunnar Guðmundsson sat á legubekk við veggirnir í varðstofunni, Eggert sat við hlið Sævars vinstra megin og örni við hlið Þorjarts. Æg man ekki hvar Sigurbjörn Viðir sat eða Njörður Snæhólm.

Hannig stóð á að við Kristján Viðar vorum bæði búin að gefa skýrslu um það sem við vissum um "Geirfinnsmálið" en Sævar Marinó ekki. Virtist mér yfirheyrslan ganga út að það að Sævar Marinó til að samþykja fréttögn okkar Kristjáns Viðars.

Það voru þeir Hallvarður og Eggert sem mórg-ítrekuðu við Sævar að segja sannleikann en mér fannst aðrir ekki blanda sér mikið í þetta. Þetta ór síðan ót f heð að við Kristján Viðar fórum að rifast við Sævar og undur við mjög mest.

Síðan or það nrefta sem ég man að Sævar var nákkum ríppur - allavega tvísvær að ór mér - ór ór stólinn sem hann sat á framán í herbergið vegna æsings en Eggert dró hann til baka aftur með því taka í stólbakið. Æg held ekki að Eggert hafi komið neitt við Sævar meðan ó samþrófuninni ótndur.

Síðan atvikaðist það að Gunnar Guðmundsson blandaði ór eitthvað í samþrófunina, en Sævar spurði hann þá að því hvað honum kumi þetta mál við. Gunnar sagði þá að hann væri forstöðumaður fangelsisins. Sævar sagði Gunnari þá að halda kjaðti og bí stóð Gunnar upp og síð Sævar kinrhést með 16 færðum en ekki man ég með hvorri hondinni. Æg held að Gunnar hafi síðan í frambaldi að þessu kallað á fangaverðina sem komu og tóku Sævar. Fannst mér fangaverðirnir taka Sævar þjósnaxlega, tóku annað hvort í axlir hans eða handarkrika. Æg held að þessari samþrófun hafi síðan verið lokið eftir að Sævar var færður í burtu.

Æg man ekki til þess að Sævar hafi verið beittur meira harðræði heldur en ég hef lýst í þessari samþrófun. Við Kristján Viðar vorum ekki beitt neinskonar harðræði við þessa samþrófun.

116

Það sem ég man glögglega eftir í þessari samþófun er það þegar Eggert togaði í stólinn sem Sævar sat á og þegar Gunnar Guðmundsson gaf Sævari kinnhestinn. Hinsvegar gæti lýsingu á staðsetningu aðila skeikað einhverju.

Varðandi viðbrögð peirra sem í herberginu voru við umrædda samþófun þegar Gunnar Guðmundsson gaf Sævari kinnhestinn þá varð ég þess ekki vör að neinn gerði athugasemd við það en hinsvegar þá var farið með Sævar í burtu í framhaldi af því.

Fyrir mættu er lagður uppdráttur ax að Síðumúlaþangalsinu og hún beðin að skrá á hann hvar hvar aðili hafi verið staddur í viðtalsherberginu eftir því sem hún best man.

Yfirheyrslu lokið kl. 17:50

Upplesið staðfest,

*Erla Bolladóttir*  
Erla Bolladóttir

*Párin Oddsson*  
Párin Oddsson  
*Pétur Guðgeirsson*  
Pétur Guðgeirsson

Skýrsluna skráði

*Gudmundur Guðjónsson*  
rannsóknarlögreglumaður

Fimmtudaginn 20.9.1979, kl. 14:30 mætir til yfirheyrslu í Fangelsinu Síðumúla Jón Baldvin Sveinsson, fangavörður, til heimilis að Sundlaugavegi 16, Rvík, s. 37132, f. 12.2.1945, nafnn. 5192-1291.

Mætta er kunngert tilefni yfirheyrslunnar, sem er, að hann er spurður varðandi samprófun sem fram fór í Síðumúlafangelsinu 5. maí 1976.

Mætti er yfirheyrður sem vitni í málinu, kunngerð vitnaskyldan og áminntur um sannsögli.

Viðstaddir yfirheyrsluna eru Pétur Guðgeirsson fulltrúi ríkissaksóknara, Þórir Oddsson skipaður rannsóknarlöggreglustjóri og Guðmundur Guðjónsson rannsóknarlöggreglumaður. Haft var samband á lögfræðiskrifstofu Jóns Oddssonar hrl, til að láta Jón vita af þessari yfirheyrslu en hann var ekki við.

Ég man eftir þessari umræddri samprófun en þó mjög óljóst - þó er ekki alveg víst að ég sé með þessa ákveðnu samprófun í huga.

Ég er spurður hvort ég muni eftir því að hafa komið inn í það herbergi sem samprófunin var í og fært Sævar Marinó í klefa sinn með hjálp annars fangavarðar. Ég man ekki sérstaklega eftir því en hins vegar er það alls ekki ólíklegt ef ég hef verið á vakt þegar þetta var.

Ég er spurður hvort ég hafi heyrt eitthvað rætt um þessa samprófun síðar. Ekki minnist ég þess sérstaklega.

Ég er spurður hvort ég viti til þess að heitt hafi verið harðræði við þessa samprófun við fangana. Nei.

Ég er spurður hvort ég muni til þess að einhver yfirheyrsla yfir föngunum hafi verið hávaðasöm. Ég minnist þess ekki.

Framh.

118

Ég er spurður um það hvort ég minnist þess að Gunnar Guðmundsson, forstöðumaður fangelsisins, hafi verið viðstaddir einhverja samprófun. Ég minnist þess ekki.

Ég er spurður hvort ég myndi minnast þess ef svo væri.  
Ég gæti svarað þessu bæði já og nei.

Ég er spurður um aðbúnað Sævars Marinós í Fangelsinu Síðumúla. Ég hef trú á því að hann hafi verið með svipuðum hætti og annarra fanga. Varðandi "útivist" Sævars þá tel ég að þær hafi ekki byrjað alveg strax en man ekki hvenær.

Ég get ekkert frekar tjáð mig um þetta - ég man ekki eftir fleiru en ég hef frá skýrt varðandi þessa samprófun.

Yfirheyrslu lokið kl. 15:25

Upplesið staðfest,

Jón. B. Sveinsson

Jón Oddsson  
Jón Oddsson  
Petur Guðgeimsson

Guðmundur Guðjónsson  
Rannsóknarlöggreglumaður

Föstudaginn 21.9.1970, kl. 13:00 metir á skrifstofu RLR Cuðjón Lúther, rævvirkni, til heimilis að Holtabúð 13, Garðabær, f. 28.4.1947 í Reykjavík, nánn. 0224-0822.

Mætta er kunnert tilfni yfirheyrslunum, sem er, að hann er spurður um samþrófun í síðumúlalangelsinu 5. maí 1976.

Mætti er yfirheyrður sem vitni í málinu, kunnjerð vitnaskyldan og áminntur um kannsögli.

Viðstaddir yfirheyrsluna eru: Þáttur Cuðgeirsson fulltrái ríkissakaðknara, Jón Oddsson hér og að hálfu RLP börir Oddsson ekkiður rannsóknarlöggreglustjóri og Guðmundur Cuðjónsson nánast löggreglumaður.

Íg man eftir sinni samþrófun sem fóru fór í viðstaddirnar (milli herbergiru) en þar voru þeir Sævar Marinó Ciccarelli, Kristján Viðar Viðarsson og sonnilega Órla Bolladóttir auk mannaðknarrðila. Íg man að samþrófun þessi var fíflunn en get ekki sagt til um hvernir barna voru viðstaddir. Það get ekki reitnt nöfn þeirra sem barna voru.

Íg er spurður að hvort hvort eitt hvarð gari mán þessa samþrófun minnisstað og svanið óg hvur að þær voru að það var þessi fjöldi sem var þessari samþrófun spurðar svo og að yfirheyrslan var hávaðasími. Það heyrði að stólar voru dregnir eftir gölinu og eins háværar raddir.

Íg er spurður hvort óg hafi heymt eitt hvað sem gaf til kynna að fangarnir hafi verið boittir hundum að þessa samþrófun. Svo var ekki.

Íg er spurður hvort óg muni hvernig þessari samþrófun lauk og þá hvort komið hafi til minna kasta s.s. að ferra fangana til klefa sinna. Íg man ekki eftir því en tel það líklegt þar sem óg var á vakt.

Íg er spurður um það hvort óg muni til þess að einhver fangavörður hafi verið viðstaddir þessa samþrófun. Framh.

Petta er mér ekki sérstaklega minniðstætt en mig "rámari" í að svo hafi verið og dættur mán hef holst í hug Gunnar Guðmundsson, forstöðumaður.

Það er spurður að huf hvers vegna mér dætti hann sérstaklega í hug. Því er ekki að leyni að Gunnar Guðmundsson var mikill áhugamaður um að mál petta kæmist í hön n svo og áhugasamur um allt sem kom fangelsinu við.

Ég er spurður um það hvort ég viti til þess að eitt hvað hafi komið upp á við þessa samþrófun að verið vætt um þessa samþrófun síðar. Ég minnið ekki sérstaklega eftir að svo hafi verið, en hins vegar voru sumir fangaverðir áhugasamari um betta mál heldur en ég.

Ég er spurður um það hvort fangaverðir hafi verið viðstaddir yfirheyrsliur í þessum nállum (Guðmundar og Geirfinnsmáli) Ég man ekki eftir slíku til felli, hótt svo að það meci vera, en það var alls ekki regla og man ekki til þess að ég hafi síðulur verið viðstaddir yfirheyrsli.

Ég er spurður að því í hverju þessi áhugi fangavarða hafi verið fólginn. Svara ég því til að sumir starfs ólaga minna hafi á viccu tímabili tekið að sér að ræða þessi að brot við fangana bá aðallega til að ræyna að upplýsa hvar lískin væru. Viðræður þessar áttu sér ávallt stað inn í klæfa viðkomandi aanga. Ég var aldrei viðstiddur viðræðum annars fangavarðar og viðkomundi gæsluvörðhaldsfanga, endu var ég beirrar skoðunar að fangaverðir áttu að sinna sínum störfum og rannsóknaraðilar sínum. Hins vegar annst mér þarfín hjá fóngunum vera mjög mikil til að vera að ræða þessi mál sín við fangaverðina. Ég reyndi ávallt að "bíta" mig frá þessu þegar fangarnir óru að ræða þessi mál sín.

Ís er spurður um það hvort þeir fangaverðir sem voru að ræða mál fanganna við hafi verið einir í klæfum beirra með þeim þegar þessar viðræður fóru fram. Svara ég því játandi.

Ég er spurður um hvernig ég geti borið um hvað fangaverðirnir voru að ræða við fangana í klæfunum. Ég get ekki borið um það á annan hátt en hann að viðkomandi fangavörður skýrði mér eftir að frí afni samtalanna.

121

Þau voru stundum drjúg þessi samtöl fangavarðanna við fanganna og kom fangaverður í einu tilviki með uppdrátt að landverði rísað í miða, út úr klefa eins fangana, sem Þóðri Þóðr okki lengur hvar vor.

Þóðr er boðinn að námsreina húð fangaverði sem voru að fara inn í klefa fanganna til að ræða mál þeirra við þá p.e. þau mál sem þeir voru gruhaðir um.


Þóðr tel að þeir Högni Eirírsson, Skúli Steinsson og Ari Jónimundarsson hafi "tekið að sér" að ræða þessi mál einslega við fangana í klefum þeirra og tel ér sinnig að þessar viðræður hafi farið frá með vitundi Gunnars Guðmundssonar, forstöðumanna og Gunnars Marinóssona, varðstjóri.

Þóðr er spurður um hvað þessir fangaverðir hafi gert við þá vitneskju sem þeir kunna að hafa aflað með þessum viðtöllum. Þóðr er viss um að þeir hafi komið þessum upplýsingum rétta boðleið þ.e. til Eggerts Bjarnasonar, Sigrúnar Jörns viðis ~~X~~~~X~~~~X~~~~X~~~~X~~~~X~~ og eftir Hjálverðs Þirvumánnsonar.

Þóðr er spurður um þar hvert ég hafi orðið var við þar hvert að fangaverðin hafi átt fund með rannsóknaraðilum um órisatriði mála þessara eða ófurnefndan viðræður fangavarða og fanga. Svo ég því, að ég get ekki borið um það að eigin ræun hvert svo hafi verið.

Þóðr er spurður að hvort ég ha i verið beðinn um að ræða þessi mál fanganna við þá. Svo var ekki og heyrði ég aldrei að neinn væri beðinn um það.

Vefirheyrsli Jókið kl. 14:40

  
Þóðr Oddsson  
Jón Oddsson  
Óðrur Guðjónsson

  
Guðjón Lúther  
Upplæsið staðfest,

  
Guðjón Lúther  
Rannsóknarlöggreglumaður

122

Föstudaginn 21.9.1979, kl. 15:15 mætir til yfirheyrslu á skrifstofu RLR Ari Ingimundarson, fangavörður, til heimilis að Hlaðbrekku 9, Kópavogi, f. 29.4.1953 á Kópaskeri, nafnn. 0422-8219.

Mætta er kunngert tilefni yfirheyrslunnar, sem er, að hann er spurður varðandi samþrófun sem fram fór í Síðumúlafangelsinu 5. maí 1976.

Mætti er yfirheyrður sem vitni í málinu kunngerð vitnaskyldan og áminntur um sannsögli.

Viðstaddir yfirheyrsluna eru Pétur Guðgeirsson fulltrúi ríkissaksóknara, Jón Oddsson hrl og af hálfu RLR Þórir Oddsson skipaður rannsóknarlöggreglustjóri og Guðmundur Guðjónsson rannsóknarlöggreglumaður.

Ég man ekki eftir þessari samþrófun.

Ég er spurður hvort ég muni eftir einhverri fjölmennri yfirheyrslu þarna í Síðumúlafangelsinu. Ég minnist þess ekki.

Ég er spurður hvort rætt hafi verið um meðal fangavarðanna, samþrófun, sem þarna fór fram. Ég minnist þess ekki.

Ég hef aðspurður ekkert frekar við þessa bókun að bæta sem fram er komin.

Framh.

123



Ég er spurður um það hvort ég hafi verið að ræða mál gæslufanganna einslega við þá p.e. þau mál sem þeir voru grunaðir um. Ég kannast ekki við að hafa verið að yfirheyra fangana eða annað slíkt.


Er ég spurður hvort ég kannist við að einhverjir fangaverðir hafi gert það. Ekki man ég eftir því.

Yfirheyrslu lokið kl. 15:40

Upplesið staðfest,

  
Ari Ingimundarsson

  
Þórir Oddsson  
  
Pétur Guðgeirsson  
  
Jón Oddsson

  
Guðmundur Guðjónsson  
Rannsóknarlöggreglumaður

124

Miðvikudaginn 26.9.1979, kl. 10:30 mætir til yfirheyrlsu á skrifstofu RLR Hallvarður Einvarðsson, rannsóknarlöggreglustjóri ríkisins, til heimilis að Egisiðu 56, Rvík, f. 2.12.1931, nafnn. 3690-0725.

Mætta er kunngert tilefni yfirheyrlunnar, sem er, samþrófun sem fram fór í Fangelsinu Síðumúla þann 5. maí 1976.

Mætta er kunn réttarstaða vitna og sakborninga fyrir rannsóknarlöggreglu og dómi.

Aminntur um sannsögli.

Viðstaddir yfirheyrluna eru Pétur Guðgeirsson fulltrúi ríkissaksóknara, Jón Oddsson hrl. Þórir Oddsson skipaður rannsóknarlöggreglustjóri í máli þessu og Guðmundur Guðjónsson rannsóknarlöggreglumaður.

Ég er spurður hvort ég muni eftir þessari samþrófuni og svara ég því játandi.

Ég óska eftir að fá að hafa almennan inngang:

"A þeim tíma sem hér um ræðir gegndi ég störfum vararíkissaksóknara. Meðal starfsskylda minna þá, var að fylgjast með rannsókn svonefnds Guðmundar og Geirfinnsmáls. Rannsókn þess fór fram af hálfu sakadóms Reykjavíkur, og fór Örn Höskuldsson fulltrúi yfirsakadómara með rannsóknarstjórn málsins. Mál þetta er tvímælalaust meðal erfiðustu og umfangsmestu sakamála sem að verið hafa til rannsóknar hér á landi í langan tíma. Sem fyrr segir hvíldi megin þungi rannsóknarstjórnarinnar á Erni Höskuldssyni fulltrúa yfirsakadómarns í Reykjavík. Að því leyti sem

Framh.

varðar mætingar og afskipti af minni hálfu sem vara-ríkissaksóknari í rannsókn þessa máls má eflaust finna því stað í lögregluskyrslum og endurritum úr sakadómsbókum frá þessari tíð. Þá að sjálfsögðu gerði ég ríkissaksóknara ávallt rækilega grein fyrir framvindu rannsóknar þessa máls svo og yfirsakadómaranum í Reykjavík, þar á meðal á fundum er ég og Örn Höskuldsson áttum með þessum embættismönnum".

A því stigi rannsóknar sem umrædd samþrófum gerðist var rannsóknin á mjög erfiðu stigi. Taldi rannsóknardómarinn þá rétt að freista þess að fram færi samþrófun, sérstaklega milli þeirra Sævars Ciesielski og Erlu Bolladóttur. Eins kann að vera að Kristján Viðar Viðarsson hafi verið viðstaddir, en ég er ekki öruggur á því. Aðrir viðstaddir þessa samþrófun voru auk mínn og rannsóknardómarns, yfirfangavörðurinn í Síðumúlafangelsinu Gunnar Guðmundsson, rannsóknarlöggreglumennirnir Eggert Bjarnason og Sigurbjörn Viðir, að mig minnar, en ég er ekki alveg viss á því og einhverjir fangaverðir til aðstoðar. Þá vil ég geta þess að á þessum tíma átti ég stundum viðræður við Njörð Snæhólm, þáverandi aðalvarðstjóra um framvindu málsins og kann að vera að hann hafi verið viðstaddir.

Ég er spurður <sup>verið</sup> hvort ég geti upplýst hvernig að þessari samþrófun hafi/staðið og hvort eitthvað harðræði hafi verið beitt við sakborninga. Að því er varðar fyrra atriðið, hvernig að þessari samþrófun var staðið, þá var hún framkvæmd eins og aðstæður eru til í Síðumúlafangelsinu sem ekki eru nú beisnar. Nánar tiltekið fór hún fram í miðherberginu þ.e.a.s. herberginu milli varðstjóra-herbergisinsog hornherbergisins, þar sem yfirheyrlur fara tíðum fram, og sátu menn á bekkjum þar staddir, en sumir stóðu þar á meðal fangaverðir að mig minnar.

Framh.

17.

Er leið á samprófunina gerðust þau Erla og Sævar mjög öröleg og komust bæði í uppnám, en ítrekað var gert hlé á samprófuninni í því skyni að rða þau, þannig að halda mætti samprófuninni áfram. Sérstaklega var Sævar æstur og örölegur í sæti sínu. Samprófun þessi stóð tiltölulega stutt yfir og af hálfu rannsóknaraðila málsins var eigi beitt neinskonar harðræði, að því/ég get um borið en eitt sinn er Sævar gerðist sérlega æstur og örölegur og virtist vilja færa sig, eða hreyfa, eitthvað úr stað þeim sem honum var ætlaður greip yfirfangavörðurinn til hans og færði hann til baka og rétti honum nokkurn kinnhest um leið.

Eg er spurður um það hvort hlutverk Gunnar Guðmundsson hafi haft á hendi við þetta tækifæri og svara ég því til að honum hafi verið ætlað, að mínum dömi, að sjá um tilfærslur á föngum á milli klefa og yfirheyrsluherbergisins. Eg ætla, að vera Gunnars Guðmundssonar við samprófun þessa hafi verið í samræði við Örn Höskuldsson.


Eg er spurður hvað hafi skeð eftir að þessi kinnhestur hafi verið veittur. Eg man það ekki svo glögglega en mig minnir að það hafi verið komið að lokum þessarar samprófunar.

Að lokum vil ég enn á ný vísa til stöðu minnar á þessum tíma sem vararíkissaksóknara og viðræðna minna og greinargerða til ríkissaksóknara, sem nú hefur mælt fyrir um þessa rannsókn.

Yfirheyrslu lokið kl. 11:25

Upplesið staðfest,

Hallvarður Einvar Ódsson  
Hallvarður Einvar Ódsson

  
Hallvarður Einvar Ódsson  
Pétur Guðgeirsson  
Jón Oddsson

  
Guðmundur Guðjónsson  
Rannsóknarlöggreglum.

Miðvikudaginn 26.9.1979, kl. 11:45 mætir  
á skrifstofu RLR Njörður Snæhólm, yfir-  
löggreglubjónn, til heimilis að Mánabraut 13,  
Kópavogi, f. 4.7. 1917, nafnn.

Mætta er kunngert tilefni yfirheyrlunnar,  
sem er, samprófun sem fram fór í Fangelsinu  
Síðumúla þann 5. maí 1976.

Mætta kunn vitnaskyldan.

Viðstaddir yfirheyrluna eru Pétur  
Guðgeirsson fulltrúi ríkissaksóknara,  
Jón Oddsson hrl, Þórir Oddsson skipaður  
rannsóknarlöggreglustjóri í málín og  
Guðmundur Guðjónsson rannsóknarlöggreglumaður.

Er er spurður hvort ég muni eftir þessari samprófun.  
Ég man eftir einni samprófun sem ég var viðstaddur og  
fór hún fram í miðherberginu í Síðumúlafangelsinu. Ég  
man ekki hvaða dag þessi samprófun fór fram sem ég var  
viðstaddur.

Viðstaddir samprófunina voru, Sævar Ciesielski, Gunnar  
Guðmundsson, Hallvarður Einvarðsson, Örn Höskuldsson,  
Eggert Bjarnason, Sigurbjörn Viðir, og hugsanlega  
Erla Bolládóttir eða Kristján Viðar Viðarsson, eða  
jafnvel þau bæði.

Ég er spurður hvernig þessi samprófun hafi farið fram  
t.d. hverjir hafi spurt og hvernig þetta hafi farið fram.  
Ég man ekki hverjir spurðu við samprófun þessa en það  
gætu hafa verið þeir Hallvarður, Örn og Eggert, eða allir  
þessvegna.

Ég er spurður hvort ég viti til þess að einhverju harðræði  
hafi verið beitt við þessa samprófun.

Ég var allan tímann við þessa samprófun og var engu  
harðræði beitt af hálfu rannsóknaraðila málsins.

Framh.

Aðstæður voru þannig að Sævar sat á stó� með bakið að fangaganginum, ég við hægri hlið hans aðeins framar, Eggert sat á stó� beint á móti Sævari, Gunnar sat á legubekk næst dyrunum að varðstjóraherberginu, Sigurbjörn Víðir innan við Gunnar á legubekknum, og held ég að Hallvarður og Örn hafi setið við skrifborðið.

Sævar var allavega í tvíganga að mjaka sér framar í herberginu og í öðru tilvikinu stóð hann upp. Eggert ýtti Sævari þá niður í stólinn aftur. Ég held að það hafi verið fljóttlega eftir petta sem Gunnar Guðmundsson stóð upp af legubekknum og gékk að Sævari og sló hann kinnhest. Eggat ekki séð að Sævar hafi gefið tilefni til pessa. Ég man að Gunnar sló Sævar á vinstri vangann. Höggið var ekki þannig að Sævar kastaðist til.

Ég man ekki hvenær í yfirheyrlunni atburður pessi skeði, en ég get ekki greint frá viðbrögðum þeirra sem í herberginu voru við pessu, Ég tel að enginn hafi áttað sig á pessu fyrr en petta var afstaðið. Ég held að enginn annar fanga-vörður en Gunnar hafi verið í herberginu þegar petta skeði.

Yfirheyrslu lokið kl. 12:06

Upplesið staðfest,

Njörður Snæhólm.

Póir Oddsson  
Pétur Guðgeirsson  
Jón Oddsson

Guðmundur Guðjónsson  
Rannsóknarlöggreglunabur

Miðvikudaginn 26.9.1979, kl. 16:00 mætir til yfirheyrslu á skrifstofu RLR Eggert Norðdal Bjarnason, rannsóknarlöggreglumaður, til heimilis að Hverfisgötu 90, Rvík, f. 25.7.1937 í Reykjavík, nafnn. 1703-6076.

Mætta er kunngert tilefni yfirheyrlunnar, sem eru ásakanir Sævars Marinós Ciesielski um harðræði af hálfu mætta við samþrófun er fram fór í Fangelsinu Síðumúla þann 5. maí 1976.

Gætt er ákv. 1. málsgr. 40. gr. laga um meðferð opinberra mála. Aminntur um sannsögli.

Viðstaddir yfirheyrluna eru Pétur Guðgerisson fulltrúi ríkissaksóknara, Jón Oddsson hrl, Þórir Oddsson skipaður rannsóknarlöggreglustjóri og Guðmundur Guðjónsson rannsóknarlöggreglumaður.

Ég er spurður hvort ég muni eftir umræddri samþrófun. Svara ég því að dagsetningar man ég ekki.

Mér er kynnt að samþrófun þessi var mjög fjölmenn.

Ég man eftir einni fjölmennri samþrófun þarna í Síðumúla-fangelsinu en hún fór fram í milliherberginu p.e. milli varðstjóraherbergisins og yfirheyrsluherbergisins. Viðstaddir man ég að voru Hallvarður Einvarðsson, sem mig minnir að hafi stjórnæð samþrófuninni, Sævar Ciesielski, Gunnar Guðmundsson Erla Bolladóttir, Njörður Snæhólm, Sigurbjörn Víðir og að ég held Örn Höskuldsson, auk mína.

Ég er spurður hvort samþrófun þessi hafi verið mér sérstaklega minnistæð.

Ég man að Sævar var mjög æstur í þessari samþrófun og eins

Framh.

EIRB.

130

minnir mig að Erla hafi eitthvað verið miður sín. Erla lagði hart að Sævari að segja allan sannleikann. Æg man að Sævar var mjög æstur og minnir mig að hann hafi staðið upp af stólnum sem hann sat á, allavega einu sinni - eins og hann ætlaði út úr herberginu.

Æg er spurður hvernig hafi verið brugðist við því.

Æg held að honum hafi verið ýtt ofan á stólinn aftur, eftir að hann hafði ekki hlýtt því að setjast. Æg get ekki fullyrt hvort það hafi verið ég eða einhver annar sem ýtti Sævari ofan á stólinn aftur.

Æg er ~~fíkamlegu~~ hvort ég viti til þess að Sævar hafi verið beittur/harðræði við pessa samþrófun og er ég jafnframt spurður hvort ég viti til þess að Gunnar Guðmundsson hafi slegið Sævar Ciesielski við pessa samþrófun. Ef það telst líkamlegt harðræði að ýta Sævari ofan á stólinn má segja að það hafi verið gert. Að öðru leyti man ég ekki til þess að harðræði hafi verið beitt og ég man ekki til þess að Gunnar Guðmundsson hafi slegið Sævar.

Æg er spurður hvort ég muni hvernig þessari samþrófun lauk. Æg man ekki hvernig samþrófuninni lauk.

Æg er spurður hversvegna Gunnar Guðmundsson hafi verið viðstaddir samþrófunina. Æg kann enga skýringu á því.

Mér er kynntur framburður Kristjáns Viðars Viðarssonar í málínu á skjali 13/9, þar sem hann nefnir harðræði af minni hálfu í garð Sævars.

Æg neita að hafa beitt Sævari harðræði, öðru en þá að hafa ýtt Sævari ofan á stólinn.

Mér er kynntur framburður Sævars Ciesielski í málínu á skjali 13/12, og varðar mig.

Það er sama svar við þessu og framburði Kristjáns Viðars.

Mér er kynntur framburður Erlu Bolladóttur í málínu á skjali 13/15, og varðar mig.

Framh.

131


Ég get ekkert tjáð mig um framburð Erlu Bolladóttur, en ég vísa til þess sem ég er búinn að skýra frá hér að framan.


Ég er spurður hvort ég viti til þess að fangaverðir í Síðumúlafangelsinu hafi verið að yfirheyra fangana varðandi þau mál sem sakborningarnir voru grunaðir um.

Ég veit ekki til þess, en hinsvegar þá létu fangaverðirnir okkur í einhverjum tilvikum hafa skrifleg skilaboð frá föngunum. Ég get ekki borið um hvað fangaverðir hafi verið að ræða við fangana í klefum þeirra. Ég stóð í þeirri trú að þessi skriflegu skilaboð sem við fengum frá föngunum fyrir milligöngu fangavarðanna hafi verið að ósk fanganna.

Yfirheyrslu lokið kl. 16:50

Upplesið staðfest,

  
Eggert N. Bjarnason

  
Þórir Oddsson  
  
Þórir Guðgeirsson  
  
Jón Oddsson

  
Guðmundur Guðjónsson  
Rannsóknarlöggreglumaður

132

Fimmtudaginn 27.9.1979, kl. 10:00 mætir til yfirheyrslu á skrifstofu RLR Sigurbjörn Viðir Eggertsson, rannsóknarlöggreglumaður, til heimilis að Yrsufelli 40, Rvík, f. 19.7.1948 á Siglufirði, nafnn. 7798-6502.

Mætta er kunngert tilefni yfirheyrlunnar, sem er, samþrófun sem fór fram í Fangelsinu Síðumála þann 5. maí 1976.

Mætta er kunn réttarstaða vitna og sakborninga fyrir rannsóknarlöggreglu og dómi. Aminntur um sannsögli.

Viðstaddir yfirheyrluna eru Pétur Guðgeirsson, fulltrúi ríkissaksóknara, Jón Oddsson hrl, Þórir Oddsson skipaður rannsóknarlöggreglustjóri og Guðmundur Guðjónsson rannsóknarlöggreglumaður.

Ég er spurður hvort ég muni eftir umræddri samþrófun. Ég man eftir samþrófun þarna í milliherberginu í Síðumála-fangelsinu, en man hinsvegar ekki hvaða dag hún var.

Ég er spurður hvort ég muni hverjir voru viðstaddir.

Já ég held það, í fyrsta lagi voru þau Sævar, Erla og Kristján Viðar, síðan voru það Njörður og Hallvarður, Örn Höskuldsson, ég og Eggert og Gunnar Guðmundsson, en ég er ekki viss hvort hann hafi verið allan tímann.

Ég er spurður hvort ég geti lýst því hvernig þessi samþrófun fór fram.

Ég man að þessi samþrófun var hávaðasöm og að Sævar var æstur. Í einu tilvikinu stóð Sævar af stólnum og annað hvort ýtti Eggert Sævari afturá stólinn eða ýtti stólnum til hans.

Ég er spurður hvort ég viti til þess að einhverju harþræði

Framh.

133

hafi verið beitt við þessa samprófun. Það var ég ekki var við, annað en að Sævar var láttinn setjast aftur á stólinn eins ég ég hef lýst.

Ég heyrði talað um það eftir þessa samprófun, veit ekki hvað löngu síðar, að Gunnar Guðmundsson hafi slegið til Sævars.

Ég var þó ekki var við þann atburð sjálfur og get því ekkert borið um það.

Ég sat á bekknum, er var við vegginn að varðstjóra herberginu, og minnir mig að Gunnar Guðmundsson hafi setið á bekknum við hlið mér, nær dyrunum. Það er eins og mig rámi í að ég hafi eitthvað farið út úr herberginu á meðan á samprófuninni stóð, en ég get þó ekki alveg fullyrt um það.

Ég er spurður um það hvað hafi verið hlutverk Gunnars Guðmundssonar við þessa samprófun og að hvers fyrirlagi hann hafi verið þarna. Ég kann enga skýringu á því og veit ekki af fyrirlagi hvers.


Ég er spurður að því hver hafi stjórnað þessari samprófun. Það voru þeir Hallvarður og Örn Höskuldsson, að ég tel.


Ég er spurður hvort ég muni hvernig þessari samprófun hafi lokið. Ég man ekki sérstaklega eftir því.

Ég er spurður um það hjá hverjum ég hafi heyrt það að Gunnar Guðmundsson hafi slegið til Sævars, þarna við samprófunina. Ég man það ekki, en tel að það hljóti að hafa verið einhver sem var viðstaddir samprófunina.

Ég er spurður hvort ég viti til þess að fangaverðir hafi verið að yfirheyra fangana. Ég veit ekki til þess, en hinsvegar þá komu fangaverðir oft með skilaboð frá föngunum bæði skrifleg og munnleg.

Yfirheyrslu lokið kl. 10:20

  
Þórir Oddsson  
Pétur Guðgeirsson  
Jón Oddsson

Upplesið staðfest,  
  
Sigurbjörn Víðir Eggertsson  
Guðmundur Guðjónsson  
Rannsóknarlöggreglaður

134

Laugardaginn 29.9.1979, kl. 15:32 mætir til yfirheyrslu á skrifstofu RLR Gunnar Guðmundsson, forstöðumaður Fangelsisins síðumála 28, Rvík, til heimilis að Sunnuvegi 11, Hafnarfirði, s. 50052, f. 13.7.1918, nafnn. 3354-5770.

Mætta er kunngert tilefni yfirheyrlunnar, sem er, samþrófun er fór fram í Fangelsinu síðumála þann 5. maí 1976.

Gætt er ákv. 1. málsggr. 40. gr. laga um meðferð opinberra mála. Aminntur um sannsögli.

Viðstaddir yfirheyrluna eru Pétur Guðgeirsson fulltrúi ríkissaksóknara, Jón Oddsson hrl, Þórir Oddsson skipaður rannsóknarlögglustjóri og Guðmundur Guðjónsson rannsóknarlögglumaður.

Ég er spurður hvort ég muni eftir umræddri samþrófun.

Ég man eftir einni samþrófun sem ég var viðstaddur en ekki man ég hvenær hún var.

Ég tel mig vita hverjir voru viðstaddir og voru það Erla Bolladórrir, Kristján Viðar Viðarsson, Sævar Marinó, Eggert Bjarnason, ég, Hallvarður Einvarðsson, Örn Höskuldsson og Sigurbjörn Víðir Eggertsson. Öðrum man ég ekki eftir þarna.

Ég er spurður hvort ég geti greint frá þessari samþrófun, hvort rannsóknaraðilar hafi beitt Sævar Marinó harðræði.

Ég svara því til að rannsóknaraðilar beittu Sævar alls ekki harðræði.

Ég er spurður um það hvort ég hafi við þessa umræddu samþrófun löðrungað Sævar Ciesielski.

Framh.

135

Jafnframt er mér kynnt að Sævar Marinó, Erla Bolladóttir, Kristján Viðar Viðarsson, Hallvarður Einvarðsson, og Njörður Snæhólm hafi borið að ég hafi við umrædda samþrófun löðrungað Sævar Marinó Ciesielski.

Ég finn það á mér að ég hef ekki slegið Sævar Ciesielski  
og tel mig vera saklausan af þessum áburði. Hinsvegar  
tel ég mig ekki hafa efniá því að segja, eða rengja,  
framburð peirra Hallvarðs Einvarðssonar og Njarðar Snæhólm.  
Hinsvegar þá veit ég, að ég gerði þetta ekki.

Yfirheyrslu lokið kl. 16:00

Upplesið staðfest,

*Gunnar Guðmundsson*  
Gunnar Guðmundsson

*Björn Oddsson*  
Björn Oddsson  
*Pétur Guðgeirsson*  
Pétur Guðgeirsson  
*Jón Oddsson*  
Jón Oddsson

*Gunnar Guðmundsson*  
Rannsóknarlöggreglaður

Mánudaginn 1.10.1979 kl. 15:07 mætir til skýrslutöku á skrifstofu RLR Gunnar Guðmundsson, forstöðumaður Fangelsisins Síðumúla 28, Rvík til heimilis að Sunnuvegi 11, Hafnarfjöldi, s. 50052 f. 13.7.1918, na nn 3354-5770.

Mætti er hér kominn að eigin ósk og óskar eftir að gera breytingu á bókun í skýrslu þeirri er tekin var af honum þann 29.f.m og varðar samþrófun í Síðumúlafangelsinu þann 5. maí 1976

Gætt er ákv. 1. málsgr. 40. gr. laga um meðferð opinberra mála. Aminntur um sannsögli.

Viðstaddir skýrslutökuna eru Pétur Guðgeirsson fulltrúi ríkissaksóknara, Jón Oddsson hrl, Þórir Oddsson skipaður rannsóknarlöggreglustjóri og Guðmundur Guðjónsson rannsóknarlöggreglumaður.

Bókunin er svohljóðandi:

" Þegar ég hef nú heyrt framburð Hallvarðs Einvarðssonar og Njarðar Snæhólm og þar sem mér er ómöglilegt að trúa, að þeir fari með rangt mál, þá harma ég, að þetta atvik skyldi eiga sér stað þá mér sé það með öllu hulið svo og tilurð þess, að umrætt atvik átti sér stað Fleira hef ég ekki um þetta að segja".

Yfirheyslu lokið kl. 15:20

*Pétur Guðgeirsson* Upplesið staðfest.  
*Pétur Guðgeirsson* Gunnar Guðmundsson  
*Jón Oddsson* Gunnar Guðmundsson

Sunnudaginn, 30.9.1979 kl.16:40 mætir til yfirheyrslu á skrifstofu RLR séra Jón Bjarman, fangaprestur, til heimilis að Háaleitisbraut 115, Reykjavík, f. 13.1.1933 á Akureyri.

Vitninu er kungert tilefni fyrirkallsins og því er kunn vitnaskyldan.

Viðstaddir eru Pétur Guðgeirsson, fulltrúi ríkissaksóknara, Jón Oddsson, hrl., Þórir Oddsson, skipaður rannsóknarlöggreglustjóri og Guðmundur Guðjónsson, rannsóknarlöggreglumaður

Ég er spurður hverjum ég hafi sent bréf mitt dags. 30.5.1978 svo og hverjum afrit.

Eins og ég hef áður greint frá þá afhenti ég dómsmálaráðherra sjálfur frumrit bréfsins sama dag og það er dagsett. Sömuleiðist póstsetti ég afrit af bréfinu til ríkissaksóknara, rannsóknarlöggreglustjóra ríkisins og til yfirsakadómarans í Reykjavík.

Nokkuð löngu síðar afhenti ég Biskup Íslands afrit af bréfinu og enn síðar samkvæmt beiðni aðalræðismanni við bandaríksa sendiráðið hér á landi, að beiðni Sævars Ciesielski og enn síðar samtökunum Réttarvernd sömuleiðis að beiðni Sævars.

Athygli míni er vakin á því að í Dagblaðinu ~~pán~~ föstudaginn 27. júlí sl. birtist útdráttur úr bréfinu og er ég spurður hvort ég kunni einhverja skýringu á því.

Ég hef enga skýringu á því

Aðspurður þá svara ég því til, að ég veit ekki til þess að nokkur hjá Dagblaðinu hafi haft samband við mig vegna þessa máls, né ég verið spurður um það hverjum ég hafi sent þetta bréf eða afrit þess.

Framh.

138


Atla Steinarsson blaðamann hjá Dagblaðinu hef ég aldrei talað við svo að mér sé kunnugt.


Aðspurður af Jóni Oddssyni hrl um það hvort ég hafi einhverju að bæta við það sem ég hef áður sagt, þá vil ég taka það fram að það hefur rifjast upp fyrir mér að Sævar Ciesielski var staddur í Hegningaráhúsinu þegar hann skýrði mér frá þeim atvikum er ég greindi frá í umræddu bréfi mínu dags. 30. maí 1978. Bendir þetta til þess að hann hafi skýrt mér frá þessu í janúar 1978.

Fyrirtekt lokið kl. 16:55

Upplesið staðfest,

Jón Bjarman

  
Þórir Oddsson  
  
Pétur Guðgeifsson  
  
Jón Oddsson

  
Guðmundur Guðjónsson  
Rannsóknarlöggreglumaður

tofur,  
16,

arfsmenn:

Íslenskólamennunum eða klíð-  
síðu í mótmeyfi Reykjavíkur-

mningi borgarinnar  
þjávirkurborgar. Um-  
um fyrri störf og  
istjóra borgarstjórn-

D

óskar eftir tilboðum  
frelfikerfis. Útboðs-  
rifstofunum í Vest-  
fiskrifstofunni Fjar-  
n 30 þús. kr. skila-

húsinu, Vestmanna-  
st kl. 16.

n  
illa  
alla

meðsukkulað  
konan s. snake



nm....  
ana-split

III

Iraunbæ 102  
eði 60 Hf.

# Harðræðið og ofbeldið í Siðumúlafangelsi ínu enn í rannsókn

Rannsóknin er „innanhússmál“

Enn er í gangi rannsókn sem ríkissaksóknari hefur vegna kvartana um meint harðræði í Siðumúlafangelsini og að rannsóknarlöggreglumenn og fangavörður hafi lagt hendur á gezlufanga þar sem inni sáu vegna Geirfinnsmálsins. Það er þórr Oddsson vararannsóknarlöggreglustyrið sem skipaður var að dómssmálaráðuneytinu til að annast rannsóknina, eftir að rannsóknarlöggreglustyrið.

Halvvarður Einarvarðsson, hafði vikit undan að taka að sér rannsóknina þar sem hann hefði sem þáverðan varu ríkissaksóknari verið viðstaddir yfirheyslur gezlufangana.

Kvartaur og Ásakur um þetta meinta harðræði og ofbeldi í Siðumúlafangelsini komu fram það er Geirfinnsmálið og Guðmundurnálin svonefndu voru í meðtörun undirréttar. Fóru þa fram yfirheyslur rannsóknarmannna, fangavörða og gezlufanga, en niðursíða fækkt nánast engin vegna hess að fullyring stóð gegn fullyringu.

Ríkissaksóknari gerði sig ekki anagnan með þessa rannsókn og sagði að rannsóknin sé óvinnan.

Fyrirskipaði frekari og nákvæmi rannsókn málins og það er hún sem þórr Oddsson vinnur nú að.

„Þetta er myg viðkvæmi mál,“ sagði Baldur Möller ráðuneytilistjóri er DB reðdi við hann. „Geirfinns- og Guðmundurnálin eru nú við dyr Hæstaréttar og það er andstætt okkur í ráðuneytinu að hrára í mali sem fyrir dömi er, reka að eftir málum eða vera með þuttana í meðferð rannsóknar.“

Baldur sagði að ráðuneytið hefði talið löggreglurannsókn að umkvortunarátríðunum cöiliðegi en að skipaður væri sérstakur setudómari til heittra rannsóknar sem ríkissaksóknari bað um. „Sterkar likur til sannleiksgildis umkvortunarátríða byrji til að sakadómsrannsókn væri fyrirskipað aðra sakadómsrannsókn.“

Baldur kvað þórr Oddsson hafa verið í Noregi þá eða untraed umkvortunarátríði hefðu gerzt í Siðumúlafangelsini og það hefði kannski ráðið órslitum um að valið felli á hann til rannsóknarinnar.

Um

eini verður annað sé en Þórr


Skjal. nr.	Bla. nr.
13	40

sé i miðjörg erfidið síðu til rannsóknarinnar. Yfirmáður hans hjá RLR var viðstaddir þá er umkvortunarátríðin áttu sér stað og í hlut eiga rannsóknarlöggreglumenn seni nū eru undir þórr settir.

Núburstáða rannsóknar umkvortunarátríða gæti raskað sönnunargildi undirréttardóms í Geirfinns- og Guðmundarmálinum.

Ríkissaksóknari óskadí nýrar rannsóknar á umkvortunarátríðunum eftir að hafa fengið bréf frá Jóni Oddssyni, réttargæslumann Sævars Cícielskis. En ábur en það bréf Jóns var skrifð hafði Jón Bjarnar fangaprestur tvívegis skriflað dómssmálaráðherra um sómu umkvortunarátríði. Fyrre bréf Jóns var skrifð 24.9.1976, en efni þess áréttar í brefi dagsettu 30. maí 1978. Afrit af því bréfi hefur legið hjá dómssmálaráðherra, ríkissaksóknari, rannsóknarlöggreglustyrið og Réttarvernd og e.t.v. viðar í meira en heit ár, að lokus var hafizi handa um rannsókn. Um efni bréfa Jóns Bjarnars fangapresti visast til annarrar frettar hér á síðunni.

-ASL.



## Gripio ínar gæziufangans og hann hristur til og litlu siðar löðrungaður

Fangaprestur sendi dómssmálaráðherra bænarbréf um að réttur gæzlufanga sé virtur að lögum

„Hinn háð ráðuneyti er að sýfistugðu kunnugi, að óædilegt ástand hefur riki í fangelsinu að Siðumúla 23 allt frá 23. desember 1975. Margir beirra fanga, seu hafa verið í gezluvarhaldi á þessu tilmáli, hafa kvartað undan harðræði og hví, að þeim hafi verið haldið í síðubundum óta, þeði í sambandi við framkvæmd gezlufanga svo og við yfirheyslur og rannsóknaraðgerðir í sambandi við mal sin. ... Brýna nauðsyn ber til að kannad verði með þrófumum af óvillhöllum aðila, hvort í þessum tilvikum og óðrum hafi verið bent ótlilyðingi harðræði við gezlufanga.“

Pannig segir í fyra bréti Jóns Bjarnar fangapresti til dómssmálaráðherra og visab er til. V. og X. kalla laga nr. 74/1974.

I síðura bréfinu segir Jón Bjarnar að tilefni beinði sinnar um rannsókn óvillhöllum aðila að umkvortunarátríðum sé ekki það að sakborningarnir, Sævar Cícielski, Kristján Viðar Viðarsson og Erla Bulladóttir, hafi farið þess að léti við hann að hann hlautið til um eitt eða annað, sem að rannsókninu snýr, heldur lítt að þau hafi allt í sálgæzlutíðum við

hann greint frá, hvad gertist 4. eða 5. maí 1976 í Siðumúlafangelsinu, án þess að hann fitjaði upp á málum eða leggið fyrir þau spurningar. Frásögn heitir kveður Jón í meginatriðum samhljóða. Fangapresturinn bendir að að Erla hafi sagi honum frá atburðinum í maí 1976. Sævar Marinó í janúar 1978 og Kristján Viðar í maí 1978. Segir Jón Bjarnar að þessir sakborningar hafi ekki verið samvisum nema í samþrófunum og í réttarsári frá jvi í desember 1975 og steta Sævar Marinó og Kristján Viðar enn grezu.

Abalatríði frásögn gezlufanganna er síðan lýst þaunig:

Að kvöldi umrædds daga (4. eða 5. maí 1976) voru leidd til samþróunar í viðtalsherberginu í Siðumúla 28 Sævar Marinó Cícielski, Kristján Viðar Viðarsson og Erla Bulladóttir, maður frá ríkissaksóknaraembætti, þrír þá rannsóknarlöggreglumenn og fangavörður (Allir viðstaddir eru nafngreindir þó nafnum sé sleppt hér).

I samþrófuninni var lagt hart að Sævari að játa lýsingu Ertu á atvikum, en hann virðist ringlaður og

miður sin og ekki vita hvaðan að sig síði veðrið. Meðan þessu fór fram greip tilgreindur rannsóknarlöggreglumabur í hár Sævars, kippiti honum og hristi til og frá svo hann var meiri fallinn í göllið og ógnaði honum. Seina, þegar Sævar miðingstíði einhverju, gekk tilgreindur fangavörður að honum og loðrungadí hann. Samþrófunin endaði í upplausi við það að Ertu fór að aða í móðurskiskasti. Vat þá kallað að two fangaverði, sem drogu Sævar til klefa sín.

Fangapresturinn segir og að tveir aðrir tilteknir gezlufangar í Siðumúlafangelsinu á þessum tíma hafa spurt sig hvort drukkið folk væri hyst í Siðumúlafangelsinu, því þeir hefðu umrætt kvöld heyrت háreysti, óg og gráti í húsinu.

Fangapresturinn segir í bréfi sinu til ráðherra að nauðsynlegi sé að þetta atriði rannsóknarinnar verði kannad af óvillhöllum aðila, svo og ól framkvæmd rannsóknarinnar. Mikilsvertr sé að lögum um rannsóknir er ómæfð sakambla se fylgt út í yfirlesar og þa gaett réttar heira, sem bornir eru sökum, hverjar svo sem þær sakir kunní að vera.

-ASL.

140

Miðvikudaginn 3.10.1979, kl. 15:00 mætir til yfirheyrslu á skrifstofu RLR Örn Höskuldsson, hdi, til heimilis að Arnartanga 27, Mosfellssveit, f. 29.7.1942, nafnn. 9916-0187.

Mætta er kunngert tilefni yfirheyrlunnar, sem er, samprófun sem fram fór í Fangelsinu Síðumúla þann 5. maí 1976.

Mætta er kunn réttarstaða vitna og sakborninga fyrir rannsóknarlöggreglu og dómi.

Aminntur um sannsögli.

Viðstaddir yfirheyrluna eru Pétur Guðgeirsson fulltrúi ríkissaksóknara, Jón Oddsson hrl. Þórir Oddsson skipaður rannsóknarlöggreglustjóri og Guðmundur Guðjónsson rannsóknarlöggreglumaður

Ég er spurður hvort ég muni eftir þessari samprófun.

Ég man ekki eftir sérstakri samprófun þann 5. maí 1976. en ég man eftir samprófun, sennilega í byrjun maí 1976 þar sem viðstödd voru þau Erla Bolladóttir, Sævar Ciesielski og Kristján Viðar Viðarsson.

Ég er spurður hverjir hafi aðrir verið viðstaddir þessa samprófun.

Það voru þeir Hallvarður Einvarðsson, Njörður Snæhólm, sennilega þeir Sigurbjörn Viðir og Eggert Bjarnason og einhverjir fangaverðir, líklega Gunnar Guðmundsson að mig minnir, auk min. Yfirheyrsan fór fram í miðherberginu við hlið varðstjóraherbergisins.

Ég er beðinn um að lýsa því sem þarna fór fram.

Ég var viðstaddir byrjunina á þessari samprófun, en var kallaður í síma eða fór í síma er nokkuð var liðið á samprófunina og dvaldist mér nokkra stund frammí

141

Það sem ég man þó var það að mikið rifrildi var á milli Sævars og Kristjáns, aðallega og Erlu og var mikill hávaði af samtali þeirra.

Ég man ekki eftir að Hallvarður eða lögreglumennirnir hefðu sig neitt í frammí, að minnsta kosti ekki á meðan ég var inni.

Ég er spurður hver hafi stjórnað þessari samþrófun

NB Eg man það ekki, en það hefur verið annað hvort ég eða Hallvarður.

Ég tel rétt að það komi fram að í febrúar 1976, að ég hygg, barst yfirsakadómaranum í Reykjavík, bréf ríkissaksóknara þar sem þess var krafist að Svonefnt Geirfinnsmál yrði tekið til dómsrannsóknar. Ég færðist undan því að taka þetta að mér, en þar sem enginn félkist til að taka þetta að sér kom það í minn hlut. Eftir þetta hætti ég að vera viðstaddir yfirheyrlur lögreglumannanna en reyndar má segja að ég hafi hætt því nokkru áður vegna anna.

Ég er spurður að því hvort Sævar Ciesielski hafi við umrædda samþrófun verið beittur einhverskonar harðræði af hálfu rannsóknaraðila málsins.

Alls ekki, ekki meðan ég var inni.

Ég er spurður að því hvort ég viti til þess að Gunnar Guðmundsson hafi löðrungað Sævar Ciesielski. við þessa samþrófun.

Nei, það hefur hann þá gert meðan ég var frammí.

Ég er spurður hvort ég hafi einhverntíman heyrta talað um að það hafi skeð.

Nei, ekki svo ég muni.

Ég vil bæta því við að Sævar Ciesielski kvartaði ekki um það við mig, að slikt hefði skeð.

Ég óska eftir að taka eftirfarandi fram:

"Sævar kvartaði við mig undan því að hann hefði verið þvingaður til að játa í Guðmundarmálinu. Ég gerði ekkert

142

með þessa kvörtun Sævars þar sem ég vissi að hún var röng. Þegar Sævar játaði sinn hlut í Guðmundarmálínu fyrst, þá var ég nefnilega viðstaddir sjálfur og einnig Jón Oddsson hrí hans réttargæslumaður. Sævar var ekki beittur neinu harðaði við þessa yfirheyrslu sem var 22. desember 1975 og Jóni Oddssyni hrí er um það kunnugt jafnvel og mér!.

Jón Oddsson hrí er að því spurður hvort hann vilji eitthvað segja um þetta atriði.

Jón Oddsson svarar þessu á eftirfarandi hátt.

"Varðandi ofangreinda fyrirtöku þann 22 des. 1975  
get ég staðfest það er fram kemur hjá Erni Höskuldssyni".

Ég er spurður um það hvort að fangaverðir hafi verið fengnir til að yfirheyra gæslufanga í Geirfinns og Guðmundarmálum Nei. Ég man ekki hvort fangavörðum var bannað að ræða við fangana um þessi mál, en ég held þó ekki. Hinsvegar pá ræða fangar oft við fangaverði um sín mál.

Ég er spurður að því hvort fangaverðir hafi komið með skilaboð frá föngum til rannsóknaraðila þessara mála.

Ég man ekki ákveðin dæmi, en ég geri ráð fyrir því.

Yfirheyrslu lokið kl. 16:10

Upplesið staðfest,

Örn Höskuldsson

Órn Höskuldsson  
Pétur Guðgeirsson  
Jón Oddsson

Guðmundur Guðjónsson  
Rannsóknarlöggreglamaður

RANNSÓKNARLÖGREGLA RÍKISINS	SKÝRSLA	RLR nr. 2875/79	Skjal nr.	Bla. nr.
Staður og stund: Kópavogur 19.9.1979, kl. 15:25		RKS nr. 13	44	
Gerð af: Guðmundi Guðjónssyni, rannsóknarlöggreglum.		Nr. .... lagt fram í sakadómi	143	

Pá mætir á skrifstofu RLR Högni Einarsson,  
fyrrverandi fangavörður, til heimilis að  
Eyjabakka 16, Rvík, s. 74290, f. 20.12.1944,  
nafnn. 4453-7656.

Mætta er kunngert tilefni yfirheyrlunnar, sem  
er, að samkv. framburði Sævars Marinóς Ciesielski  
áskjali 12/3, hafi mætti sótt Sævar Marinó  
inn í fangaklefa í apríllok eða byrjun maí 1976  
og fært hann inn í yfirheyrsluherbergið og þar  
fyrir Gunnar Guðmundsson.

Viðstaddir yfirheyrluna eru Pétur Guðgeirsson  
fulltrúi ríkissaksóknara, Jón Oddsson hrl  
og af hálfu RLR Þórir Oddsson skipaður rannsóknar-  
lögreglustjóri og Guðmundur Guðjónsson rannsóknar-  
lögreglumaður.

Mætti er áminntur um sannsögli.

Eg minnist þess að í eitt skipti sótti ég Sævar Marinó  
inn í klefa til sín og færði hann inn í yfirheyrsluherbergið  
og þar fyrir Gunnar Guðmundsson. Tel ég að það hljóti að  
hafa verið að beiðni Gunnars. Þetta var um vakta-skipti  
og fór ég strax í framhaldi af þessu. Man ég eftir þessu  
þar sem þetta er eina tilvikið sem ég sótti Sævar fyrir  
Gunnar Guðmundsson. Ekki veit ég hvað Gunnar ræddi við  
Sævar og minnist ég þess ekki að hafa heyrt talað um það síðar

.....mh.

144

að eitthvað hafi komið upp þarna á milli Gunnars og Sævars.

Ég vil taka það fram að ég tel að þetta hafi verið  
eina tilvikið sem ég sötti Sævar Marinó fyrir Gunnar Guðmundsson  
en get ekki algjörlega fullyrt um það.

Yfirheyrslu lokið kl. 15:37

Upplesið staðfest,

Högní Einarsson

Þórir Oddsson

Jón Oddsson

Petur Guðgeirsson

Guðmundur Guðjónsson  
rannsóknarlögreglumaður

Föstudaginn 21.9.1979, kl. 15:40 mætir  
 til yfirheyrsu á skrifstofu RLR Ari  
-----  
Ingimundarsson, fangavörður, til heimilis  
 að Hlaðbrekku 9, Kópavogi,  
 f. 29.4.1953 á Kópaskeri, nafnn. 0422-8219.

Mætta er kunngert tilefni yfirheyrlunnar  
 þ.e. hann er spurður hvort hann viti til  
 þess að í apríl/maí 1976 hafi Sævar  
 Marinó Ciesielski verið færður til viðtals  
 við Gunnar Guðmundsson, forstöðumann.


Mætti er yfirheyrður sem vitni í málinu  
 kunngerð vitnaskyldan og áminntur um  
 sannsögli.


Viðstaddir yfirheyrluna eru Pétur Guðgeirsson  
 fulltrúi ríkissaksóknara, Jón Oddson hrl  
 og af hálfu RLR Þórir Oddsson skipaður  
 rannsóknarlögreglustjóri og Guðmundur Guðjónsson  
 rannsóknarlögreglumaður.


Ég man ekki eftir sérstöku tilviki, en hinsvegar er það  
 ekki óalgengt að fangi biðji um að fá að tala við  
 Gunnar Guðmundsson.


Ég man aldrei eftir því að Sævar Marinó hafi verið  
 færður fyrir Gunnar Guðmundsson.

Yfirheyrsu lokið kl. 15:50

  
 Þórir Oddsson

  
 Pétur Guðgeirsson

  
 Jón Oddsson

  
 Ari Ingimundarsson

Upplesið staðfest,

Göðum: Guðjónsson

146

Mánudaginn 24.9.1979, kl. 15:58 mætir til yfirheyrslu í Fangelsinu Síðumúla, Gunnar Marinósson, fangavörður, til heimilis að Hjallavegi 5, Rvík, f. 1.10.1923 í Rvík nafnn. 3374-7942.

Mætta er kunngert tilefni yfirheyrlunnar, sem er, að hann er spurður varðandi greinagerð Sævars Marinós Cieselski á skjali 12/3.

Viðstaddir eru Pétur Guðgeirsson fulltrúi ríkissaksóknara, Jón Oddsson hrl, og af hálfu RLR Þórir Oddsson skipaður rannsóknarlögreglustjóri og Guðmundur Guðjónsson rannsóknarlöggreglumaður.

Mætti er áminntur um sannsögli.

Eg er spurður hvort ég muni til þess í apríllok eða byrjun maí 1976, þá hafi Sævar Marinó Cieselski verið sóttur inn í klefa til sín og færður til viðtals við Gunnar Guðmundsson forstöðumann. Mér er jafnframt kynnt að þetta eigi að hafa verið að kvöldi um vaktaskipti og ég þá nýkominn á vakt.

Eg man ekki sérstaklega eftir þessu ákveðna tilviki en hinsvegar má þetta vel vera.

Mér er kynnt bókun Sævars Marinós um að Gunnar Guðmundsson hafi skipað mér að sitja yfir Sævari og að ég hafi látið hann standa teinréttan með hendur niður með síðum.

Þetta kannast ég ekki við.

Yfirheyrslu lokið kl. 16:11



Þórir Oddsson

Pétur Guðgeirsson

Jón Oddsson

Upplesið staðfest,  
Gunnar Marinósson

Gunnar Marinósson

Guðmundur Guðjónsson rlm.

Laugardaginn 29.9.1979, kl. 16:05 mætir til yfirheyrslu á skrifstofu RLR Gunnar Guðmundsson, forstöðumaður Fangelsisins Síðumúla 28, Rvík, til heimilis að Sunnuvegi 11, Hafnarfirði, s. 50052, f. 13.7.1918, nafnn. 3354-5770.

Mætta er kunngert tilefni yfirheyrlunnar, sem eru ásakanir Sævars Marinós Ciesielski á hendur mætta um harðræði er um getur í greinargerð Sævars á skjali 12/3.

Gætt er ákv. 1. málsgr. 40. gr. laga um meðferð opinberra mála. Aminntur um sannsögli.

Viðstaddir yfirheyrluna eru Pétur Guðgeirsson fulltrái ríkissaksóknara, Jón Oddsson hrl, Þórir Oddsson skipaður rannsóknarlöggreglustjóri og Guðmundur Guðjónsson rannsóknarlögeglumaður.

Fyrir mér er lesið skjal 12/3 í heild sinni.

Ég man eftir þessu tilviki og var það þannig að ég talaði við Sævar Marinó í hornherbergi Síðumúlafangelsisins um hans persónulegumál.

Varðandi ásaknir Sævars Marinós á hendur mér þá eru þær ósannar með öllu.

Ég man eftir því að Kjartan Kjartansson fangavörður kom inn í herbergið meðan ég var að tala við Sævar, en ég sat þá á skrifborðshorninu en Sævar á stól við millivegg að forstofunni. Astæðan fyrir því að Kjartan Kjartansson kom inn í herbergið gæti verið sú, að hann heyrði hávaða í mér, en það-gæti-verið-að-ég-hafi-verið-erði-leiður á-þessu-samtali-eg-- ég var orðinn leiður og argur á þessu samtali og vil taka fram að þá brýni ég oft raustina. Kjartan ~~Kjartan~~ Kjartansson spurði mig þar nað hann

Framh.

148

kom inn í herbergið hvort ekki væri allt í lagi.  
Ég svaraði því til að svo væri.

Yfirheyrslu lokið kl. 16:34

Upplesið staðfest,

*Gunnar Guðmundsson*

Gunnar Guðmundsson

*Hórir Oddsson*  
Hórir Oddsson  
*Petur Guðgeirsson*  
*Jón Oddsson*  
Jón Oddsson

*Guðmundur Guðjónasson*  
~~Rannsóknarlögreglumaður~~

149

Ekki þótti ástæða til skýrslutöku af Kjartani Kjartanssyni um þetta atriði þar sem fyrir liggur skýrsla af honum um sama atvik og vísast í því sambandi til meðfylgjandi skjals nr. 1 bls. 17-19 og skjals 21 bls. 7-9.

Póirír Oddsson  
skipaður rannsóknarlöggreglustjóri.

Guðmundur Guðjónsson  
rannsóknarlöggreglumaður.

2875/79

141

150



# RANNSÓKNARLÖGREGLA RÍKISINS

## TÆKNIDEILD

Grunnteikning af hluta vesturálmu fangelsisins


Síðumúla 28, varðandi samprófun þ. 5. maí 1976.

Sætaskipan gerð eftir uppkasti Erlu Bolladóttur,

Sævars M. Ciesielski og Kristjáns V. Viðarssonar.

Dags. 13. sept. 1979.

Hans Þorvaldsson



## SKÝRINGAR:


- a Eggert N. Bjarnason
- b Erla Bolladóttir
- c Gunnar Guðmundsson
- d Hallvardur Einvardsson
- e Kristján V. Viðarsson
- h Sævar M. Ciesielski
- i Örn Höskuldsson
- j dívan
- k bord

Óstaðsettir á teikningunni:

Njördur Snæhólm og  
Sigurbjörn V. Eggertsson

MKV. 1:50






## SKÝRINGAR:

- a Eggert N. Bjarnason
- b Erla Bolladóttir
- c Gunnar Guðmundsson
- d Hallvarður Einvæðsson
- e Kristján V. Viðarsson
- f Njörður Snæhólm
- g Sigurbjörn V. Eggertsson
- h Sævar Ciesielski
- i Örn Höskuldsson
- j dívan
- k bord

MKV. 1:50.





## SKÝRINGAR:


- a Eggert N. Bjarnason
  - b Erla Bolladóttir
  - c Gunnar Guðmundsson
  - d Hallvardur Einvardsson
  - e Kristján V. Viðarsson
  - f Njördur Snæhólm
  - g Sigurbjörn V. Eggertsson
  - h Sævar Ciesielski
  - i Örn Höskuldsson
  - j dívan
  - k bord

MKV. 1:50



154

Skjal nr.	Bls. nr.
14	1 A




Rugjørnik 10/9 79.

Kristian Viessson

Skjal nr.	Bls. nr.
14	1 B

155




Polyklinik  
Haus 9 Ost

Lazarett

Stiel nr.	Bls. nr.
14	1 C

156



Reprodukt. 16. c. 9. '79.

Ela *Dendroctonus*

PH

PH

Jón Oddsson  
HÆSTARETTARLÖGMADUR

Supreme court attorney  
Avocat à la Cour suprême  
d'Islande

Samrit

GARDASTRÆTI 2  
P. O. BOX 561  
101 REYKJAVÍK ICELAND

157

Skjal nr.	Bis. nr.
15	1

REYKJAVÍK, 15.6.1970.

Hr. ríkissaksóknari,  
Þórdur Björnsson,  
Hverfisgötu 6,  
101, Reykjavík.

Efni: Málið Ákeruvaldið gegn skjólstæðing mínum Sævari M. Ciesielski.


I deg ver hringt á skrifstofu mine frá Ísafirði. Talaði við mig meður að nefni Hinrik Jón Þórísson, Aðalstræti 13, Ísafirði. Hann mun hafa verið vitni í ofangreindu máli þeði að því er verður svonefnt Guðmundar-mál svo og Geirfinnsmál.

Tjáir hann mér, að framburðir sínir þar veru rangir og benti á ýmsa þátt og atvik m.a. fjarvistarsönnun sbr. vegabréfsáritun, þar sem hann var erlendis fram til 31. janúar umratt ár, en frásagnir hans við yfir-heyrslur eru um atvik er gerðust fyrr í þeim jandarmánuði það ár.

Eg vildi ekki reða við hann um þessi mál, en far framá það, að hann verði þegar í stað kallaður fyrir af réttum yfirvöldum til skyrslu-gjafer.

Þar sem eg tel þetta varða þenn þátt er vararannsóknarlöggreglustjóri, Þórir Oddsson hefir til meðferðar er honum hér með sent afrit af bréfi þessu.

Með virðingu,

  
- Jón Oddsson, hrl. -

158

Skjal nr.	Bls. nr.
15	2

JON ODDSSON

HESTARÉTTARLÖGMADUR

Supreme court attorney


Avocat à la Cour suprême d'Islande

GARDASERIETI 2  
REYKJAVÍK  
POSTHÖFÐ 561

19/6 179.

Brief frá  
bæst í uorgum.

Kvæðir.



SÍMAR 13010 - 13153

18.6.79 Trafið.

15 3

I Februar 76 kom eg frá Hollandi og er þá  
þekin í fiskheislum og spundur um færðir minnar T59  
26.1.74. en heitir minni óð og var i Hollandi  
þar sem heitir hótelin kníkhum fyrir greidlu á  
flugfari minnu sem var greidd 29.1.74 og á  
Savar því skrifum en þá færst spunda aftur og  
aftur og hótelu gatlu. Sami ár 76. um  
sumard war eg ásamt óðrum manni Guðmundi  
Tomarini semdeir frá Hollandi vorum við þá  
spinkeldir en honum varð slæpt ena og spundur  
hvar eg hefði verið í staðdir daginn sem  
Geirfinnur hvarf en eg gat ekki gett grein fyrir  
færðum minnum þi og vor hótel gatlu og  
einn fangavordur hótel. Óð báti sgarégum  
ef það hevðist eitt ríða bops í mér meðan eg  
var á í kletanum en meði var slæpt um kvöldið  
og fisk ad nýja í til með logreglum sem var  
á laðinni níður í Blöðshaska með Albert  
hann er frá Akureyri og varð minni óð báta

Skjal nr.	Bls. nr.
15	4

og var vendas værste fad mið. I nekknum er  
 spursur villandi sprunga og ekki vist bokad  
 eg var T.D. spursur kvort Sávar hefði talas um  
 lata meiri hversfa og svartí þá já en bætti við  
 til skingar os fad hefði eg gott líta og flakir sem  
 eg felta en i grinn eda rúndar brjaloði en þa oddrei  
 verið framkvæmt. Fetta var ekki bokad en bara bokad já.  
 Eg var fangi af lífla þórunni þá og na íg frambur  
 minn farum sem eg var nafngreindur en felta mundi  
 eg ekki eftir os hafa sagt og vil fá os lata mið  
 domarana og var rendur á Skalavordurstig 9.  
 nekknum dögum reiðra var mér hækkt að  
 domararnir hefðu ekkert mið mig að lata.

Eg veit minn hvor eg var þann dag er  
 gefjuminn hvernig en eg var þa að Langarós 32.  
 ávant. Knirkjan Vidar og Pálí Konráðin. Eg veit  
os fad er meira sem eg man ekki i augrablikinu  
en eg fer ut að yá eftir 1. líma.

en eg veda Knirkjani Guðmundshini  
 og fui gatir skipt a þa nefn mið  
 og lava bátimi a Sugandafirði.  
 Hinrik Þor Gröniss

RANNSÓKNARLÖGREGLA RÍKISINS	SKÝRSLA	RLR nr. 2875/79	Skjal nr.	Bla. nr.
		RKS nr. 16	16	1
Staður og stund: Kópavogi, 5. október 1979.		Nr. .... lagt fram í sakadómi	161	
Gerð af:				

Með vísan til bréfs ríkissaksóknara dags. 23.8. 1979  
 lið III. sbr. skjal 1 bls. 3 þykir eigi ástæða til að verða  
 við kröfu Jóns Oddssonar, hrl. um rannsókn á þessu atriði.

  
 Þórir Oddsson  
 skipaður rannsóknarlöggreglustjóri.

  
 Guðmundur Guðjónsson  
 rannsóknarlöggreglumaður.

JÓN BJARMÁNI  
Lægprestar  
Hóleitishraut 115  
105 Reykjavík


Skjal nr.	Bis. nr.
17	1

162

Reykjavík 25. júní 1979

Jón Oddsson, lögmaður  
Garðastræti 2  
101 Reykjavík.

Meðfylgjandi skjöl fékk Sævar Cicielski mér í hendur austur á Litla Hrauni s.l. föstudag og bað mig að koma þeim sem fyrst til þín. Skjölin voru móttokin með vitneskju vakthafandi varðstjóra, Óskars Eyjólfssonar. Kem ég heim hér með til skila.

Virðingarfyllst  
  
Jón Bjarmann

mánu. 28.6. 1979 kl. 18<sup>30</sup>  


SÆVAR MARINO CIESIELSKI  
VINNUHELIÐ AÐ LITLA-HRAUNI.

Hr. Jón Oddsson. Hrl.  
Garðastræti 2.  
Reykjavík.

163

Sljof nr.	Úts. nr.
17	2

Óska ég eftir að þér komið eftirfarandi á framfæri fyrir mína hönd.

YFIRHEYRSLUR.

Mér var ekki gefin kostur á að átta mig hvar ég hafi verið niður kominn er Geirfinnur Einarsson hverfur, af þeim sökum átti ég erfitt með að bera fyrir mig varnir, enda voru yfirheyrlur lögreglumanna byggðar á þeim grundvelli, að ég væri meira en lítið sekur.

Sviðað er að segja um Guðmundarmálið, en ég hafði skriffæri í smá tíma og gat áttað mig hvar ég hafi verið niður kominn á stað og stund er Guðmundur hvarf, en skriffærin voru tekin af mér eins og ég hef áður greint.

Hvers vegna voru skriffærin tekin af mér, er ég var að átta mig hvar ég hafi verið niður kominn á stað og stund, en því verður kannski aldrei svarað.

Ég var búinn að vera í hörðum og ströngum yfirheyrlum, er ég er tekinn til yfirheyrsli hjá Sigurbirni Víðiri Eggertssyni það mun hafa verið þann 19. eða 20. janúar 1976.

Hann spurði mig hvort ég þekkti bræður Erlu Bolladóttur, ég tjáði honum að ég hafi verið með bróður Erlu í sveit 6.eða7. sumur að Stóra-Hofi í Gnúpverjahreppi félagsnessýrslu, hjá afa mínum og ömmu.

Þá sagði hann að hann Réfði sámanir fyrir því að ég nafi farið til Keflavíkur með Einari Bollasyni 19. nóvember 1974.

Ekki fékk ég neina skýringu, um það hvað hann væri að fara fremur en nokkuð annað sem fram fór í yfirheyrlum hjá þeim Eggerti og Sigurbirni.

Sigurbjörn talaði um eitthvaðt samskipti, sem ég átti að hafa átt við þá Sigurbjörn Eiríksson, Magnús Leo Pálsson, Einar Bollasson og Valdimar Ólssen. Ekki vissi ég hvað hann var að tala um, en hann taldi sig vita betur og sagði við mig að hugsa mælið til morguns.

Stjóri nr.	Lis. nr.
17	3

Allt virtist hringsnúast í höfðinu á mér og hvað þá með pennan morgundag hans, sem mér var hulin ráðgáta.

Daginn eftir var ég boðaður til yfirheyrslu njá Eggerti Bjarnassyni sem tjáði mér að það væru menn sem væru að sækjast eftir lífi mínu, og ef ég segði ekki hvers vegna þá hliti ég að vera meira en lítið sekur.

Hann benti mér á að væri verið að setja skothellt gler í húsið ég vissi það ekki, en hinsvegar tók ég eftir að smiðir voru við vinnu í fangelsinu.

Hann tjáði mér að verið væri að morðhóta barnsmóður minni í síma, og að það væru vopnaðir lögreglumenn sem gættu hennar.

Og átti ég að vita hvers vegna verið væri að hóta henni, og ef ég gæfi ekki skýringu á því væru dagar hennar Erlu taldir, ég vissi ekkert og sá enga ástæðu hvers vegna væri verið að hóta henni.

Um kvöldið sama dag var ég boðaður til yfirheyrslu hjá Eggerti Bjarnassyni er ég spurður um Einar Bollasson ég sagði eins og er að Erla hafi haft orð á því að hún væri hrædd við bróður sinn Einar en ég vissi ekki ástæðuna, nann sagoi að ég vissi það mæta vel annars ætti ég að hafa meira en lítið á samviskunni.

Sigurbjörn Víðir Eggertsson sagðist vera að koma heiman frá Erlu og hafi ellt bifreið sem hafi verið að snuðrast í kringum húsið og ekki séð betur en það hafi verið Einar Bollasson á Fíat bifreið, mér var það kunnugt að Einar æki bifreið föðurs sinns sem bjó heima hjá Einari.

Þegar ég og Erla slitum samskiptum sumarið 1975. í mánaðar tíma var hún oft í ökuferðum með föður sínum Bolla Gunnarssyni og leit ég svo á að Erla hafi sofið heima hjá Einari nótt og nótt, svo það kynni að vera að hún vissi eitthvað um bífður sinn Einar.

Ég var altekin, af kvíða og spennu og gat eigi hugsað rögrétt né dreift huganum, það var eins og spennan sem ég minntist eitt sinn begar ég festist í lyftu, þær fyrstu sekuntunar er ég uppgötvaði að lyftan væri föst og ég virtist vera altekinn af þessari hræðslu og gat eigi slitið mig frá henni.

Þeir tjáðu mér að Einar Bollasson væri að morð hóta Erlu og væri það út af hvarfi Geirfinns Einarssonar og ætti ég að vita allt um það.

þeir sögðu að ef ég segðist ekki hafa farið með Einari Bollassyni til Keflavíkur að kvöldi þann 19 nóvember 1974. **165**  
þá yrði barnsmóðir míni myrt.

Ég tjáði þeim ef aoeins væri um þetta tvennt að velja, þá hefði ég farið með Einari Bollassyni til Keflavíkur ef væri krafist á þeim grundvelli að koma barnsmóður minni úr þeirri hættu sem þeir tjáðu mér.

Örn Höskuldsson kom í þessar yfirheyrlur, og tjáði mér að hann hafi verið að koma frá Erlu og hafi aldrei séð eins óttasleginn svip.

Síðan var rætt eitthvað samhengislaust um klúbbmennina, sem þeir uppfræddu mig um að Erla væri hrædd við og stæðu í beinu sambandi bak við þessar hótanir.

Daginn eftir var ég keyrður til Keflavíkur á Volvo bifreið sakadóms af Eggerti Bjarnassyni og Sigurbirni Víðir Eggertssyni niður í slipp í Keflavík sem mun vera dráttarbrautinn og tjáðu þeir mér að þar mun hafa verið fráminn refsiverður verknaður.

Síðar um daginn voru yfirheyrlur framhald af því, ef yfirheyrlur má kalla, ræddu þeir mikið um spíra smygl og Magnús Leo Pálsson og Sigurður Eiríksson í klúbbnum, ég tjáði þeim að ég þekkti þá menn ekki, en kannaðist við Valdimar Olssen sem Erla hafði tjáð mér að væri góður vinur Magnúsar, Valdimar er bróðir vinkonu hennar Erlu.

Síðan var saman skýrsla sem ég undirritaði eins og krafist var.

Daginn eftir er mér tjáð að Kristján Viðar Viðarsson og Erla Bolladóttir hafi sagt að ég hafi verið með þeim í Keflavík og Einari Bollassyni, Magnúsi Leo Pálssyni, Sigurbirni Eiríkssyni og Valdimari Olssen.

Ég botnaði ekki upp né niður í neinu, hvaða fjandans vitleysa þetta væri, þá tók ég það til ráðs að reyna að fá lögfræðing svo ég gæti kært athæfi þeirra, en því var engu breytt, þeir báru upp á mig að ég hafi farið út á bát með fyrr greindum mönnum, og gengu lögfreðlumenn og fangaverðir í skrokkin á mér og var ég tilneiddur að skrifa undir aðra skýrslu sem gjörð var þann 25 janúar 1976.

Og yfirheyrlunar héldu áfram og tjáðu þeir mér hvað Erla og Kristján og fjórmenningarnir væru að bera upp á mig og það að ég gæti ekki snúið við fyrri skýrslum sem ég hafði undirritað.

Það var þann 26 janúar 1976 að ég var boðaður í yfirheyrslu hjá Erni Höskuldssyni, Eggerti Bjarnassyni og Sigurbirni Víðiri Eggertssyni sem tjá mér að það sé hætt að morð hóta barnsmóður minni og þessir svokölluðu klúobmenn séu komnir í gæslu, óska ég há aftir eins og um hefði verið talað að skýrsla yrði gjörð um þær tvær skýrslur sem ég undirreit á þeim grundvelli að koma barnsmóður minni úr hættu ástandi.

Örn Höskuldsson hreytti þá í mig ónot og rak mig inn í klefa með þeim orðum "Farðu inn í klefa og hengdu þig!"

Við Gunnar Marinósson sagði hann: "Lánaðu honum reipi svo hann geti hengt sig!"

Um kvöldið rauk fangavörðurinn í klefa til míni Högni Einarsson að nafni, og sló mig með kylfu í magan með skaptinnu, fleygði mér upp við vegg, bar upp á mig að ég hafi farið út á bát.

Mér var ekki líft í tutthúsini og hvað þá um mitt sálrvæna ástand sem ég bjó við var ég orðin þjakaður að meðferð fangavarða um nóttina að hringt var í Eggert Bjarnasson að minni ósk og kópíraði ég framburð löggreglumanna og fangavarða og undirreit skýrslu.

Þann tíunda febrúar er ég boðaður til yfirheyrslu hjá Sigurbirni Víðiri Eggertssyni og Magnúsi Magnússyni, voru myndir af mönnum og átti ég að benda á myndir af þeim mönnum er ég kannaðist við ég geroi þao en vissi ekki tilefnið og ýtrekaði að ég vissi ekkert um hvarf Geirfinns Einarssonar, en hinsvegar kannaðist ég við þrjá menn af þessum myndum og benti á þær.

Þann 1 apríl 1976. kom ég fyrir dóm hjá Erni Höskuldssyni hjá sakadómi Reykjavíkur, og skýrði frá því að þær skýrslur sem ég á að hafa gefið í þessu málí, voru ekki byggðar á minni vitneskjumére reynslu, heldur hafi það komið frá rannsóknarlöggreglumönnum og það sem Erla Bolladóttir átti að hafa skýrt þeim frá m.a. að vera hrædd við fyrr nefnda fjóra menn, ég tjáði meðal annars að ég hafi heyrt raddir um Geirfinnsmálið og vissi ég ekki nánar um það.

Ég var í yfirheyrsnum hjá rannsóknarlöggreglumönnum Eggerti og Sigurbirni af og til enfremur yfirheyrðu mig fangaverðir sem stóðu yfir mér tímanum saman sem voru að reyna að fá mig til þess að ljuga.

Þeir fyrr nemdu menn Eggert og Sigurbjörn beitu mér líkamlegt ofbelai með því, að meðal annars að rífa í hárið á mér og slá mig í andlitið og snúa upp handlegg, enn alvarlegasta þegar þeir svæfðu mig með heingingar taki með því að snúa upp á skyrtuhálsmálið.

Skjal nr.	Bis. nr.
17	6

167

ENN FREMUR TÓKU FANGAVERÐIR UPP Á BESSU HÁTERRNI LÖGREGLUMANNANA.

Það mun hafa verið í byrjun maí að ég er leiddur í sannprófun með Erlu og Kristjáni Viðari og öðrum ráðamönnum lögreglunnar sem ég hef áður grein í bréfi til yðar, og Jón Bjarman hafi kært á sínum vegum þá aðförl.

Daginn eftir að ég held 5 maí og daganna 6 og 7. að ég og Erla vorum leidd saman, en tilgangurinn að mér skilst, átti hún að fá mig til bess að segast hafa verið með sér og öðrum í Keflavík 19. nóvember 1974.

Kristján V. Viðarsson var láttinn tala við mig tvistar, en hann sagðist hafa stungið piltir Guðmund Einarsson að Hamarsbraut 11. Hafnarfirði, þar sem var krafist að ég átti að vera viðstaddir og rakti hann sá sögu, sem ég síðar kóperaði njá Karli C. þýverska rannsóknarlögreglumanni eftirfarandi framburð Kristjáns Viðars Viðarssonar mun það hafa verið þann 30 september.

Ég spurði Erlu Bolladóttur í þessum samræðum í Maímánuði 1976. hvernig Guðmundarmálið hafi byrjað, hún sagði, þeir voru alltaf að tala við mig afturábak og áfram sem ég vissi ekkert umsvo fanst mér eitthvað ráma í það.

Og um jólaleytið er ég var laus úr gæsluvarðhaldi uppgötvaði ég að þetta væri veruleiki, Njörður Snæhólm sat yfir okkur þegar Erla sagði petta og hlóp út grátandi úr yfirheyrsli.

Ég spurði þá Njörð Snæhólm hvað þeir höfðu haft í höndunum svo þeir gerðu sér tilefni að yfirheyra Erla um mannshvarf.

Njörður Snæhólm sagðist ekki vita út frá hverju að málid hafi byrjað og yppsti öxlum.

Eins og kunnuðt er var Erla láttinn sverja eið að þeirri skýrslu sem á að hafa verið kveikjan að Guðmundarmálinu og var hún láttinn laus sama dag án þess að sannreynt var gildi þess og sannindi.

Það mun vera þann 8. Maí. að þvingað var að mér harðlega að gefa skýrslu, var ég þá orðinn mjög rugglaður á öllum þessum frásögnum um Kristjáns og Erlu barnsmóður um að hafa skotið mann og létt ég umdan sem krafist var, og undirritaði skýrslu Sigurbjörns V Eggertssonar sem studdist við frásögn hans og var hún tekinn að nótta til, og tók ég hana munnlega til baka um morguninn hjá Hallvarði Eimvarðssyni og kærði lögreglumennina.

Skjal. nr.	Bla. nr.
17	7

Það var ekkert rætt við mig né yfirheyrður frá Maímánuði þar til byrjun Júly enda ekkert til að yfirheyra mig um.

Sá ég þá barnsmóður mína sem Sigurbjörn Víðir rannsóknarlögreglumaður ættlaði að nota til þess að staðfesta fyrri skýrslur en því fór vís fjarri.

Viðtölinn voru tæp níu, sem stóð yfirleytt lengur en átta tímar á dag.

Kom það upp hjá Erlu að hún stæði fyrir þeirri sögn Sigurbjörns og ef til vill aðra að barnið okkar vrði gefið og hún fengi aldrei að sjá það meir ef ég segðist ekki að hafa verið viðriðin hvarf Guðmundar.

Sigurbjörn sagði að ég muni fá lífstíðar örÿggisgæslu ef ég segðist ekki hafa verið að Hamarsbraut ll. Hafnarfirði, þar sem Guðmundur Einarsson átti að hafa beðið bana.

Hann sagði eignig að barnið okkar yrði gefið og stóð Erla í þeirri trú, að hún mundi aldrei sjá barnið framar.

Hún sagði, gerðu það fyrir mig og barnið að þú hafir verið á Hamarsbraut og farið út í hraun.

Og Sigurbjörn Víðir ýtti undir ef Erla fór að tala um barnið og sagði að ég væri að koma því til leiðar að barnið okkar væri gefið og ég héldi Erlu inni.

Það mun úr mínu fersku minni gleymast begar Sigurbjörn sagði af einum af þessum vittölum að hann myndi taka á sig einhvað fyrir sína nánustu það sem hann átti ekki.

Læt ég hér staða numið að sinni, óska eftir að þetta fái rétta meðferð og yfirheyrt í því sambandi og engu sleppt.

Virðingarfyllst.

*Sævar M. Græselskær*

RANNSÓKNARLÖGREGLA RÍKISINS	SKÝRSLA	RLR nr. 2875/79	Skjal nr.	Bla. nr.
Stáður og stund: Kópavogur 19.9.1979, kl. 15:15	Gerd af: Guðmundi Guðjónssyni, rannsóknarlögreglum.	RKS nr. 18	1	
		Nr. ....	lagt fram í sakadómi	169

Þá mætir á skrifstofu RLR Högni Einarsson,  
fyrrverandi fangavörður, til heimilis að  
Eyjabakka 16, Rvík, s. 74290, f. 20.12.1944,  
nafnn. 4453-7656.

Mætta er kunngert tilefni yfirheyrlunnar, sem  
eru ásakanir Sævars Marinós Ciesielski á hendur  
mætta um harðræði.

Viðstaddir yfirheyrluna eru Pétur Guðgeirsson  
fulltrúi ríkissaksóknara, Jón Oddsson hrl  
og af hálfu RLR Þórir Oddsson skipaður  
rannsóknarlöggreglustjóri og Guðmundur Guðjónsson  
rannsóknarlöggreglumaður.

Gætt er ákv. l. málsgr. 40. gr. laga um  
meðferð opinberra mála. Aminntur um sannsögli.

Mér er kynntur framburður Sævars Marinós á skjali 17/5  
sem er svohljóðandi:" Um kvöldið ( 26. janúar 1976) rauk  
fangavörður inn í klefa til mín Högni Einarsson að nafni, og  
síð mig með kylfu í magann með skaftinu, fleygði mér upp við  
vegg, bar upp á mig að ég hafi farið út á bát".






Ég kannast ekki við þetta hvorki varðandi það að ég hafi  
slegið hann með kylfu né verið að bera upp á hann að hafa verið  
að fara út á einhvern bát.

Framh.

170

Yfirheyrslu lokið kl. 15:25

Upplesið staðfest,

  
Högnj Einarsson  
Þórir Oddsson  
Þórir Oddsson  
Þórir Oddsson  
Guðmundur Guðjónsson  
rannsóknarliogreglumáður

RANNSÓKNARLÖGREGLA RÍKISINS	SKÝRSLA	RLR nr. 2875/79	Skjal nr.	Bla. nr.
Staður og stund: Reykjavík 24.9.1979, kl. 16:11		RKS nr. 18	3	
Gerð af: Guðmundi Guðjónssyni, rannsóknarlöggreglum.		Nr. ....	lagt fram í sakadómi	171

Pá mætir til yfirheyrslu í Fangelsinu  
Síðumúla, Gunnar Marinósson, fangavörður,  
til heimilis að Hjallavegi 5, Rvík,  
f. 1.10.1923 í Rvík, nafnn. 3374-7942.

Mætta er kunngert tilefni yfirheyrlunnar  
þ.e. orðaskipti Örns Höskuldssonar við  
Sævar Marinó Ciesielski og mætta.

Mætti er yfirheyrður sem vitni, kynnt  
vitnaskyldan og áminntur um sannsögli.

Viðstaddir yfirheyrluna eru Pétur Guðgeirsson  
fulltrúi ríkissaksóknara, Jón Oddsson hrl,  
og af hálfu RLR Pórir Oddsson skipaður  
rannsóknarlöggreglustjóri og Guðmundur  
Guðjónsson rannsóknarlöggreglumaður.

Mér er kynnt bókum Sævars Marinós Ciesielski sem er  
svohljóðandi: " Örn Höskuldsson hreytti þá í mig ónot og rak  
mig inn í klefa með þeim orðum Farðu inn í klefa og  
hengdu þig". Við Gunnar Marinósson sagði hann: Lánaðu honum  
reipi svo hann geti hengt sig".

Ég kannast ekki við þetta. Vil ég taka fram að ég hef  
svarað þessari spurningu áður, það var fyrir sakadómi  
Reykjavíkur.

Yfirheyrslu lokið kl. 16:20

Upplesið staðfest,

Pórir Oddsson  
Petur Guðgeirsson  
Jón Oddsson

Gunnar Marinósson

Gunnar Marinósson

Guðmundur Guðjónsson  
Rannsóknarlöggreglumaður

172

Eigi þótti fært að taka skýrslur varðandi önnur atriði en þau er getið er um á skjali 17/5 og eiga að varða Högna Einarsson og Örn Höskuldsson.

Önnur atriði í þessari greinargerð Sævars á skjali 17 sýnast falla utan ramma þessarar rannsóknar sbr. bréf ríkissaksóknara dags. 23.8. 1979 lið IV sjá skjal 1 bls. 3.

Bórir Oddsson  
skipaður rannsóknarlöggreglustjóri.

Guðmundur Guðjónsson  
rannsóknarlöggreglumaður.

Sigel nr.	Dis. nr.
19	1

SÆVAR MARINO CIESIELSKI  
VINNUHÁLID AÐ LITLA-HRAUNÍ.

173

Hr. Þórir Oddsson. R.L.R.

Kópavogi.

Það sem mér finnst að mætti koma skýrt og greinilega fram svo þér gerið yður fyllilega grein fyrir rannsókn í svokölluðu Geirfinns og Guðmundarmálum.

Eins og þér er kunnugt var ég handtekinn þann 11 desember 1975. Svo er sagt að í lok desember 1975. hafi vaknað sá grunur að ég ætti að vera viðriðinn, hvarf á pilti Guðmund Einarssonar að nafni.

Það sem mér hefir borist til eyrna að maður að nafni Stefán Almannsson hafi verið í yfirheyrsrum í lok nóvembersmánaðar 1975. út af hvarfi Guðmundar Einarssonar, tilefni var að Stefán Almannsson hafi ráðist á kunninga Guðmundar með líkamlegu ofbeldi, mun sá piltur heita Ásgeir Þorsteinsson, mun hann hafa misst vit og rænu eftir því sem ég best veit.

Eina vitnið af verknaði Stefáns var talið vera Guðmundur Einarsson.

Eigi veit ég hvenær verknaður Stefáns átti sér stað, en mun hafa verið stuttu áður en Guðmundur hveffur, að mér skilst.

Stefán Almannsson hefur játað og tjáð að hafa verio með Guðmundi Einarssyni að kveldi þann 26 janúar 1974. í Albýðuhúskjallaranum, og á gangi með Guðmundi Einarssyni á Reykjanesbraut eftir dansleik.

Eggert Bjarnason og Sigurbjörn Viðir Eggertsson voru með Stefáni Almannssyni í yfirheyrslu á Litla-Hrauni og á Skóla-vörðustíg 9. Eins og hér á ofan greinir, var Stefáni tímætt um þessar yfirheyrslur við samfanga sína.

En af einhverjum ástæðum hefur ekki neitt komið fram hjá rannsóknarlöggreglumönum um þessi atriði, heldur hafa þeir borið því við að rannsókn hafi hafist í þessu Guðmundarmáli þann 20 desember 1975.

Skjel nr.	Bis. nr.
19	2

Það er sagt að Erla Bolladóttir hafi gefið skýrslu spurningarlaust, að þeirra sögn, að barnsfaðir sinn væri viðriðinn á hvarfi Guðmundi Einarssyni.

174

Ég hef komist að því að Stefán Almannsson hafi fengið vitniskju um að Erla Bolladóttir og EG, höfðum svikið út fé hjá Póst og Síma, og af einhverjum ástæðum gat hann keypt sig út og logið að ég væri viðriðinn hvarfi Guðmundar.

Eins og bér mun vera kunnugt um hefur Stefán Almannsson reynt að kaupa sig lausan úr fangelsi með lygum, mun það hafa verið síðastliðið ár, þegar hann tjáði að hann byggi yfir vitneskju um Kristján Viðar Viðarsson.

Út frá þessu tel ég sterkar líkur, sem ég hef að ofan greint að Stefán Almannsson kunni að vera valdur að dauða Guðmundar Einarssonar.

Hitt er hulin ráðgáta hvernig Stefáni tókst til með að losna frá fyrri framburði sínum, að hafa verið seinasti maður er var með Guðmundi, er hann sjálfur tjáði rannsóknarlögreglumönnum.

Ég vill taka það fram, að mínu viti hafi Póstávísamálið verið hulin ráðgáta hjá rannsóknarlögreglumönnum, og hafi verið nō til þess að Stefán Almannsson hafi losnað undan Guðmundarmálinu, hjá rannsóknarlögreglumönnum Eggerti Bjarnasyni, Sigurbirni V Eggertssyni og dómara Erni Höskuldssyni.

Þessi atriði tel ég brýna nauðsin að verði farið gaumgæfulega ofaní saumanna, og verði rannsakað að fullu.

Virðingarfyllst.

*Sevar M. Ciesielski*  
SEVAR MARINÓ CIESIELSKI.

RANNSÓKNARLÖGREGLA RÍKISINS	SKÝRSLA	RLR nr. 2875/79	Skjal nr.	Bls. nr.
		RKS nr.	20	1
Staður og stund: Kópavogi, 5. október 1979.		Nr. .... lagt fram í sakadómi	175	
Gerð af:				

Með vísan til bréfs ríkissaksóknara, dags. 23.8. 1979  
 lið IV skjal 1 bls. 3 þykja atriði þau er Sævar Marinó  
 Ciesielski getur um á skjali 19 falla utan við rannsókn þessa.

*Póirir Oddsson*  
*Guðmundur Guðjónsson*  
 skipaður rannsóknarlöggreglustjóri.

*Guðmundur Guðjónsson*  
*Guðmundur Guðjónsson*  
 rannsóknarlöggreglumaður.

nr.	nr.
21	1

Hér er ég með afrit úr ónnum í sakadómsmálinu nr. 544/550..  
árið 1977.

176

Þar gefur á að líta frásagnir Alberts K Skaftassonar þar sem hann tjáir að hann hafi komið að Hamarsbraut afara-nótt 27.janúar 1974. og hafi verið á Toyota föður sinns.

Mun sá bíll hafa verið keyptur sumarið 1974. og sannast þar með lygi á Alberts hinsvegar snýr hann blaðinu við til að leiðréttu sig og segist vera á Volkswagen bifreið og segist hafa flutt lík fírá Hamarsbraut haustið 1974. en Erla fluttist þaðan burtu um vorið 1974. þegar íbúðin var seld.

Hér eru harðar ásakanir Alberts í minn garð og óska ég eftir að hann verði yfirheyrður og verði látinna sæta geð-rannsókn og legg ég til stuðnings frásögn hans um þessi efni og bendi á blaðsíðu 136. þar sem hann segist ekki gera greina mun milli hugaburð og raunveruleika.

Blaðsíðu 211.212 og 213. greinir fangavörður frá meðferðina lítilega óska ég þess að hann verði yfirheyrður nánar þar sem ég tel að hann hafi eigi opnað sig að fullu.

A blaðsíðu 113 tjáir Erla Bolladóttir um hótun Sigurbjörn Víðirs fíminn garð að ég skyldi sæta lífstíðar öryggisgæslu, ef ég segðist ekki hafa verið að Hamarsbraut ll. er Guðmundur Einarsson á að hafa beðið bana.

A blaðsíðu 213. neðalega tel ég Sigurbjörn Víðir sannana sök að hafa logið fyrir dómi, óska ég eftir að þetta verði sem ýtalega rannsakað.

Virðingafyllst.

*Sævar M. Ciesielski*  
SÆVAR MARINO CIESIELSKI.

Skjal nr.	Bls. nr.
21	2

þar sem þess hefði verið krafist.

Ákærði neitaði, að vitte nokkuð um flutning á líki Guðmundar Einarssonar hverki þú um nóttina né síðar. Hvordæt hann ekkort vita, hvar líkioð væri niður komið.

Ákærði kvað það rétt, sem að framan væri greint um ferðir hans að Nöldi 26. janúar 1976, um komið var á Kópavogshólið, en aðfaranótt 27. janúar hefði hann dvalist þar hjá Helgu Gísladóttur.

Hinn 1. apríl 1977 fór fram í dómi samprófun þeirra Erlu Bolladóttur og ákærða Sævaru Marinós Ciesielskis.

Héldu hvort um sig fast við framburði sína, og varð samprófunin því árangurslaus. Ákærði Sævar Marinó óskaði i þinghaldi þessu, að Erla yrði spuroð að því, hvort Sigurbjörn Víðir, rannsóknarlögberglaður hefði nefnt við hann lífstíðarþryggisgæslu við samprófun þeirra í fangelsinu í Síðumúla 19. júlí 1976. Þá kvað Sigurbjörn Víði hafa sagt, að ákærði Sævar Marinó fengi lífstíðar þryggisgæslu, þ.e. lífstíðar fangelsi, ef hann játaði ekki að hafa verit að Hamarsbraut 11, er Guðmundur Einarsson beið bana. Loka komu þau Þrla og ákærði Sævar Marinó saman fyrir dóm hinna 5. júlí 1977, og krafðiist Jón Oddsson, ari., skipaður verjandi ákærða Sævars Marinós þess þá, að eftirfarandi spurning yrði lögð fyrir Erlu: "Hittust ákærði og ákærða að Hamarsbraut 11 aðfaranótt 27. janúar 1974?" Svar Erlu var: "Já", og fóru frekar yfirleyrslur ekki fram í þinghaldi þessu.

Hinn 1. apríl 1977 fór fram í dómi samprófun ákærðu

Skjal nr.	Bls. nr.
21	3

yfirheyrður í dómi sem körði. Staðfesti hann skýrslu þá, sem hann hafði gefið fyrir um daginn hjá rannsóknarlöggreglu og kannaðist við að hafa ekki þeim Sævarí Marinó, Kristjáni Viðari og Tryggva Rúnari suður fyrir Hafnarfjörðum umrætt sinn. Þeir hefðu verið með eittthvað, sem þeir hefðu sett í farangursgeymslu bifreiðar hans, og hann ekki vitað, hver sá flutningur var, en Sævarí Marinó sagt honum á heimleiðinni, að lík hefði verið í farangursgeymslunni. Albert Klahn var í þinghaldi þessu úrskurðaður í gosluvarðald.

Hinn 11. janúar 1976 skýrði Albert Klahn fyrir dómi sjálfstætt fró málSATVÍKUM umrætt sinn. Var framburður hans í samræmi við skýrslu hans hjá rannsóknarlöggreglu hinn 23. desember 1975, sem hann staðfesti að nýju, en frekar var hann ekki inntrur eftir efnisatriðum mólsins.

Hinn 6. febrúar 1976 kom Albert Klahn fyrir dóm, og var þá einasta eftirfarandi setning skráð eftir honum: "Körði kveðst nú vera þess fullviss, að hann hafi umrætt sinn ekki veginn að Sæýrasafnini".

Að démingi hinn 7. mars 1976 gaf Albert Klahn Skaftason svofelldu skýrslu:

"Körði segist nú vera við um, að hann hafi farið tvær ferðir með lík fyrir þá félaga Sævar Ciesielski, Kristján Viðar Viðarsson og Tryggva Rúnar Leifsson. Segist körði ekki hafa vitað í fyrra skiptið, hvað hann var að flytja, en í síðara skiptið hafi honum verið sagt, að það hafi verið lík. Körði kveðst ekki munu hvert hann ók, en telur að í síðara skiptið hafi ekki stóður í Kúagerði".

Skjal nr.	Bls. nr.
21	4

179

Hinn 19. mars 1976 tók rannsóknarlöggreglan skýrslu af Albert Klahn Skoftasyni að eigin ósk hans, og var hann þá yfirheyrður sem vitni í málinu. Skýrði hann frá á þessa lund:

Dann 23. desember s.l. gaf ég skýrslu, þar sem ég skýrði frá því, að ég hefði flutt lík heiman frá Søvari Ciesielski eitthvað suður fyrir Hafnarfjörð. Ég taldi, að þetta gæti hafa verið aðfaranótt 27. janúar 1974 og ég hefði verið á Toyota bifreið fóður míns. Ég hef mikil hugsað um þetta mál, og oft verið mið við mig um það. Það, sem ég skýrði frá í fyrri skriflegri skýrslu minni, er rétt að öðru leyti en því, að sá atburður, sem ég greini þar frá, átti sér ekki stað í janúar, heldur þann 14. september 1974.

Hitt er annað, að í janúar 1974, nánar tiltekið aðfaranótt þess 27., flutti ég cinnig eitthvað heiman frá Søvari Marinó í Hafnarfirði. Heð honum voru þá þeir Kristján Viðar og Tryggvi Rúnar. Þetta þar þannig að, að Søvar Marinó hringdi heim til mín um nóttina, ég held um kl. 01.00 og bað mig að koma heim til sín suður í Hafnarfjörð. Hann talaði um að gefa mér hossmola og félust ég á að koma. Ég hafði á þessum tíma til umrúða bifreið fóður míns, en faðir minn átti þá Volkswagen fólksbifreið, árgerð 1957. Ég stöðvauði bifreiðina við húsið heima hjá Søvari Marinó. Kom hann út að bifreiðinni til mín og bað mig að bíða aðeins. Hann hvarf aftur inn í húsið, en kom eftir skamma stund og rétt á eftir honum þeir Kristján Viðar og Tryggvi Rúnar. Þeir síður nefndu þóru ó milli sín nokkuð langan þoka, eða eitthvað

Sl. jað. nr.	Bla. nr.
21	5

180

var út á Alftanes, og þar tekin gröf rétt við hliðina á bifreiðinni. Þetta er allt ujög óljóst fyrir mér, en þó getur verið, að þetta geti ég ricjað upp.

Hinn 6. október 1976 gaf Albert Klahn Skaftason svo-fellda skýrslu hjá rannsóknarlúgninglu:

Í gær eftir að skýrslutíðin lauk fór ég ásamt rannsóknarlúgningum suður á Alftanes, þar sem ég vísaði á stað níðri í fjöru, þar sem ég hafði tekið þátt í að grafa hlut, sem ég taldi, að gæti hafa verið lík. Eg tel nú, að þetta hafi verið rangt hjá mér, og að um ímyndun hafi verið að ræða. Þrótt fyrir það, minnist ég þess, að farið hafi verið með hlut, sem gæti hafa verið lík og hann grafinn.

Íg man eftir því, að Sverrir Marinó kom heim til mínum sumar, en ekki get ég tímasett það nánar. Hann bað mig um að akva sér og fór ég á Toyota bifreið fóður míns. Eg fór fyrst heim til Kristjáns Viðars og fór um undirgang bak við húsið. Þar hafði ég stúttu viðvöl, en náð var í töma, svarta plastpolca heim til Kristjáns Viðars, og cinnig var komið með eina eða tvær skóflur. Ekki man ég, hvort ég ók svo eða hvað var náð í. Þá næsta, sem ég man, var það, að ég hjálpaði við að bera flutning, sem kominn var í plastpolana úr bifreiðinni. Þá man óg eftir að hafa tekið þátt í að grafa þetta, en hvar það var, man ég ekki fyrir vist. Mig rámar þó í, að þetta hafi verið flutt í kirkjugarð, og tel ég, að þar komi hefst til gróina Hafnarfjarðarkirkjugarður, en í þessu samþundi man óg eftir garðvegg. Eg tel, að þarna hafi verið um lík Guðmundar Einarssonar að reða.

Skjal nr.	Bls. nr.
21	6

181

Ég man fyrir vist, að Sævar Þarinó og Kristján Viðar voru með mér, er ég flutti þetta og mig minnir, að Tryggvi Rúnar hafi einnig verið með, en ég er þó ekki viss um það.

Ég get ekki gefið neina skýringu á því, hvers vegna þetta hefur farið að rifjast upp fyrir mér nú, en þó tel ég, að aðalorsókin hafi verið, að ég óttaðist refsingu. Ég hef reynt að byrja þetta inni, og geri ég mér ljóst, að ég hef barist á móti því að segja sannicíkann um þetta mál. Mér finnst við þessar síðustu yfirheyrslur, að eitthvað sé að mér í höfðinu. Ég veit, að ég tók þátt í þessu, og að ér ötti að gæta sagt skýrt frá Öllu, en þótt ég reyni að leggja mig fram, á ég erfitt með að greina á milli hugarburðar og veruleika. Ég hef frá barnseldri neytt margvíslogra fíknicefna og eitnulyfja. Hann það að eiga sinn þátt í, að ég muní þessi mál óskýrt.

Pennan sama dag, hinn 6. október 1976, var Albert Klahn enn á ný yfirheyrður um málsatvik, og stóð sú yfirheyrsla frá klukkan 11.30 - 12.15, en fyrri yfirheyrslan hafði varð frá klukkan 09.45 til 09.45. Albert Klahn skýrði nú meðal annars svo frá:

Seinni hluta dags, um kl. 16.00 til 17.00, nokkrum mánuðum eftir að ég flutti lík Guðmundar í hraunið komu þeir Sævar Þarinó og Kristján Viðar heim til míni. Ég man ekki, hvað okkur fór á milli, en ég fór með þeim á Toyota bifreið föður míns. Minnir mig, að fyrst hafi verið ekki heim til Kristjáns Viðars og sóttir plastpokar, en ég man þetta þó ekki öruggloga. Þá held ég og, að ég hafi komið

Skjal nr.	Bls. nr.
21	7

182

ákmörða, en skrifað undir hana sem vottur, þegar yfirheyrslu var lekið. Högni Ófeigur mundi til þess, að ákmörði lýsti skýrsluma róttu og undirritaði hana í viðurvist hans.

Jóhanni Gunnari Friðjónssyni, fangaverði í fangelsinu við Síðumúla, Þverbroddku 4, Kópavogi, var kynnt bókun ákmörð Sævars Marínoós í þinghaldi 29. mars 1977 um meðferðina á sér í fangelsinu við Síðumúla. Jóhann Gunnar kvaðst ekki kannast við meitubæði, or ákmörði Sævar Maríno rakti í bókinni. Jóhann Gunnar var ekki viðstaddir yfirheyrslum í málínu. Hann kvað ákmörða Sævar Maríno hafa verið prýðis-fanga og gert þau, sem hann var bedinn um, en þó hefði burft að ítreka við hann að brífa sig og klefa sinn. Jóhann Gunnar kannasta ekki við, að hann hefði veitt Skúla Steinssyni aðstoð við að dýfa ákmörða ofan í vask, svo sem hann héldi fram og viðssi ekki til, að þau hefði verið gert. Hann viðssi ekki til þess, að nækkurn tíma hefði komið til átaka, or ákmörði átti að fara í bað. Hann mundi þó eftir, að Skúli Steinsson sótti ákmörða eitt sinn inn í klæfann til þess að fara í bað, og holt utan um hann á leiðinni fram á þaðherbergi. Ekki varð Jóhann Gunnar var við, að ákmörði væri bcittur neinu ofbeldi.

Kjartan Kjartansson, fangavörður, Hrafnhólum 8, Reykjavík, kvaðst hafa verið fangavörður í hegningaráhusinu við Skólavörðustíg 9, en verið fenginn til að annast fanga varðarstarf í fangelsinu við Síðumúla frá því snemma í janúar og fram í apríl eða maí árið 1976.

Kjartan kvaðst ekki af eigin raun geta borið um

Skjal nr.	Bls. nr.
21	8

atriði þau, sem fram kemur í bókun ákærða Sævars Marinós hinn 29. mars 1977, en minntist þess að hafa heyrt talað um, að viðhūfð hefðu verið þau ummoli, sem í niðurlagi bókunarinnar greindi, en gat ekki staðluft, hvort han n hefði verið viðstaddir.

Kjartan kvaðst ekki hafa verið við yfirheyrslur og því ekki geta horið um af eigin raun, hvort heitt hefði verið líkamlegu ofbeldi við ákærða Sævar Marinó, en heyrt, að yfirheyrslurnar voru "ákaflöga hófuðasamar". Kjartan sagðist ekki vita til, að Ákærði Sævar Marinó hefði verið teittur ofbeldi eða hótumum um ofbeldi í fangelsinu, en orðið var við það, að fangavörður heftast yfirheyrslurnar eða blanda sér að óþorðu í mál hans, og nefndi hann á því sambandi þá Skúla Steinsson og Högn Einarsson. Ekki vissi hann þó til, að þetta hefði verið gert að beiðni rannsóknarmanna. Kjartani fannst ákærði Sævar Marinó sota að ástæðu lausu meira harðræði í fangelsinu en aðrir fangar í sama mál, enda hefði ákærði Sævar Marinó hegðað sér afburðavel frá sjónarmiði fangavarðar. Kjartan varð ekki var við, að ákærði Sævar Marinó sýndi tregðu á að þrífa sig eða klefa sinn.

Kjartani Kjartanssyni fannst vanta eitt atríði inn í málum, og var í því sambandi eitthverandi ófátt ófátt eftir honum:

"Eg var þarna ásamt fleiri fangavörðum staddur í millihorðbergi milli varðstofu og yfirheyrslusals fangelsisins, sem er fyrst til hringri, og inn í fangelsið kemur. Að yfir-

Skjal nr.	Bla. nr.
21	9

184

heyrslu þeirra Eggerts Bjarnasonar og Sigurbjörns Víðis yfir Sævari Marinó liðinni, fannst mér, að yfirheyrslunni ætti að vera lokið. Svo var þó ekki. Gekk Gunnar Guðmundsson, yfirlangavörður, þá mjög berrekslega inn í yfirheyrsluhverbergið og upphófst vegast sagt allmikill hávaði og ég leit í augu næristaddra fengavarða. Þó var ekki viss um, hverjum bori skýja til að opna hurðina og athuga, hvað þarna feri fram. Þegar ég sá ekki, að neinn hefði kjark til að athuga hvað vori að gerast, opnaði óg hurðina. Þig sá ekki, að Gunnar Guðmundsson væri í hóttu staddur, en mér virtist sem Sævar Marinó hefði verið svínþeygður, enda hefði hann ella ekki kallað: "Stilltu þig, stilltu þig, Gunnar, Gunnar". Gunnar Guðmundsson skípaði mér að loka tafarlaust. Ekki heyrði óg að fleira gerðist þarna inni".

Um bókun ákmára Tryggva Rúnars frá 30. mars 1977 kvaðst Kjartan ekkerð geta borið, enda hefði honum verið málid algjörlega ókunnuðt.

Sigurbjörn Víðir Eggertsson, rannsóknarlögreglumaður, Asparfelli 4, Reykjavík, kannáðist ekki við, að hann hefði nokkurn tíma minnst á það við ákmára Sævar Marinó, að hann yrði settur í lífstíðar öryggisgæslu. Hins vegar hafði ákmári mikil talað um þetta sjálfur og hefði greinilega óttast þetta.

Sigurbjörn Víðir kannáðist ekki við að hafa nokkurn tíma heyrtr þau ummáli, að ákmári fengi að týnast í amerísku fangelsi, ef hann játaði ekki sakir á sig í "Guðmundar- og Geirfinnmáli". Kvaðst Sigurbjörn Víðir aldrei hafa haft

RANNSÓKNARLÖGREGLA RÍKISINS	SKÝRSLA	RLR nr. 2875/79	Skjal nr.	Bls. nr.
		RKS nr.	22	1
Staður og stund:	Kópavogi, 5. október 1979.	Nr. .... lagt fram í sakadómi		
Gerð af:				

Með vísan til bréfs ríkissaksóknara dags. 23.8. 1979

lið IV. skjal 1 bls. 3 þykja atriði þau, er Sævar Maríno Ciesiełski getur um á skjali 21 falla utan við rannsókn bessa.

Bórir Oddsson  
skipaður rannsóknarlöggreglustjóri.

Guðmundur Guðjónsson  
rannsóknarlöggregfumaður

Jón Oddsson

HÆSTARÉTTARLÖGMAÐUR

Supreme court attorney  
Avocat à la Cour suprême  
d'Islande

GARDASTRÆTI 2

2 13040 — 13153

P.O. BOX 561

101 REYKJAVÍK — ICELAND

nr. nr.

23 1

186

REYKJAVÍK 28.8.1979.

Hr. vararannsóknarlögreglustjóri,  
Þórir Oddsson,  
Rannsóknarlöggregla ríkisins,  
Auðbrekku 61,  
200, Kópavogi.

Efni: Hæstaréttarmálið nr. 214/1978.

Afrit af bréfi hæstvirts ríkissaksóknara, dags. 23.8.1979 til yðar hr. vararannsóknarlögreglustjóri, barst mér í dag ásamt fylgiskjölum. Af því tilefni leyfi ég mér f.h. skjólsteðings míns að ítreka fyrri tilmæli skjólst. míns um frekari rannsókn á kæruatriðum. A þessu stigi málsins leyfi ég mér einkum að koma að eftirfarandi athugasemdu.

### I.

Ég hefi ekki séð kærubréf sr. Jóns Bjarman til dómsmálaráðuneytisins, nema hvað fyrir skömmu birtist um það í "Dagblaðinu". Þótti mér af því mega réða að ærin tilefni væru til frekari rannsóknar vegna athugasemda fangelsis-prestsins. Mér hafði verið tjáð, að bréf þetta væri niður í dómsmálaráðuneyti. Lísi ég furðu minni á því, ef réttilega hefur verið farið með efni þessi á áðurnefdu Dagblaði, að slíkt erindi skuli hafa verið látið liggja niður í dómsmálaráðuneyti athugasemdalaust með svo þungum ásökunum um opinbera embættismenn, er störfuðu að rannsókn málsins. Þer og til þess að líta, að bréf þetta er ritað af virtum embættismanni dómgæslunnar. Tel ég því brýna nauðsyn bera til, að sr. Jóni Bjarman verði gefinn kostur á, að koma til frekari skýrslugerðar og efnisatriði bréfs hans verði rannsökuð.

### II.

Ég hef áður komið því að, að tvær konur, er störfuðu sem fangaverðir í Síðumúlafangelsi umrætt tímabil hefðu óskað eftir að gefa opinberar skýrslur í málínu á svipaðan hátt og Kjartan Kjartansson, Fangavörður. Þessir aðilar hafa undanfarið starfað við Hegningaráhúsið í Reykjavík. Mig minnir að þeir kvenfangaverðir heiti Jóna og Guðrún. Skýrðu þær mér mjög svipað frá og fram kemur m.a. í skýrslu Kjartans Kjartanssonar, auk þess sem þær höfðu frá fleiru að segja. Tel ég því mjög brýnt, að þessir aðilar gefi skýrslur í málínu. Auk þess óska ég eftir, að Kjartan Kjartansson gefi frekari skýrslur.

### III.

Mér þykir furðulegt áhugaleysi hæstvirts ríkissaksóknara á bréfi Hinriks Jóns Þórissonar, dags. 18. júní 1979. Samkvæmt dómi Sakadóms Reykjavíkur er hér um að ræða eitt aðalvitnið. Ég tel skilyrðislaust, að hann verði láttinn gefa frekari skýrslur og það tafarlaust.

Framhald .....

# Jón Oddsson

HÆSTARÉTTARLÖGMAÐUR

Supreme court attorney  
Avocat à la Cour suprême  
d'Islande

GARDASTRÆTI 2  
P.O. BOX 561  
101 REYKJAVÍK - ICELAND

Skjal nr.	Bls. nr.
23	2

187

- 2 -

REYKJAVÍK. 28.8.1979.

## IV.

Skjólstæðingur minn þarf og nauðsynlega að fá að mæta til skýrslu-gerðar um efnisatriði skýrslna sinna, enda marg ítrekað nauðsyn þess. Vitanlega eru þær skriflegu skýrslur er frá honum hafa komið mjög ófullkomnar og ýmsum annmörkum háður. Slíkt var ljóst fyrir. Hann gerði og ávallt ráð fyrir, að þessar skriflegu skýrslur væru rétt aðeins byrjunarskýrslur og gerðar í trausti þess, að hann fengi síðar að koma að fullkomnari skýrslum. Af því tilefni leyfi ég mér að ítreka fyrri tilmæli um, að skýrslur er liggja fyrir hjá Ásgeiri Friðjónssyni, sakadómara liggi fyrir við rannsókn þessa máls. Skjólstæðingur minn hefur og litið svo á, að þær skriflegu skýrslur, er hann hefur sent sér aðeins helstu atriðin við upphaf þessarar rannsóknar og gerðar með þeim fyrirvara, að hann fái að koma fyrir dómara til frekari skýrslugjafar, sem ég tel reyndar nauðsynlegt.

## V.

Við upphaf rannsóknar á hvarfi hr. Geirfinns Einarssonar, hafði með þá rannsókn að gera Haukur Guðmundsson, rannsóknarlöggreglumaður. Hann virðist nú orðinn uppvís að ólögmætum vinnuaðferðum við meðferð sakamála sbr. dóm í svonefndu "handtökumáli". Þykir mér því brýn nauðsyn vera fyrir því, að kannaðar verði nánar starfsaðferðir hans í þessu máli m.a. vegna hversu einkennilega var staðið að rannsókn "Geirfinnsmálsins" í upphafi og í ljósi þeirra staðreynda er fyrir liggja í svonefndu "handtökumáli". Þykir mér liggja beinast við að þessi rannsókn fari fram nú, enda ekki seinna vænna. Varðandi upphaf svonefndrar rannsóknar í "Geirfinnsmálinu" mætti nefna af því sem þarf að kanna, hvernig stóð á því að sú rannsókn vakti upp grunsemdir um Sigurbjörn Eiríksson og félaga, yfirlýsingar Hauks Guðmundssonar í fjölmöldum m.a. þar sem hann skýrir svo frá, að hann hafi ekki fyrir hvarf Geirfinns Einarssonar komið á heimili hans en síðar fullyrðir hann um aðstæður á heimilinu fyrir hvarfið í blaðavíðtali, hvernig var staðið að gerð styttu af svonefndum "Leirfinni", hvernig standur á því að ávísanir útg. af Geirfinni Einarssyni varðandi greiðslur í svonefndu "Spíramáli" liggja ekki fyrir. Fleira í þessu sambandi mætti nefna.

## VI.

I skjölum hæstaréttarmálsins nr. 214/1978 liggja m.a. ekki fyrir lögregluskrýrslur varðandi m.a. yfirheyrlur yfir skjólst. mínum og tilheyrandi niðurstöðu af svonefndum lygamæli, en þessi könnun fór fram undir rannsókn málsins. Sömuleiðis mun Erla Bolladóttir hafa undirgengist svipaðar yfirheyrlur hjá geðlækni að viðstöddum réttargæslumanni sínum. Þessi gögn er ekki að finna í skjölum málsins.

Að lokum legg ég ríka áherslu á að rannsókn þessi verði sem ítarlegust og henni verði hraðað eftir föngum.

Afrit: Hr. ríkissaksóknari,  
Þórður Björnsson.

Virðingarfyllst,

Jón Oddsson, nr. -

RANNSÓKNARLÖGREGLA RÍKISINS	SKÝRSLA	RLR nr. 2875/79	Skjal nr.	Bla. nr.
		RKS nr. 24	1	
Stóður og stund: Reykjavík 21.9.1979, kl. 10:45		Nr. .... lagt fram í sekadómi		
Gerð at: Guðmundi Guðjónssyni, rannsóknarlöggreglum.			188	

Þá myrtir til yfirheyrslu í Hægningarhúsinu  
við Skólavörðustíg Guðrún Óskarsdóttir,

þótt hún voru langavörður, til heimilis að Langholtsvegi 49,  
og hún hlaut Rv<sup>12</sup>, f. 17.4.1928 í Barðastrandasýslu,  
voru 108-110 m. n.m. na nn. 3289-2493.

Mættu er kunnert tilefni yfirheyrlunnar,  
og ófyrirvara að hún er, að Jón Oddsson hrl. hefur látið að  
því liggja í bréfi til RLR (skjal 23/1)  
að hún kunni frá einhverju að segja varðandi  
harðraði sem Sævar Ciesielski segist ha. a  
verið heittur í Fængelsinu síðumúla.

Viðstaddir yfirheyrluna eru Pétur Guðgeirsson  
fulltrói ríkissaksóknara, Jón Oddsson hrl.  
og að hálfu RLR Þórir Oddsson skipaðum  
rannsóknarlöggreglustjóri og Guðmundur Guðjónsson  
rannsóknarlöggreglumaður.

Mættu er brýnd á vitnaskyldunni.

Það eina sem ég tel mig geta borið um er að í tvö skipti  
heyrði ég, þegar verið var að yfirheyra Sævar Ciesielski, einhverja  
"pústra". Ekki get ég sagt til um hvenær þetta var eða hverjir  
það voru sem voru að yfirheyra Sævar Ciesielski. Þegar þetta  
var það voru einhverjur - að ég tel rannsóknarlöggreglumenn -  
að yfirheyra Sævar í yfirheyrsluherberginu (hornherberginu).

G.O.

Framh.

Mér virtust þessir "pústrarar" vera þannig að verið væri að slá einhvern - heyrði ég eins og hálfgerðar stympingar og eins og að einhver kveinkaði sér. Það var ekki hljóðað og ekki stunið. Þessi lýsing gildir um bæði tilvikan.

Fegar þetta var þá var ég í báðum skiptunum í forstofunni og við hliðina á yfirheyrsluherberginu en dyrnar að því voru lokaðar.

Viðbrögð míni við þessu voru þau að mér líkaði þetta ekki og talaði ég um þetta við Jónu Sigurjónsdóttur, samstarfskonu mína.

Skömmu eftir að þessi tilvik skeðu þá kom Gunnar Guðmundsson, forstöðumaður Fangelsisins Síðumúla, til míni og sagði að komin væri upp sú staða að æskilegt væri að við konurnar í fangelsinu þ.e. ég og Jóna Sigurjónsdóttir, færum að starfa í Hagingarhúsinu. Bað hann okkur um að fara þangað til starfa og gérðum við það. Um það leyti sem við vorum fluttar til í starfi þá var verið að koma með þá Sigurbjörn og Magnús í fangelsið, sennilega aðeins síðar. Ég fékk enga frekari skýringu hvaða staða það væri sem var þess valdandi að við Jóna vorum færðar til, en ég taldi án þess að hafa neitt fyrir mér í því, að það væri vegna kunningskapar míns við þá Sigurbjörn og Magnús, en ég hafði um árabil starfað hjá þeim þ.e. fyrst í Glaumbæ og síðan í Klúbbnum.

Aðspurð um hvenær sólahringsins þessi umrædd tvö tilvik hafi skeð þá var/allavega í öðrutilvikanu, xxx skömmu eftir hádegið, en get ekki sagt til um hitt tilvikið.

190

Mánuðaginn 24.3.1975 kl. 17:25

Aðspurð þá man ég ekki hvort þessi tilvik hafi komið til tals milli míni og Jóns Bjarmans fangaprests.

Að gefnu tileini upplýsir Jón Oddsson hrí að hann hafi sent vitninu, Guðrúnu Óskarsdóttur, hréf með fyrirspurn um það hvort það geti borið eitthvað um meðferðina á sævari Ciesiolski í Síðumúlaþangelsinu.

Vitnið upplýsir að það hafi ekki svanað bréfi þessu skriflega heldur haft símsamband við Jón Oddsson hrí og tjáð honum að það hefði frá engu nō segja sem það gæti sannan. Vitnið kveðst reiðuhvíð rð leggja fram brépetta eð þessu óskan.

Jón Oddsson hrí kveðst vilja komið að í málinu að hann kannist við að símtal þetta hafi átt sér stað.

Varðandi aðhunað Sævars Ciesiolski í Síðumúlaþangelsinu þá tel ég það hafi verið með svipuðum hætti og annarra fanga, og tel ég sávir ekki hafa verið orfiðari holdum en aðrir fanger.

Yfirhövurslu lokið kl. 11:35

Upplæsið staðsett,

*Guðrún Óskarsdóttir*  
Guðrún Óskarsdóttir

*Hólmir Oddsson*  
Hólmir Oddsson

*Petur Guðgeirsson*  
Petur Guðgeirsson

*Jón Oddsson*  
Jón Oddsson

*Guðmundur Guðjónsson*  
Rannsóknarlöggreglumaður

Mánudaginn 24.9.1979, kl. 17:25 mætir til yfirheyrslu í Hegningarhúsinu v/Skóla-vörðustíg, Guðrún Jóna Sigurjónsdóttir, fangavörður, til heimilis að Alfhólsvegi 92, Kópavogi, f. 2.3.1938 í Arnessýslu, nafnn. 3299-5888.

Mætu er kunnert tilefni yfirheyrlunnar, sem er, að Jón Oddsson hrl hefur látið að því liggja í bréfi til RLR (skjal 23/l) að hún kunni frá einhverju að segja varandi harðræði sem Sævar Marinó Ciesielski segist hafa verið belittur í Fangelsinu síðumíla.

Viðstaddir yfirheyrslunar eru Pétur Guðgeirsson fulltrúi ríkissaksónara, Jon Oddsson hrl og af hálfu RLR Þórir Oddsson skipaður rannsóknarlöggreglustjóri og Guðmundur Guðjónsson rannsóknarlöggreglumaður.

Mætta er yfirheyrð sem vitni, kunngrövitnaskyldan og áminnt um sannsögli.

Eg var að störfum í Fangelsinu Síðumúla þegar komið var með Sævar Marinó Ciesielski þangað síðari hluta árs 1975 og þar til 26. janúar 1976, er ég var færð til í starfi og hóf störf í Hegningarhúsinu. Það var að fyrirlagi Gunnars Guðmundssonar, forstöðumanns, sem ég var látin hefja störf í Hegningarhúsinu ásamt Guðrúnu Óskarsdóttur.

Pannig var að það komu kvartanir frá aðstandendum kvenfanga sem var í Síðumúlafangelsinu, að mér var sagt, vegna hávaða í fangelsinu, og var þessi fangi færður í Hegningarhúsið sama dag og ég hóf þar störf. Hávaði þessi sta-faði af skellum í rímlahurðum sem voru við fangagangana svo og öðrum hurðum sem voru að varðstofunum. Ég var ávallt á dagvakt frá kl. 08:00 til 20:00 nema að ég var eina

naturvakt.

Eg er spurð hvernig ástandið hafi verið þessa nöttr varðandi t.d. hurðirnar.

Með mér á vaktinni var Skúli Steinsson og að mig minnir Erlingur Guðmundsson, en ekki man ég hvor þeirra stjórnaði vaktinni. Þegar við mættum þarna á vaktina þá var Gunnar Guðmundsson, sem var að ljúka vakt, að ræða við Örn Höskuldsson í síma, að ég heyrði. Eg get ekki sagt til um hvað þeim fór á milli. Eftir þetta símtal tjáði Gunnar Guðmundsson þeim Skúla og Erlingi, að það ætti að halda þeim Sævari Marinó Ciesielski og Tryggva Rúnari Leifssyni vak-andi um nöttina og var það gert. Skúli og Erlingur fóru í mörg skipti um nöttina inn í klefa til þeirra Sævars og Tryggva Rúnars, að ástæðulausu þ.e. án beiðni Sævars og Tryggva og eingöngu í þeim tilgangi að vekja þá. Eg fór í öllum tilvikum á eftir þeim Skúla og Erlingi, að ég tel, þegar þeir fóru inn í klefann til að vekja Tryggva Rúnar. Eg held ekki að ég hafi alltaf fylgt þeim eftir inn í klefa Sævars.

Þeir Skúli og Erlingur voru í öllum þeim tilvikum sem þeir fóru inn í klefa til Tryggva Rúnars, að bera upp á Tryggva að hann væri að kalla upp úr svefni nafn stúlku. Þetta var þó ekki rétt hjá þeim, því Tryggvi hafði ekki verið að kalla upp úr svefni, heldur lugu þeir þessu að honum og virtist Tryggvi trúa þessu. Tryggvi virtist undrandi yfir þessu - sagði eitthvað á þessa leið; hvað var ég að kalla upp úr svefninum.

Skúli hafði haft á því orð um kvöldið að Tryggvi Rúnar hefði einu sinni verið í vinnu hjá sér og tryði því öllu sem Skúli segði við hann. Þó man ég núna að ég komst ekki að því fyrr en síðar að Tryggvi hefði verið vinnumaður hjá Skúla. Hinsvegar sagði Skúli þarna um kvöldið að Tryggvi myndi trúa öllu sem hann segði.

Undir morgun talaði Skúli um það við Tryggva Rúnar að heppilegast myndi vera að líma heftiplástur fyrir muninn á Tryggva svo að köllin heyrðust ekki í honum.

Framh.

J.S.

Með samþykki Tryggva Rúnars límdu þeir Skúli og Erlingur grisju fyrir munninn á Tryggva. Notuðu þeir heftiplástur til að festa grisjunni. Þegar Gunnar Guðmundsson kom á vaktina kl. 08:00 sögðu þeir Skúli og Erlingur honum frá þessu með plástrunina.

Mér skildist á þeim Skúla og Erlingi að fyrrgreint stúlkunafn sem Tryggvi "átti að hafa verið að kalla upp úr svefni" hafi eitthvað verið í sambandi við stúlku sem fannst látin í Vík í Mýrdal.

Það sem snéri að Sævari þessa nótt var, að Skúli gerði sér það að leik að hlaupa með stól framan á sér á vegginn sem var á milli varðstofunnar og klefans (nr. 22) sem Sævar var í. Af þessu kom mikill hávaði. Þeir Skúli og Erlingur fóru inn í klefann til Sævars og Skúli "tuskaði" Sævar til þannig að hann hafði endaskipti á honum, hrísti Sævar til og varnaði honum að hafa ábreiðu (prjónahúfu) yfir ljósakúflinum í loftinu, en slökkvarinn hafði þá löngu áður verið gerður óvirkur þannig að ávallt logaði ljós í klefanum. Eg tek fram að þetta voru ekki neinar bar-smíðar heldur "tusk". Það var fangavörður starfandi barna að nafni Guðjón, sem er rafvirkri að mennt, er aftengdi slökkvarann í klefa Sævars. Eg veit ekki að hvers fyrirlagi Guðjón aftengdi slökkvarann.

Mér finnst að það hafi "andað köldu í garð Sævars" umfram aðra sem barna voru. Sem dæmi má nefna að einu sinni heyrði ég að Högni Einarsson fangavörður sagði við Sævar að hann mætti ekki fara á klósettið nema nakinn. Hinsvegar fór Sævar ekki á klósettið í þetta sinn. Högni Einarsson kom síðan fram til Gunnars Guðmundssonar og sagði honum frá þessu og fékk það góðar undirtektir hjá Gunnari. Skildist mér að þessi ráðstöfun væri tilkomin vegna þess að verið væri að fyrirbyggja að Sævar kæmi af sér bréfi á klósettið þ.e. að hann gæti ekki staðið í bréfaskriftum við aðra fanga, með því að skilja bréf barna eftir.

194

Eg er spurð hvort ég viti til þess að fangaverðir væru að yfirheyra sakborningana í Guðmundar og Geirfinnsmálum. Eg veit til þess að ákveðnir fangaverðir voru að yfirheyra framangreinda gæslufanga. Eru þar um að ræða Skúla Steinsson, Högsna Einarsson og Örn Árman Sigurðsson. Eg held að yfirheyrlur fangavarðanna hafi aðallega beinst að Sævari Ciesielski og hefur það verið að undirlagi, Arnar Höskuldssonar, Eggerts Bjarnasonar og Sigurbjörns Viðirs, eða allavega með vitund þeirra. Eins var Gunnar Guðmundsson, forstöðumaður að yfirheyra. Eg var ekki sjálf vitni að þessum yfirheyrlum en byggi þettað á tali samstarfsmanna minna.

Yfirheyrslu lokið kl. 19:45

Upplesið staðfest,

*P. Guðmundsson, Jón Oddsson, Petur Guðgeirsson, Guðrún Jóna Sigurjónsdóttir.*

*P. Guðmundsson*  
Petr Oddsson  
*P. Guðgeirsson*  
Petur Guðgeirsson  
*Jón Oddsson*  
Jón Oddsson

Guðmundur Þórður Guðjónsson  
Guðmundur Þórður Guðjónsson  
Örn Árman Sigurðsson  
Guðrún Jóna Sigurjónsdóttir

*Guðmundur Guðjónsson*  
Ranansóknarlöggreglumaður

195

Mánudaginn 24. september 1979 var dagbók  
Síðumúlafangelsisins könnuð með tilliti  
til þess hverjir hefðu gengið þar vaktir  
frá 1. jan. 1976 - 26. jan. 1976.

Kom þá eftirfarandi í ljós:

Gunnar Guðmundsson

Gunnar Marinósson

Erlingur Þór Guðmundsson

Jón Sveinsson, Guðni Einarsson

Skúli Steinsson

Jón Baldvin Sveinsson

Guðrún Óskarsdóttir

Guðrún Jóna Sigurjónsdóttir

Guðmundur Rúnar Guðbjörnsson

Órn Armann Sigurðsson

Guðjón Lúther

1. jan. 1976

dagv. Gunnar Marinósson, Guðrún Óskarsdóttir, Guðmundur

Jón Sveinsson, Erlingur Guðmundsson.

næturv. Guðmundur, Guðjón L., Skúli Steinsson.

2. jan. 1976

N3 dagv. Gunnar Marinósson, Jóna, Högni, Guðmundur

næturv. Órn, Skúli, Högni.

3. jan. 1976

dags. Gunnar Marinósson, Jóna, Erlingur, Guðmundur.

næturv. Órn, Guðjón, Högni.

196

4. jan. 1976

dagv. Gunnar Guðmundsson, Jóna, Erlingur, Jón Sveinss.  
 næturv. Högni, Örn, Guðrún

5. jan. 1976

dagv. Erlingur, Jóna, Gunnar Guðmundsson,  
 Gunnar Marinósson.  
 næturv. Örn, Högni, Guðmundur.

6. jan. 1976.

dagv. Gunnar Guðmundsson, Skúli, Guðrún, Erlingur.  
 næturv. Jón Sveinsson, Guðjón, [REDACTED]

7. jan. 1976.

dagv. Skúli, Guðrún Ósk., Gunnar Guðmundsson,  
 Örn Armann.  
 næturv. Jón, Guðjón, Högni.

8. jan. 1976

dagv. Gunnar Marinósson, Guðrún Ósk., Guðmundur,  
 Gunnar Guðmundsson.  
 næturv. Jón, Guðjón, Örn.

9. jan. 1976

dagv. Gunnar Marinósson, Guðrún Ósk., Guðmundur  
 Högni.  
 næturv. Jón, Guðjón, Erlingur.

10. jan. 1976

dagv. Gunnar Marinósson, Jóna, Högni, Guðmundur.  
 næturv. Örn, Erlingur, Guðjón.

11. jan. 1976

dagv. Gunnar Marinósson, Jóna, Guðmundur, Högni.  
 næturv. Erlingur, Örn, Guðrún.

Framh.

197

12. jan. 1976

dagv. Högni, Jóna, Gunnar Guðmundsson,  
Gunnar Marinósson.

næturv. Erlingur, Örn, Jón.

13. jan. 1976

dagv. Högni, Jóna, Gunnar Guðmundsson, Guðjón.  
næturv. Örn, Erlingur, Guðmundur.

14. jan. 1976

dagv. Gunnar Guðmundsson, Guðjón, Högni, Guðmundur.  
næturv. Skúli, Jón, Erlingur.

15. jan. 1976

dagv. Gunnar Guðmundsson, Guðrún Ósk., Guðjón,  
Guðmundur.  
næturv. Skúli, Jón, [REDACTED]

16. jan. 1976

dagv. Gunnar Marinósson, Guðrún Ósk., Guðmundur  
Erlingur.  
næturv. Skúli, Jón, Örn.

17. jan. 1976

dagv. Gunnar Marinósson, Guðrún, Guðmundur.  
næturv. Skúli, Jón, Högni.

18. jan. 1976

dagv. Gunnar Marinósson, Jóna, Örn, Guðmundur.  
næturv. Erlingur, Högni, Guðjón.

19. jan. 1976

dagv. Gunnar Marinósson, Jóna, Guðmundur, Örn.  
næturv. Erlingur, Högni, Guðrún.

Framh.

20. jan. 1976

dagv. Gunnar Guðmundsson, Jóna, Örn, Gunnar Marinósson.  
 næturv. Erlingur, Högni, Guðmundur.

21. jan. 1976

dagv. Gunnar Guðmundsson, Örn, Jóna, Jón Sveinsson.  
 næturv. Högni, Erlingur, Skúli.

22. jan. 1976

dagv. Jón Sveinsson, Gunnar Guðmundsson, Guðrún Ósk.,  
 Örn.  
 næturv. Skúli, Guðjón, Högni.

23. jan. 1976

dagv. Gunnar Guðmundsson, Jón Sveinsson, Guðrún Ósk.,  
 Erlingur.  
 næturv. Skúli, Guðjón, [REDACTED]

24. jan. 1976

dagv. Gunnar Marinósson, Guðmundur, Guðrún Ósk.,  
 Jón.  
 næturv. Skúli, Guðjón, Högni.

25. jan. 1976

dagv. Gunnar Marinósson, Guðrún Ósk., Jón.  
 næturv. Skúli, Guðjón, Örn.

Til frekari staðfestingar dagbók fangelsisins  
 var leitað heimildar Jóns Thórs, deildarstjóra í  
 dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, til könnunar á  
 yfirvinnubók fangavarða í Síðumúlafangelsinu svo og  
 vinnuskrám fyrir greint tímabil. Var leyfið fúslega veitt  
 og afhenti Gunnar Marinósson, varðstjóri og Erlingur Þór  
 Guðmundsson fangavörður umrædd gögn þann 25. september 1979.

Framh.

199

Einkum voru kannaðar færslur dag. 6, 7, 15, 16, 23 og 24 jan. 1976.

Í ljós kom að fullt samræmi var á milli þessara gagna.

Í skýrslu sem Guðrún Jóna Sigurjónsdóttir gaf þann 24. september 1979, nefndi hún 3 atriði sem augljósslega mætti leita staðfestingar á, en atriðin eru þessi:

- 1) Fjöldi næturvakta, sem hún gekk.
- 2) Fangaverðir, sem gengu vaktir með henni.
- 3) Atriði er á að varða Gunnar Guðmundsson og getið er um í skýrslunni í efstu mgr. á skjali 24, bls.6.

Um 1) Í skýrslu sinni kveðst Jóna Sigurjónsdóttir ávallt hafa verið á dagvakt frá kl. 08:00 til 20:00 utan einu sinni er hún var á næturvakt.

Samkv. könnun á dagbók, vinnuskrám og yfirvinnubók er hún hinsvegar á næturvakt dag. 6, 15 og 23. jan. 1976.

Um 2) Á skjali 24, bls.5 kveður Jóna Sigurjónsdóttir Skúla Steinsson hafa verið með sér á næturvakt og Erling Guðmundsson að hana minnir.

Samkv. dagbók, vinnuskrám og yfirvinnubók kemur hinsvegar í ljós, að Erlingur Guðmundsson er ekki með henni á næturvakt dag. 6, 15 eða 23. jan."76.

Um 3) Í skýrslu sinni á skjali 24 bls. 6 (efsta mgr.) getur Jóna Sigurjónsdóttir um það að Gunnar Guðmundsson hafi komið á vaktina kl. 08:00 þ.e. eftir margnefnda næturvakt hennar.

Samkv. dagbók, vinnuskrám og yfirvinnubók sést að Gunnar Guðmundsson kemur á dagvakt þann 7. jan. 1976, en hvorki þann 16 eða 24. jan. "76 svo sem ætla mætti samkv. framburði hennar og reyndar kemur Gunnar Guðmundsson ekkert í Framh.

200

Fimmtudaginn 27.9.1979, kl. 13.45 fáði  
til yfirlitahóla á skrifstóra RLR Guðrún

Síðumúlafangelsið þá daga samkv. dagbók. FangaVörður, 101  
Hlíðarhlíð, Almólvægi 92, Kópavogi,

Loks má geta þess að samkv. dagbók er Jóna Sigurjónsdóttir  
flutt til starfa í Hegningaráhúsið í Reykjavík þann  
26. jan. 1976.

Óg það ófær um óspurðum tiltefni yfirreyrslumálar  
sem er, að hafi er spurð til í sínumok  
áhrifum sem frum komi skýrslu kennar.

Irrata ek fálfundin um ófær.

Þórir Oddsson

skipaður rannsóknarlögreglustjóri.

Guðmundur Guðjónsson  
rannsóknarlöggreglumaður

Óg er óspurð hvort óg geti sámarkið hafað ós með að  
meðanda naturvækt sem óg get ur i fyrra skýrtu minni.  
Óg held að naturvækt þessi hafi verið ur mi. 1976.  
Held óg að hefði hafi verið rétt ós en ós hót starfi  
Hegningaráhúsa, en eð báru reytill vísun óg til dagbókar.  
Máu er henni að ós i fyrra skýrtu minni nái ós óg að ós  
hafi óvalt gangið dagbók til ós. Ós eru til ós ós  
után sínu minni að óg var i naturvækt. Hér er henni a  
þó samkv. dagbók síðumúlafangelsisins, viðnækkjan og  
skýrvinnumálar, þá að óg á naturvöknum sín að sianus  
p.o. 6, 15, og 23. jan. 1976.

Óg máu alloruga að óg óveit naturvöknum sín að ós, ós  
vel að veita að óg hafi ós hafi ós naturvæktir þannig í jan. 1976.  
Óg er óspurð um það hvernig hafi verið með hér a hinna  
naturvæktinum sem óg man nána aðftir. Óg man ekki þessur að  
eð það hafi verið órlíngur.

201

Fimmtudaginn 27.9.1979, kl. 13:40 mætir til yfirheyrslu á skrifstofu RLR Guðrún Jóna Sigurjónsdóttir, fangavörður, til heimilis að Alfhólsvegi 92, Kópavogi, s. 42458, f. 2.3.1938, nafnn. 3299-5888.

Mætta gaf skýrslu í málinu pann 24.p.m. og er henni kunngert tilefni yfirheyrlunnar, sem er, að hún er spurð út í einstök atriði sem fram komu í skýrslu hennar.

Mætta er áminnt um sannsögli.

Viðstaddir yfirheyrluna eru Pétur Guðgeirsson fulltrúi ríkissaksóknara, Jón Oddsson hrl., Þórir Oddsson skipaður rannsóknarlöggreglustjóri og Guðmundur Guðjónsson rannsóknarlöggreglumaður.

Ég er spurð hvort ég geti afmarkað nánar hvenær ég stóð umrædda næturvakt sem ég get um í fyrri skýrslu minni. Ég held að næturvakt þessi hafi verið um 20. jan. 1976. Held ég að þetta hafi verið rétt áður en ég hóf störf í Hegningahúsinu, en að öðru leyti vísa ég til dagbókar.

Mér er bent á að í fyrri skýrslu minni þá ber ég að ég hafi ávallt gengið dagvaktir frá kl. 08:00 til 20:00 utan einu sinni að ég var á næturvakt. Mér er bent á að samkv. dagbók Síðumálfangelsisins, vinnuskrám og yfirvinnubók, þá er ég á næturvöktum alls 3 sinnum p.e. 6, 15, og 23. jan. 1976.

Ég man allavega eftir tveim næturvöktum sem ég stóð, en vel má vera að ég hafi staðið 3 næturvaktir þarna í jan. 1976. Ég er spurð um það hverjir hafi verið með mér á hinni næturvaktinni sem ég man núna eftir. Ég man ekki betur en að það hafi verið Erlingur.

Framh.

202

Mér er bent á að í fyrri skýrslu minni þá ber ég að ég hafi verið á umræddri næturvakt ásamt Skúla Steinssyni og að mig minnir Erlingur Guðmundsson. Mér er bent á að samkv. dagbók fangelsisins, vinnuskrám og yfirvinnubók, þá stóð Erlingur ekki næturvaktir þessa daga sem ég var á næturvakt þ.e. 6, 15 og 23. jan. 1976.

Ég fullyrði að Erlingur Guðmundsson hafi verið á næturvakt ásamt Skúla Steinssyni og mér og þá skeðu þeir atburðir sem ég lýsti í fyrri skýrslu minni. Það sem ég vil um þetta segja <sup>er</sup> að mig furðar á að mig skuli misminna það að Erlingur hafi verið með mér á vaktinni.

Mér er bent á að í fyrri skýrslu minni þá ber ég að þegar ég hafi verið á umræddri næturvakt, þá hafi Gunnar Guðmundsson mætt á ~~dagvakt~~ vaktina kl. 08:00. Mér er einnig bent á að samkv. dagbók fangelsisins og vinnuskrám, þá mæti Gunnar Guðmundsson ekki á dagvaktir dag. 16 eða 24. jan. 1976, en hinsvegar þann 7. jan. 1976.

Ég man ekki betur en að Gunnar Guðmundsson kæmi á morgunvakt eftir þessa umræddu nött. Ég vil bæta því <sup>við</sup> að Gunnar Guðmundsson var meira og minna þarna í fangelsinu þótt svo að hann stæði ekki vaktir.

Þetta er það sem ég man eftir mínu lélega minni.

Síðasta setning er bókuð að kröfu fulltrúa ríkissaksóknara.

Jón Oddsson hrl óskar að bókað verði að hann hafi heyrт vitnið nefna við síðustu yfirheyrslu að það hafi staðið fleiri en eina næturvakt í janúar 1976. Vitnið kannast við að þetta sé rétt.

Mættu er nú kynnt 147 gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940 og greinin lesin í heyranda hljóði.

Nú er gætt ákv. l. mgr. 40.gr. laga um meðferð opinberra mála.



203

Fistudaginn 23.9.1979, kl. 11:40 eru mættu  
ð skrifstofu RLR séð Auðbrekku 61, Kópavogi.  
Sp. Er mættu á einhvern hátt í nöp við Gunnar Guðmundsson,  
Erling Þór Guðmundsson og eða Skúla Steinsson.

Svar: Mér er mjög hlýtt til allra þessara manna.

Rétt þykir að taka fram, að mætta óskaði eftir að fá  
að hafa samband við lögmann, áður en hún svaraði  
ofangreindri spurningu. Var henni tjáð að slikt væri  
henni heimilt en ekki svaraði hún þá spurningunni.

Yfirheyrslu lokið kl. 14:50

Upplesið staðfest,

*Gudrún Jóna Sigurjónsdóttir*  
Guðrún Jóna Sigurjónsdóttir

*Hlinur Ólafsson*

*Þórir Oddsson*

*Pétur Guðgeirsson*

*Jón Oddsson*

*Guðmundur Guðjónsson*

*Rannsóknarlöggreglumaður*

204

Föstudaginn 28.9.1979, kl. 11:48 eru mættir  
á skrifstofu RLR að Auðbrekku 61, Kópavogi,  
Pétur Guðgeirsson fulltrúi ríkissaksóknara,  
Jón Oddsson hrl, Þórir Oddsson skipaður  
rannsóknarlöggreglustjóri og Guðmundur Guðjónsson  
rannsóknarlöggreglumaður.

Fulltrúi ríkissaksóknara óskar eftir að  
taka fram eftirfarandi:

Þar sem framburður Guðrúnar Jónu Sigurjónsdóttur í lögregluskyrslu, dags. 24.p.m., varðandi Tryggva Rúnar Leifsson, ákærðan í Hæstaréttarmálinu 214/1978, virðist óviðkomandi sakarefni þess máls og stendur jafnframt utan við takmörk þessarar rannsóknar, eins og hún er ákveðin með bréfi ríkissaksóknara, dags. 23. f.m., þykir af hálfu ákæruvaldsins ekki vera ástæða til, að rannsókn þessi beinist að því atriði nú.

## Stadtfest rärt

Pétur Guðgeirsson

Björn Oddsson

Jón Oddsson

Guðmundur Guðjónsson

~~nannsóknar lögreglu máur~~

205

Föstudaginn 28.9.1979, kl. 17:27 mætir til yfirheyrsli á skrifstofu RLR Guðjón Lúther, rafvirkni, til heimilis að Holtsbúð 13, Garðabæ, s. 43991, f. 28.4.1947, nafnn. 2924-0833.

Mætta er kunngert tilefni yfirheyrlunnar, sem er, að hann er spurður um það hvort hann geti borið um það hvort ljósarofi í klefa ~~þeim~~ sem er við hlið varðstofu í Síðumúlafangelsinu hafi verið aftengdur, er mætti starfaði þar.

Mætti er yfirheyrður sem vitni, kunngerð vitnaskyldan og áminntur um sannsögli.

Yfirheyrsli laðið til 18:00.

Þannig var að hornkleffinn í Síðumúlafangelsinu sem er við hlið varðstofunnar, var upphaflega notaður sem geymsla. Af þeim sökum voru ýmsar lagfæringar sem voru gerðar á fangaklefunum látnar sitja á hakanum varðandi pennan klefa og man ég m.a. í því sambandi að ljósabúnaðinum var ekki breytt eins og áhinum klefunum, en rofar voru færðir til inn í klefana og sett ljós sem gáfu betri birtu. Þetta hafði ekki verið gert við pennan umrædda klefa og var slökkvarinn utan á þeim klefa og svokallað "dekkljós" í loftinu. Gæti hafa verið um tvö slík ljós að ræða í þessum klefa, en ég man það þó ekki. Ég tel að það hafi verið hafðar 60 watt pera í þessum ljósum, eða í sterkasta lagi 75 watt, en ekki er ráðlegt að hafa sterkari perur vegna hitans.

Ég man eftir að eitthvað var fiktað við rofann á þessum umrædda klefa, en ég man ekki hver gerði það, hver fyrirskipaði það eða hversvegna það hafi verið gert. Mér er nær að halda að að þessu hafi verið breytt p.e. að rofinn var gerður óvirkur til að ávallt logaði ljós í herberginu.



Framh.

206

Ég er spurður hvort rofanum hafi verið breytt meðan klefinn var notaður sem geymsla eða eftir að farið var að nota hann til geymslu á föngum.

Þar sem ég man ekki tímann sem þessu var breytt á þá tel ég líklegast að þessu hafi verið breytt eftir að farið var að nota klefann sem fangageymslu.

Mér er bent á framburð Jónu Sigurjónsdóttur á skjali 24/6 varðandi petta atriði.

Ég man að ég átti eitthvað við pennan rofa (slökkvara) en get ekki fullyrt hvort ég hafi aftengt hann eða verið að koma honum í samt lag aftur. Mér er þó nær að halda að ég hafi ekki aftengt hann upphaflega.

Yfirheyrslu lokið kl. 18:00

Upplesið staðfest,  
Guðjón Lúther

*Bórir Oddsson*

Bórir Oddsson  
skipaður rannsóknarlöggreglustjóri

Guðmundur Guðjónsson  
rannsóknarlöggreglumaður

Upplesið staðfest,  
Gunnar Guðmundsson  
Gunnar Guðmundsson

207

Laugardaginn 29.9.1979, kl. 16:35 mætir til yfirheyrslu á skrifstofu RLR Gunnar Guðmundsson forstöðumaður Fangelsisins Síðumúla 28, Rvík, til heimilis að Sunnuvegi 11, Hafnarfirði, s. 50052, f. 13.7.1918, nafn. 3354-5770.

Mætta er kunngert tilefni yfirheyrlunnar, sem er, að hann er yfirheyrður með hliðsjón af framburði Jónu Sigurjónsdóttur á skjali 24/4.

Gætt er ákv. 1. málsgr. 40. gr. laga um meðferð opinberra mála. Aminntur um sannsögli.

Viðstaddir yfirheyrluna eru Pétur Guðgeirsson fulltrúi ríkissaksóknara, Jón Oddsson hrl, Þórir Oddsson skipaður rannsóknarlögreglustjóri og Guðmundur Guðjónsson rannsóknarlögreglumaður.

Ég er spurður um það hvort ég hafi einhvern tímann gefið fyrirmáli um að halda fanga vakandi, þ.e. Sævari Marinó Ciesielski.


Nei, það hef ég aldrei gert.

Ég er spurður hvort ég viti til þess að slík fyrirmáli hafi verið gefin gagnvart Sævari eða öðrum föngum.


Ekki með minni vitund.

Yfirheyrslu lokið kl. 16:45

Upplesið staðfest,



Gunnar Guðmundsson



Jón Oddsson

Pétur Guðgeirsson

Jón Oddsson



Guðmundur Guðjónsson  
Rannsóknarlögreglumaður

208

Sunnuðaginn 30.9.1979 kl. 10:50 mætir til skýrslugjafar á skrifstofu RLR  
Guðjón Ágúst Lúther, rafvirkni, til heimilis að Holtsbúð 13, Garðabæ, s. 43391, f. 28.4.1947, nnr. 2924 - 0833

Viðstaddir skýrslugjöfina eru Pétur Guðgeirsson, fulltrúi ríkissaksóknara, Jón Oddsson, hrl., Þórir Oddsson, skipaður rannsóknarlögrelustjóri og Guðmundur Guðjónsson, rannsóknarlögreglumaður.

Mættur er yfirheyrður sem vitni. Honum er kunn vitnaskylda og er hann áminntur um sannsögli.

I gærdag hafði vitnið samband við Þóri Oddsson, skipaðan rannsóknarlögrelustjóra og skýrði frá því, að það hefði haft tal af Guðrúnu Jónu Sigurjónsdóttur, fangaverði, varðandi það atriði í framburði hennar, að vitnið hafi aftengt slökkvara í klefa Sævars Marinós.




Vitnið er beðið að skýra frá samtali þessu.


Það var um kl. 14:00 í gærdag sem ég hafði símasamband við Guðrúnu Jónu Sigurjónsdóttur fangavörð, en tilefnið var að fram kom við yfirheyrslu yfir mér hér hjá RLR þann 28.p.m. að hún ber að ég hafi aftengt slökkvarann á klefa nr. 22 í Síðumúlafangelsinu.

Aðal tilefnið var að fá það uppgefið hjá Guðrúnu Jónu hvort hún hafi séð mig aftengja slökkvarann, ef það hefði getað orðið til þess að ég myndi þá mun frekar eftir þessu, þar sem ég minnist þess ekki að hafa gert petta.

Niðurstaða þess samtals milli míns og Guðrúnar Jónu var það að hún sagðist ekki hafa séð mig gera petta, heldur hafa heyrт um það hjá öðrum sem hún gat þó ekki tilgreint hver er.

Yfirheyrslu lokið kl. 11:00

  
 Þórir Oddsson  
  
 Pétur Guðgeirsson  
  
 Jón Oddsson

  
 Guðjón Lúther  
 Upplesið staðfest,

  
 Guðmundur Guðjónsson  
 Rannsóknarlögreglumaður

209

Sunnudaginn 30.9.1979, kl. 15:20 mætir til yfirheyrlu á skrifstofu RLR Skáli Ægir Steinsson, forstöðumaður, til heimilis að Hraunbæ 24, Rvík, s. 82207, f. 7.12.1941, nafnn. 8183-7910.

Mætta er kunngert tilefni yfirheyrlunnar, sem eru atriði er fram hafa komið í skýrslu Jónu Sigurjónsdóttur og varða mætta og um getur á skjali 24/6.

Gætt er ákv. 1. málsgr. 40. gr. laga um meðferð opinberra mála. Aminntur um sannsögli.

Viðstaddir yfirheyrluna eru Pétur Guðgeirsson fulltrúi ríkissaksóknara, Jón Oddsson hrl, Pórir Oddsson skipaður rannsóknarlögglustjóri og Guðmundur Guðjónsson rannsóknarlögglumaður.

Ég er spurður um það hvort ég muni eftir að hafa verið á næturvakt í Síðumúlafangelsinu í janúar 1976 ásamt Guðrún Jónu Sigurjónsdóttur.

Ég man ekki eftir því.

Fyrir mér er lesið úr skýrslu Guðrúnar Jónu Sigurjónsdóttur á skjali 24/6 3 mgr. og jafnframt er mér kynnt að hún beri að Gunnar Guðmundsson hafi gefið fyrir mæli um að Sævari Marinó skyldi vera haldið vakandi um nóttina.

Varðandi þau fyrirmæli sem Gunnar Guðmundsson hafi átt að hafa gefið varðandi þetta atriði, þá er það hrein fjarstæða og veit ég ekki til þess að Gunnar hafi gefið slík fyrirmæli hvorki varðandi Sævar eða aðra fanga. Hinsvegar marg ítrekaði Gunnar Guðmundsson við okkur að við skyldum halda okkur sjálfum vakandi sérstaklega á næturvöktunum.

Varðandi það að ég hafi hlaupið með stóli framan á mér á vegginn sem er á milli varöstofu og klefa 22, þá vil ég

Framh.

210

Júnuðaginn 20.9.1979, kl. 17:35

lýsa þessu sem rugli.

Varðandi það að ég hafi "tuskað" Sævar til þarna á næturvakt, þá er það fjarstæða. Hinsvegar má það vel vera að ég hafi tekið ábreiðu af ljósakúflinum í klefanum, þar sem ég hef það fyrir síð að taka ábreiður af ljósunum þegar fangar byrgja þau. Ástæðan er sú að ég vil getað séð þegar komið er inn í klefana hvar viðkomandi fangi er.

Ég er spurður hvort ég geti tjáð mig um það hvort slökkvarinn í klefa Sævars (22) hafi verið óvirkur pannig að ávallt logaði ljós í klefanum. Ég man það ekki.

Aðspurður um það hvort skipun hafi verið gefin um að láta ávallt loga ljós í klefa Sævars, þá man ég ekki eftir að hafa fengið slika skipun.

Yfirheyrsla lokið kl. 15:50

Upplesið staðfest,

*Skuli Steinsson*  
Skuli Steinsson

*Páll Oddsson*  
Páll Oddsson

*Pétur Guðgeirsson*

*Jón Oddsson*

*Gudmundur Guðjónsson*  
Rannsóknarlögreglumaður

211

Sunnudaginn 30.9.1979, kl. 17:35 mætir til yfirheyrslu á skrifstofu RLR Guðrún Jóna Sigurjónsdóttir, fangavörður, til heimilis að Alfhólsvegi 92, Kópavogi, s. 42458, f. 2.3.1938, nafnn. 3299-5888.

Mættu er kunngert tilefni yfirheyrlunnar, sem er framburður Guðjóns Lúthers fyrr í dag.

Gætt er ákv. 1. málsgr. 40. gr. laga um meðferð opinberra mála. Áminnt um sannsögli.

Viðstaddir yfirheyrluna eru Pétur Guðgeirsson fulltrúi ríkissaksóknara Jón Oddsson hrl, Þórir Oddsson skipaður rannsóknarlöggreglustjóri og Guðmundur Guðjónsson rannsóknarlöggreglumaður.

Athygli mættu er vakinn á eftirfarandi:

Aður en skýrslutaka hófst af mættu þ. 24.p.m. var lagt ríkt á við hana að skýra eingöngu frá atburðum, sem hún gæti borið um af eigin raun.

Við þá skýrslugjöf hafi mætta skýrt frá því, að Guðjón Lúther hafi aftengt slökkvarann í klefa Sævars.

Guðjón Lúther hefur gefið skýrslu um þetta atriði.

I dag hefi Guðjón Lúther skýrt frá samtali sem hann hefði átt við mættu í gær þ. 29.9.1979, þar sem fram kemur að mætta beri ekki um þetta atriði af eigin raun.

Hvað vill mætta segja um þetta?

Það er rétt að Guðjón Lúther hringdi í mig í gær og spurði mig um þetta.

Framh.

212

Ég sá Guðjón Lúther ekki sjálf vinna þetta verk við slökkvarann, en mér var sagt það inn á vaktinni, en án þess að ég geti tilgreint hvenær það var, eða hver það var, sem sagði mér að Guðjón hefði breytt slökkvaranum.

Ég man eftir því að ég hafi sjálf prófað að slökkva ljósið í klefa 22, sem Sævar Marinó dvaldi þá í, og var þá ekki hægt að slökkva ljósið með rofanum. Minnir mig að við sama tækifæri hafi Sævar fengið að ganga úr skugga um að eigi var hægt að slökkva með rofanum. Sævar hafði þá beðið um að ljósin væru slökkt.

Ég er spurð hver hafi verið með mér á vaktinni þegar ég uppgötvaði það að rofinn virkaði ekki.

Mig minnir að það hafi verið Guðjón Lúther.

Yfirheyrslu lokið kl. 17:50

Upplesið staðfest,  
*Guðrún Jóna Sigurjónsdóttir*  
 Guðrún Jóna Sigurjónsdóttir

*Bóir Oddsson*  
 Þórir Oddsson  
*Pétur Guðgeins*  
Guðmundur Guðjónsson  
*Jón Oddsson*  
 Jón Oddsson

~~Guðmundur Guðjónsson~~  
 rannsóknarlöggreglumaður

213

Miðvikudaginn 3.10.1979. kl. 16:17 mætir til yfirheyrslu á skrifstofu RLR Örn Höskuldsson, hál, til heimilis að Arnarhrauni 27, Mosfellssveit, f. 29.7.1942 nafn. 9916-0187.

Mætta er kunngert tilefni yfirheyrlunnar, sem er framburður Jónu Sigurjónsdóttur á skjali 24/5.

Mætta er kunn réttarstaða vitna og sakborninga fyrir rannsóknarlöggreglu og dómi.

Aminntur um sannsögli

Viðstaddir yfirheyrluna eru Pétur Guðgeirsson fulltrúi ríkissaksóknara, Jón Oddsson hrl, Þórir Oddsson skipaður rannsóknarlögglustjóri og Guðmundur Guðjónsson rannsóknarlöggreglumaður

Eg er spurður að því hvort ég hafi í janúar 1976 átt símtal við Gunnar Guðmundsson, forstöðumann Síðumúlfangelsisins, og rætt um það við hann að Sævari Ciesielski skyldi vera haldið vakandi um nótt.

Eg hef átt símtöl við Gunnar Guðmundsson og vafalaust í janúar 1976, en það er fáránlegt að um nokkuð slikt hafi verið rætt, eins og gefið er í skyn hér að ofan.

Yfirheyrslu lokið kl 16:25

Upplesið staðfest,

Örn Höskuldsson

Pétur Guðgeirsson

Jón Oddsson

Guðmundur Guðjónsson  
Rannsóknarlöggreglumaður

214

Fimmtudaginn 4.10.1979, kl. 15:50 mætir til yfirheyrslu í Síðumúlafangelsinu Erlingur Guðmundsson, fangavörður, til heimilis að Bjargartanga 20, Mosfellssveit, f. 1.12.1947, nafnn. 2200-9338.

Mætta er kunngert tilefni yfirheyrslunnar sem er framburður Jónu Sigurjónsdóttur á skjali 24/5,6.

Mætti er yfirheyrður sem vitni, kunn vitnaskyldan og áminntur um sannsögli.

Viðstaddir yfirheyrluna eru Pétur Guðgeirsson fulltrúi ríkissaksóknara, Jón Oddsson hrl, Þórir Oddsson skipaður rannsóknarlögreglustj. og Guðmundur Gujónsson rannsóknarlögþeglum.

Mér er kynntur framburður Jónu Sigurjónsdóttur á skjali 24/5,6en jafnframt er mér bent á að samkv. dagbók Síðumúlafangelsisins, vinnuskrám og yfirvinnubók, þá sé ég ekki skráður á vakt með Jónu Sigurjónsdóttur á næturvakt í janúar 1976.

Ég kannast ekki við þessa lýsingu Jónu Sigurjónsdóttur og minnist þess ekki að hafa verið með henni á næturvakt. Það er útilokað að þessir atburðir hafi getað skeð þegar ég hef verið á vakt.

Eins kannast ég ekki við að Gunnar Guðmundsson hafi gefið fyrirmæli um að Sævari Ciesielski né öðrum föngum skyldi haldið vakandi.

Aðspurður þá tel ég mig geta fullyrt að Sævar Ciesielski hafi verið í hópi þeirra fanga sem sváfu á daginn en vöktu um nætur en það er mjög algengt að gæsluvarðhaldsfangar snúi sólahringnum við. Ég tel að Sævar hafi yfirleitt tekið á sig náðir um kl. 06:00 á morgnanna.

Framh.

Ég get alveg fullyrt um það að ef að ég hafi gengið næturvakt eða aðrar vaktir þá sé það skráð í dagbók fangelsisins eða vinnuskrá.

Ég er spurður um það hvort ég viti til þess að Jónu Sigurjónsdóttur hafi verið í nöp við einhverja fangaverði hér í Síðumúlafangelsinu.

Ég tel að samband okkar Jónu hafi værið gott en hinsvegar var henni eitthvað uppsigað við Gunnar Guðmundsson og Gunnar Marinósson. Ég tel þó að sá ágreiningur hafi líklega stafað af ólíkum skoðunum þeirra heldur en út af starfinu. Jóna varð hinsvegar mjög reið þegar hún var flutt til starfa í Hegningahúsið í Reykjavík.

Ég veit ekki til þess að neinn ágreiningur hafi værið á milli Jónu og Skúla Steinssonar meðan þau störfuðu saman hér í Síðumúlafangelsinu.

Ég er spurður um það hvort ég viti til þess að slökkvarinn að klefa 22 hafi verið gerður óvirkur þannig að ætíð hafi logað ljós í þeim klefa þegar Sævar Ciesielski var í honum. Ég veit ekki til þess að slökkvarinn hafi verið gerður óvirkur. Hinsvegar minnir mig að Sævar hafi ætíð haft logandi ljós hjá sér. Man ég ekki til þess að hann hafi beðið um að ljósið yrði slökkt.

Yfirheyrslu lokið kl. 15:30

Upplesið staðfest,

*Erlingur Guðmundsson*

*Pétur Oddsson*

*Pétur Guðgeirsson*

*Jón Oddsson*

*Gudmundur Guðjónsson*  
rannsóknarlöggreglumaður

Föstudaginn 5.10.1979, kl. 14:02 mætir til yfirheyrslu í Síðumúlafangelsinu Jón Baldvin Sveinsson, fangavörður, til heimilis að Sundlaugavegi 16, Rvík, s.37132 f. 12.2.1945, nafnn. 5192-1291.

Mætta er kunngert tilefni yfirheyrlunnar, sem er, að hann er yfirheyrður með hliðsjón af framburði Jónu Sigurjónsdóttur á skjali 24, bls. 5 og 6.

Mætti er yfirheyrður sem vitni í málinu - honum er kunn vitnaskyldan og áminntur um sannsögli.

Viðstaddir eru Pétur Guðgeirsson fulltrúi ríkissaksóknara, Jón Oddsson hrl, Þórir Oddsson skipaður rannsóknarlöggreglustjóri og Guðmundur Guðjónsson rannsóknarlöggreglumaður.

Ég er spurður að því hvort ég muni til þess að hafa verið á næturvakt í janúar 1976 ásamt Skúla Steinssyni og Jónu Sigurjónsdóttur.

Ég get ekki sagt til um það. Hinsvegar minnir mig að ég hafi einhverntíman verið á vakt með Jónu Sigurjónsdóttur en man ekki hvort heldur það var á dag- eða næturvakt.

Ég veit ekki hvort það hafi þá verið í janúar 1976, en við Jóna gengum gagnstæðar vaktir og hefur því annað hvort okkar verið á aukavakt.

Mér er bent á það að dagana 6 og 15 janúar 1976 gangi ég næturvaktir með Jónu Sigurjónsdóttur samkvæmt dagbók, þ.e. í fyrra tilvikinu einnig Guðjón Lúther og í því síðara Skúli Steinsson. Ég er spurður hvað ég vilji við því segja.

Framh  
J.B.S.

217

Námsdaginn 8.10.1979, kl. 18:10 - 21:10

Það hlýtur að vera, þar sem það er skráð í dagbókina, en hinsvegar man ég ekki eftir þessum vöktum.

Ég er spurður hvort eitthvað sé mér sérstaklega minnistætt þegar ég hef verið á vakt með Jónu Sigurjónsdóttur.

Ég man ekki til þess að svo hafi verið.

Mér er kynntur framburður Jónu Sigurjónsdóttur á skjali 24 bls. 5 og 6 og varðar Sævar Ciesielski. Ég er spurður hvort ég kannist við að þessi atburður hafi skeð á þeim vöktum sem ég var á með Jónu Sigurjónsdóttur.

Það kemur ekki til að þessir atburðir hafi skeð á þeim vöktum sem ég gekk.

Ég er spurður hvort ég viti til þess að þetta hafi skeð.

Ég veit ekki til þess, hvorki varðandi Sævar eða aðra fanga.

Ég er spurður hvort ég viti til þess að slökkvarinn að klefa 22 hafi verið gerður óvirkur, þá væntanlega þannig að sílogaði ljós í klefanum.

Ég man ekki til þess að neinn slökkvari hafi verið gerður óvirkur.

Ég man að slökkvarinn á þessum klefa var fyrir utan hann.

Ég er spurður hvort ég viti til þess að eitthvað ólag hafi verið á slökkvaranum að klefa 22.

Ég man ekki til þess.

Yfirheyrslu lokið kl. 14:34

Upplesið staðfest,

*Jón Baldvin Sveinsson*  
Jón Baldvin Sveinsson

*Páll Ódóðsson*  
Páll Ódóðsson

*Petur Guðgeirsson*  
Petur Guðgeirsson

*Jón Oddsson*  
Jón Oddsson

*Gudmundur Guðjónsson*  
Rannsóknarlöggreglumaður

218

Mánudaginn 8.10.1979, kl. 18:30 mætir  
 til yfirheyrslu á skrifstofu RLR Guðjón Lúther, rafvirki, til heimilis að  
 Holtsbúð 13, Garðabæ, s. 43391,  
 f. 28.4.1947, nafnn. 2924-0833.

Mætta er kunngert tilefni yfirheyrslunnar,  
 sem er, að hann er yfirheyrður með hliðsjón  
 af framburði Jónu Sigurjónsdóttur á skjali  
 24, bís. 5 og 6.


Mætti er yfirheyrður sem vitni í málínu -  
 honum er kunn vitnaskyldan og áminntur um  
 sannsögli.

Viðstaddir yfirheyrsluna eru Pétur Guðgeirsson  
 fulltrúi ríkissaksóknara, Jón Oddsson hrl  
 skipaður rannsóknarlöggreglustjóri og  
 Guðmundur Guðjónsson rannsóknarlöggreglumaður.

Eg er spurður að því hvort ég muni eftir af hafa  
 verið á næturvakt í janúar 1976 ásamt Skúla Steinssyni  
 og Jónu Sigurjónsdóttur.

Eg minnist þess ekki að hafa verið með Jónu Sigurjónsdóttur  
 á næturvakt.

Mér er bent á að samkv. dagbók Síðumúlafangelsisins  
 þá gangi ég næturvakt ásamt Jónu Sigurjónsdóttur  
 dagana 6 og 23 janúar 1976, en í fyrra tilvikinu einnig  
 ásamt Jóni Sveinssyni en í því síðar Skúla Steinssyni.



Framh.

219

Fríðriksdalur 9. 10. 1979.

Ég man ekki eftir þessum næturvöktum en ég hlýt að hafa staðið þessar vaktir þar sem það er skráð í dagbókina.

Mér er kynntur framburður Jónu Sigurjónsdóttur á skjali 24 bls. 5 og 6, varðandi Sævar Ciesielski. Ég er spurður hvort ég kannist/að þessir atburðir hafi skeð á þeim við vöktum er ég kann að hafa staðið.

Það er alveg ákveðið að þessir atburðir hafa aldrei skeð á þeim vöktum er ég gékk.

Ég er spurður að því hvort ég viti til þess að þetta hafi skeð.

Ekki svo ég viti til hvorki varðandi Sævar eða aðra fanga.

Yfirheyrslu lokið kl. 18:54

Upplesið staðfest,

Guðjón Lúther

Þórir Oddsson

Pétur Guðgeirsson

Jón Oddsson

Guðmundur Guðjónasson  
rannsóknarlöggreglumáour

220

Priðjudaginn 9.10.1979.

Með hliðsjón af framburði Jónu Sigurjónsdóttur á skjali 24, bls. 4, þar sem hún ber að kvenfangi hafi verið fluttur úr Síðumúlafangelsinu og í Hegningarhúsið þann sama dag og hún hóf þar störf, þá hef ég kannað hvaða dag umræddur kvenfangi var færður til.

Samkvæmt fangakorti viðkomandi fanga í Síðumúlafangelsinu þá var hann fluttur þaðan í Hegningarhúsið í Reykjavík þann 26.1.1976.

Guðmundur Guðjónsson  
ranndóknariðregluglumaður

# JÓN ODDSSON HÆSTARÉTTARLÖGMAÐUR

nr.	nr.
25	1

GARDASTRÆTI 2 - REYKJAVÍK - PÓSTHÓLF 561 - FASTEIGNADEILD SÍMI 13040 - LÓGFRÆÐIDEILD SÍMI 13153

221

Reykjavík, 4. janúar 1978.

Fangavörður fr.  
Guðrún Óskarsdóttir,  
Skúlagötu 70,  
105, Reykjavík.


Eins og yður mun eflaust kunnugt hafa farið fram skýrslu-  
gerðir varðandi kérur skjólstæðings míns hr. Sævars M.  
Ciesielski, nú gæzlufanga í Hegningarhúsinu í Reykjavík,  
varðandi veru hans í fangelsinu að Síðumúla í Reykjavík.

Mér hefir verið tjáð, að þér gætuð borið vitni í máli þessu,  
þar sem þér gegnduð störfum í viðkomandi fangelsi á umræddum  
tíma.

Fer ég því þess hér með vinsamlega á leit við yður, að þér  
sendið mér skriflega greinargerð um málið eða á annan hátt  
skýrið mér frá vitneskju yðar. Bið ég yður að senda mér við  
fyrstu hentugleika, svar varðandi mál þetta.

Samhljóða bréf hefir verið sent fr. Guðrúnu Jónu Sigurjóns-  
dóttur, fangaverði.

Með virðingu,

  
- Jón Oddsson, hrl. -

Reykjavík, 4. janúar 1978.


Fangavörður fr.  
Guðrún Jóna Sigurjónsdóttir,  
Alfhólsveg 92,  
Kópavogi, 200.

Eins og yður mun eflaust kunnugt hafa farið fram skýrslugerðir varðandi kærur skjölstæðings míns hr. Sævars M. Ciesielski, nú gæzlufanga í Hegningarhúsinu í Reykjavík, varðandi veru hans í fangelsinu að síðumúla í Reykjavík. Mér hefir verið tjáð, að þér gætuð borið vitni í máli þessu, þar sem þér gegnduð störfum í viðkomandi fangelsi á umræddum tíma.

Fer ég því þess hér með vinsamlega á leit við yður, að þér sendið mér skriflega greinargerð um málið eða á annan hátt skýrið mér frá vitneskju yðar. Bið ég yður að senda mér svar við fyrstu hentugleika, varðandi mál þetta.

Samhljóða bréf hefir verið sent fr. Guðrúnu Óskarsdóttur, fangaverði.

Með virðingu,

  
-Jón Oddsson, hrl. -

Kópavogi, 8. október 1979  
ÞO/bg

I þágu rannsóknar opinbers máls er þess beiðst, að rannsóknarlögreglu ríkisins verði láttinn í té uppdráttur af fangelsinu að Síðumúla 28, Reykjavík.


Póir Oddsson

Póir Oddsson skipaður rannsóknarlögrelustjóri  
ríkisins.

Borgarverkfæðingur  
Skúlatúni 2  
Reykjavík

Skl. 1 nr.	Bls. nr.
27	2

8921



Skjal nr.	Bls. nr.
28	1

225

Kópavogi, 3. september 1979


ÞO/þs

Með bréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins dags.

30. maí 1979 var ég undirritaður skipaður til þess skv. 8. gr. l. 103/1976 um rannsóknarlöggreglu ríkisins, skv. 3. gr. l. nr. 5/1978 að annast sem rannsóknarlöggreglustjóri meðferð máls vegna bréfs Jóns Oddssonar, hrl., dags. 6. marz s.l. til ríkissaksóknara um að gæzlufanganum Sævari Marinó Ciesielski f. 6. júlí 1955 verði gefinn kostur á að gefa frekari skýrslur varðandi sakarefni hæstaréttarmáls nr. 214/1978 svo og að leggja fram kærur og skýrslur vegna harðræðis, er hann telur sig hafa verið beittan í fangelsinu í Síðumúla í Reykjavík og af hendi rannsóknaraðila málsins.

Í þágu rannsóknar ofangreinds máls er þess hér með farið á leit við fangelsisstjórn Síðumúlafangelsis, að undirrituðum verði léðar dagbækur Síðumúlafangelsins nr. 4 og 5 auk afrita af spjöldum úr spjaldskrá fangelsins og varðar dvöl eftirfarandi gæzluvarðhaldsfanga:

- 1) Sævar Marinó Ciesielski f. 6.7. 1955
- 2) Kristján Viðar Viðarsson f. 21.4. 1955
- 3) Erla Bolladóttir f. 19.7. 1955.



Þórir Oddsson

skipaður rannsóknarlöggreglustjóri  
í þessu máli.

Til fangelsisstjórnar Síðumúlafangelsis.

226

Mánudaginn 8.10.1979, kl. 19:15 eru mættir  
 á skrifstofu RLR að Auðbrekku 61, Kópavogi,  
 Pétur Guðgeirsson fulltrúi ríkissaksóknara,  
 Jón Oddsson hrl, Þórir Oddsson skipaður  
 rannsóknarlöggreglustjóri og Guðmundur  
 Guðjónsson rannsóknarlöggreglumaður.

Jón Oddsson hrl er að því spurður hvort hann hafi  
 einhverjar athugasemdir fram að færa vegna rannsóknar  
 þessarar áður en málið verður sent ríkissakşóknara  
 til umfjöllunár, en það verði gert innan tíðar.

Jón Oddsson hrl tekur fram eftirfarandi:

Ég get fallist á ofangreinda afgreiðslu málsins og vil  
 jafnframt taka fram, að ég tel rannsóknaraðila málsins  
 hafa vandað mjög til allra vinnubragða svo til fyrirmynadar  
 er. Jafnframt vil ég geta þess, að ávallt hefur verið  
 leitað samráðs við mig og mér gefinn kostur á að vera  
 viðstaddir yfirheyrlur og viðræðufundi.


Hinsvegar tel ég, að rannsóknin hefði átt að ná til  
 fleiri párra málsins og er áskilinn fullur réttur  
 frekari  
 til/krafna í þá átt.

Áður en skjöl málsins verða send áfram, óska ég  
 sérstaklega eftir því, að aflað verði upplýsinga  
 um heilsufar skjölstæðings míns umrædd tímabil svo og  
 lyfjagjöf. Tel ég þetta mjög mikilvægt m.a. með  
 hliðsjón af upplýsingum frá séra Jóni Bjarmann.

J.O.

227


Staðfest rétt,




Jón Oddsson



Þórir Oddsson



Pétur Guðgeirsson



Guðmundur Guðjónsson  
Rannsóknarlöggreglumáður

Því með ófengilegum og óvinnandi tilgangum  
þekkari heyrður í miðjunni.

En 146. 11.

Ferðandi óvenfanganarins meðstöðvarum fanns meðal annars  
í Þórðru Þóru Sigurðssyni, sem skal tiltekin, um að  
hefði báðir gefið ekfesist í meginval við vinnuðum þeim  
náhverfagum þjósi eins meðal annarinnum. Þessi er, nánari tilgreining  
Kastlands Kjartansson, fengaverði, og vísamur  
þótti að hūn sé i mannaheimar og ófengilegum, ófengilegum, eftir  
mályrðunum með ófengilegum, en ófengilegum, og ófengilegum  
verði að fá ekfis þegar ófengilegum tilfær.

Hálfar III.

Því vísan til arðsins í Þórðru Þóru Sigurðssyni, sem  
dagur 22.6. 1978, gýkum með ófengilegum, eftir að  
þóttu gáður um mannaheiman í ófengilegum, ófengilegum  
skráðum og ófengilegum, lík tilfær í breifum, ófengilegum,

Skjal nr.	Els. nr.
30	1

228

Kópavogi, 10. október 1979  
ÞO/þs

RLR mál nr. 2875/79

Jafnframt því að vísa til bréfs yðar til míni dags.

28. ágúst s.l., þar sem þér setjið fram athugasemdir í VI liðum vegna afrits af bréfi hæstvirts ríkissaksóknara dags. 23. ágúst s.l., sem yður barst þ. 28. ágúst s.l., skal eftirfarandi tekið fram:

#### Um lið I.

Ráða má af bréfi yðar, að þér hafið ekki séð bréf séra Jóns Bjarman, dags. 30.5. 1978, og sendist yður það hér með í ljósriti.

Svo sem yður er kunnugt hefur séra Jón Bjarman gefið frekari skýrslur í málinu.

#### Um lið II.

Varðandi kvenfangaverðina Guðrúnu Óskarsdóttur og Guðrúnu Jónu Sigurjónsdóttur skal áréttuð, að þær hafa báðar gefið skýrslur í sambandi við rannsókn þessa. Hinsvegar þótti eigi ástæða til frekari skýrslutöku af Kjartani Kjartanssyni, fangaverði, og vísast til skjals 13 bls. 50 í rannsóknargögnum, sem nú eru til umfjöllunar hjá ríkissaksóknara, en ætla má, að yður verði send afrit þeirra innan tíðar.

#### Um lið III.

Með vísan til orðalags í lið III í bréfi ríkissaksóknara dags. 23.8. 1979, þykir eigi ástæða til að verða við kröfu yðar um rannsókn á þessu atriði. Styðst þessi ákvörðun og við orðalag IV liðar í bréfi ríkissaksóknara.

Skjal nr.	Bls. nr.
30	2

Um lið IV.

Þann 6. mars s.l. fóruð þér þess á leit við ríkissak-sóknara, að skjólstæðingi yðar yrði gefinn kostur á að gefa frekari skýrslur varðandi hæstaréttarmál nr. 214/78, svo og að leggja fram kærur og skýrslur vegna harðræðis, er hann telur sig hafa verið beittan í fangelsinu í Síðumúla og af hendi rannsóknaraðila málsins.

Þann 6. apríl s.l. var skjólstæðingi yðar við skýrslu-töku, sem fram fór í hegningaráhúsinu í Reykjavík, gefinn kostur á að leggja fram skriflega greinargerð um þau atriði, er hann teldi nauðsyn bera til að tekin yrðu til rannsóknar.

Formleg rannsókn hófst þann 5. september s.l. með skýrslutöku af séra Jóni Bjarman, en skjólstæðingur yðar gaf skýrslu þann 10. september s.l.

Lögð var á það áherzla, að rannsókn þeirri, sem nú hefur farið fram, yrði hraðað svo sem kostur væri og var það gert, m.a. vegna fyrirhugaðrar meðferðar máls nr. 214/78 fyrir Hæstarétti.

Skjólstæðingur yðar hefur því haft rökska 4 mánuði til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri við ríkissaksóknara og/eða undirritaðan og má ætla það nægan tíma.

Að því er varðar skýrslur, sem Ásgeir Friðjónsson, sakadómari hefur undir höndum, skal tekið fram, að Gísli Guðmundsson, aðstoðaryfirlöggregluþjónn, hefur skýrt frá því, að hann hafi á sínum tíma aflað þeirra og afhent þær Gunnlaugi Briem, sakadómara.

Um lið V.

Þau atriði, sem þér getið um í bréfi yðar og varða upp-haf rannsóknar á hvarfi Geirfinns Einarssonar þykja alfarið standa utan við rannsókn þessa.

Skjal nr.	Bls. nr.
30	3


230

Um lið VI.

Samkvæmt beiðni hefur Gísli H. Guðjónsson, sálfræðingur, látið rannsóknarlöggreglu ríkisins í té niðurstöður "lygamælinga" sem framkvæmd var með samþykki skjólstæðings yðar og að yður viðstöddum.

Sálfræðingurinn tekur fram í bréfi sínu merktu "trúnaðarmál," að gögn þessi megi ekki nota án samþykkis skjólstæðings yðar.

Gögn þessi verða ekki látin af hendi fyrr en slikt samþykki liggur fyrir.



Þórir Oddsson

skipaður rannsóknarlöggreglustjóri ríkisins.

Hr. Jón Oddsson, hrl.  
Garðastræti 2,  
Reykjavík.

EFNISYFIRLITBls.

- 1 Bréf ríkissaksóknara dags. 23.8. 1979 ásamt fskj. 4-29
- 2 Skipunarbréf dóms- og kirkjumálaráðuneytisins dags. 30-31  
30.5. 1979 ásamt ljósriti.
- 3 Bréf skip. rannsóknarlöggreglustjóra til ríkissak-  
sóknara dags. 9.8. 1979. 32-33
- 4 Bréf Jóns Oddssonar, hrl. til ríkissaksóknara dags. 34-35  
6.3. 1979 ásamt skýrslu RLR af ákærða Sævari  
Ciesielski dags. 6.4. 1979.
- 5 Bréf Jóns Oddssonar, hrl. dags. 7.5. 1979 til vara- 36-38  
rannsóknarlöggreglustjóra ásamt greiðargerð Sævars M.  
Ciesielski.
- 6 Skýrsla RLR dags. 19.9. 1979 og áfram 39-54
- 7 Bréf Sævars M. Ciesielski dags. 17.5. 1979 til 55-56  
Þóris Oddssonar.
- 8 Greinargerð Sævars M. Ciesielski, ódagsett. 57-60
- 9 Skýrsla RLR dags. 26.9. 1979 og áfram 61-71
- 10 Bréf Sævars M. Ciesielski ásamt greinargerð. 72-73
- 11 Skýrsla RLR dags. 29.9. 1979 og áfram svo og gögn 74-95  
frá borgarlækni um könnun og aðbúnaði í Siðumúla-  
fangelsi.
- 12 Bréf séra Jóns Bjarman til dómsmálaráðherra dags. 96-99  
30.5. 1978 og greinargerð Sævars M. Ciesielski  
dags. 22.4.. 1979.
- 13 Skýrsla RLR dags. 5.9. 1979 og áfram svo og ljósrit 100-149  
úr Dagblaðinu 27.7. 1979.
- 14 Uppdrættir af staðsetningu viðstaddir við samprófun 150-156  
í Siðumúlafangelsi 5.5. 1976.
- 15 Bréf Jóns Oddssonar hrl. til ríkissaksóknara dags. 157-160  
15.6. 1979 ásamt ljósriti af bréfi Hinriks Jóns  
Þórissonar.
- 16 Skýrsla RLR dags. 5.10. 1979. 161

EFNISYFIRLIT frh.Bls.

17	Bréf Jóns Bjarman til Jóns Oddssonar, hrl. ásamt ódagsettri greinargerð Sævars M. Ciesielski.	162-168
18	Skýrsla RLR dags. 19.9. 1979 og áfram.	169-172
19	Greinargerð Sævars M. Ciesielski, ódagsett.	173-174
20	Skýrsla RLR dags. 5.10. 1979.	175
21	Ódagsett greinargerð Sævars M. Ciesielski ásamt fskj.	176-184
22	Skýrsla RLR dags. 5.10. 1979.	185
23	Bréf Jóns Oddssonar hrl. til vararannsóknarlögreglustjóra dags. 28.8. 1979.	186-187
24	Skýrsla RLR dags. 21.9. 1979 og áfram	188-219
25	Bréf Jóns Oddssonar hrl. dags. 4.1. 1978.	221
26	Bréf Jóns Oddssonar hrl. dags. 4.1. 1978.	222
27	Bréf skip. rannsóknarlögreglustjóra til borgarverkfræðings dags. 8.10. 1979 ásamt grunnteikningu af Síðumúlafangelsi.	223-224
28	Bréf rannsóknarlögreglustjóra til fangelsisstjórnar Síðumúlafangelsis dags. 3.9. 1979.	225
29	Skýrsla dags. 8.10. 1979.	226-227
30	Bréf rannsóknarlögreglustjóra til Jóns Oddssonar hrl. dags. 10.10. 1979.	228-230